HVANNDALSBRÆÐUR
*Aldir á kind og hval*
• Matur • Tilboð
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



HALLBJÖRN HJARTARSON
*Slær ekki slöku við á Útvarpi Kántríbæ*
Útvarpar bæði í Kína og Belgíu
FÓLK 42








FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
29. júní 2007 — 174. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

## FÖSTUDAGUR

### Sumartónleikar í Skálholti



Það verður líf og fjör á sumartónleikum í Skálholti sem hefjast í dag.
MENNING 30

### Takmörk

„Vinna manna eykst skjótt við lægri skatta og öfugt," skrifar Hannes Hólmsteinn Gissurarson.
Í DAG 20

### Gladdi góðvin sinn



Björgvin Halldórsson afhenti Ladda glataða gullplötu.
FÓLK 36

### Loksins sigur hjá KR



KR vann sinn fyrsta sigur á tímabilinu er liðið vann Fram, 2-1, eftir að hafa lent marki undir.
ÍÞRÓTTIR 38

SIRKUS
ALEXANDER PETERSSON:
Lítur ekki á sig sem kyntákn.
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



## VEÐRIÐ Í DAG




**Þurrt að mestu:** Hæg breytileg átt um allt land, hlýjast á Vesturlandi og á Vestfjörðum. Þurrt að mestu en þó má búast við smá súldar- eða þokulofti við suður- og austurströndina
VEÐUR 4

# Vilja nýja flugstöð á Reykjavíkurflugvöll

**Iceland Express boðar samkeppni í innanlandsflugi og beint flug til Lundúna frá Reykjavík. Forsenda þess sé ný flugstöð við Reykjavíkurflugvöll. Ráðherra fagnar hugmyndum um samkeppni og það gerir forstjóri Flugstoða einnig.**

**SAMGÖNGUR** Flugfélagið Iceland Express hefur sótt um leyfi til að byggja nýja 6.500 fermetra flugstöð á núverandi flugvallarsvæði Reykjavíkur. Flugstöðin á bæði að þjóna innan- og utanlandsflugi.

Þannig stefnir Iceland Express (IE) á að hefja innanlandsflug í beinni samkeppni við Flugfélag Íslands, sem er nær allsráðandi á markaðnum.

Í umsókninni, sem send var borgarráði Reykjavíkur og Flugstoðum í vikunni, er lóð fyrir flugstöðvarbyggingu sögð forsenda slíkrar samkeppni. Samgönguráðherra, Kristján Möller, fékk afrit af umsókninni.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins yrði millilandaflugið einskorðað við Lundúnir, í fyrstu.

Svæðið sem IE hefur augastað á er við Hlíðarfót við Öskjuhlíð, syðst á flugvallarsvæðinu. Þar hefur Háskólinn í Reykjavík undirbúið um nokkurt skeið að reisa framtíðarhúsnæði sitt. Til vara sækir IE um lóð væntanlegrar samgöngumiðstöðvar.

Þorgeir Pálsson, forstjóri Flugstoða, rekstraraðila Reykjavíkurflugvallar, hafði ekki fundað með forsvarsmönnum IE í gær, en sagðist telja að ný samgöngumiðstöð ætti að nýtast IE, ekki síður en öðrum.

„Við erum auðvitað jákvæðir gagnvart flugsamgöngum innanlands og viljum gera allt til að styrkja þær og bæta. Við munum því taka þetta erindi af fullri alvöru og ræða við þá um þetta," segir hann. Þorgeir nefnir einnig að endurskoða mætti áætlun um samgöngumiðstöð svo hún rými alla sem hyggja á flug. „Það eru allir hlutir endurskoðaðir í ljósi eftirspurnar," segir Þorgeir.

Kristján Möller samgönguráðherra kveðst fagna öllum hugmyndum um samkeppni í innanlandsflugi. Hann hefur hins vegar ekki kynnt sér umsókn IE til hlítar og vill því lítt tjá sig.

Aðstoðarmaður borgarstjóra, Jón Kristinn Snæhólm, segir að umsóknin sé ekki komin formlega inn á borð borgarstjóra og því sé ótímabært að taka afstöðu til hennar. Ekki náðist í Matthías Imsland, forstjóra IE, í gær.

- kóþ / sjá síðu 12



NEISTINN OG PRJÓNAKONURNAR Á AUSTURVELLI „Prjónaðu til styrktar hjartveikum börnum" er slagorð stúlknanna í hönnunarhópnum Títu frá Hinu húsinu. Í veðurblíðunni í gær virkjuðu þær vegfarendur til að prjóna með sér og fyrirtæki til að heita á sig en markmið þeirra er að búa til þrjú þúsund búta í teppi í sumar. Ágóði áheitanna á svo að renna til Neistans, styrktarfélags hjartveikra barna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hafsteinn Snær Ævarsson á sextán forfeður og formæður á lífi:

# Ungur, vinsæll og ríkur Húnvetningur

**FÓLK** „Ég, mamma og amma byrjuðum allar mjög ungar að eiga börn og það útskýrir þennan mikla fjölda," segir Sunna Mary Valsdóttir, móðir Hafsteins Snæs Ævarssonar, rúmlega mánaðargamals snáða sem á mörg skyldmenni. Sunna Mary er á sautjánda ári en faðir Hafsteins, Ævar Marteinsson, er nýorðinn sautján ára.

Í móðurætt á Hafsteinn ömmu og afa, tvær langömmur, tvo langafa, þrjár langalangömmur og einn langalangafa. Í föðurætt á Hafsteinn ömmu og afa, eina langömmu, einn langafa og eina langalangömmu.

Það verður svo ekki annað sagt en drengurinn sé Húnvetningur því stór hluti skyldmennanna býr á Hvammstanga.

Sunna segir algengt að konur eignist snemma börn í fjölskyldunni. „Þetta er mikill fjöldi og menn monta sig af því að vera orðnir langafabræður, ömmusystur eða langömmusystur og þar fram eftir götunum," segir Íris Fjóla Bjarnadóttir, tæplega 36 ára amma.

- to / kdk /sjá síðu 12



DÓMUR FALLINN Arngrímur Ísberg héraðsdómari (til hægri) kvað í gær upp dóm í Baugsmálinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Dómur féll í Baugsmáli í gær:

# Ekki heimilt að refsa fyrir brot

**BAUGSMÁL Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs Group, var sýknaður af ákærum um ólögmætar lánveitingar frá Baugi til tengdra aðila í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, þegar dómur féll í Baugsmálinu.**

**Sannað þótti að lög hafi verið brotin í fjórum tilvikum en ekki heimild í lögum til að refsa einstaklingum fyrir brotin.**

**Tryggvi Jónsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs, var sakfelldur fyrir fjárdrátt**

**Jón Gerald Sullenberger, eigandi Nordica Inc., var sakfelldur fyrir að útbúa tilhæfulausan kreditreikning og dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi.** - bj / sjá síðu 6

Skipulögð glæpastarfsemi:

# Vísbendingar um að þýfi sé flutt úr landi

**GLÆPIR** Lögreglan og Tollgæslan hafa fengið vísbendingar um að þýfi sé skipulega flutt úr landi. Þetta staðfestu nokkrir heimildarmenn Fréttablaðsins, bæði innan lögreglunnar og hjá Tollgæslunni. „Hvert fer allt þetta þýfi? Ef það er selt hér á landi, þá er svartur markaður á Íslandi undarlega stór, í ljósi fámennisins," segir heimildarmaður Fréttablaðsins innan lögreglunnar.

Lagaheimildir lögreglunnar til þess að taka á skipulagðri glæpastarfsemi eru þrengri hér á landi en á hinum Norðurlöndunum.

- sjá síðu 16

FORELDRASÍMINN 581 1799
VÍMULAUS ÆSKA
FORELDRAHÚS
með Fréttablaðinu í dag







ÚTSALAN ER HAFIN
15-70% afsláttur
Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

## SPURNING DAGSINS



*Ólafur, voruð þið með Valkvíða?*

„Valur átti hauk í horni.“

Valur burstaði Íslandsmeistara FH 4-1 í úrvalsdeild karla í knattspyrnu. Ólafur Jóhannesson er þjálfari FH.

Sex lögreglumenn voru kallaðir til vegna óláta í FH-ingum á Laugardalsvelli:

# FH-mafíósar reiðir út í vallarstjóra

**LÖGREGLUMÁL** „Ég er búinn að tala við lögfræðing út af þessu máli,“ segir Ófeigur Friðriksson, stuðningsmaður FH. Sex lögreglumenn voru kallaðir í áhorfendastúkur Laugardalsvallar í fyrrakvöld þegar leikur FH og Vals fór fram. Ófeigi og öðrum manni var vísað burt en hann segist engar skýringar hafa fengið á því.

Hermann Valgarðsson, stjórnarmaður stuðningsmannafélags FH, svokallaðrar Mafíu, segir tildrög ólátanna hafa verið þau að vallarstjórinn hafi kvartað undan áfengisdrykkju stuðningsmanna FH. Hann hafi því næst gert tösku upptæka án þess að gefa skýringar á því.

Jóhannes Kristinsson, vallarstjóri Laugardalsvallar, vildi ekki tjá sig um málið.



**STUÐNINGSMENN FH** Margir hverjir eru ósáttir við framkomu vallarstjóra Laugardalsvallar.

Rúnar Árnason, eigandi töskunnar sem var gerð upptæk, segist undrandi á framgöngu vallarstjórans. Kveðst hann hafa boðið honum að leita í henni en því hafi ekki verið tekið. Taskan hafi einfaldlega verið tekin án útskýringa. Kalla hafi þurft eftir aðstoð lögreglu til að fá hana afhenta eftir leikinn. Hann segist íhuga að tala við lögfræðing vegna málsins.

Hermann segir málið undarlegt og virðist mörgum FH-mönnum sem vallarstjóri hafi verið að ögra hópnum. Viðbrögð sem þessi vegna bjórdrykkju skjóti einnig skökku við þar sem KSÍ bjóði sjálft upp á bjór í svokölluðu VIP-rými vallarins. Hvorki Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, né Þórir Björnsson, framkvæmdastjóri KSÍ, sögðust geta tjáð sig um málið. **- kdk**

Fíkniefnamál í Reykjavík:

## Tóku á rás þegar lögregla kom

**LÖGREGLUMÁL Tveir menn á þrítugsaldri voru handteknir í Laugardalnum aðfaranótt fimmtudags með talsvert magn fíkniefna.**

**Mennirnir voru á gangi en tóku á rás þegar lögregla reyndi að hafa afskipti af þeim. Þá kom í ljós að þeir höfðu á sér fíkniefni sem líkast til voru ætluð til sölu.**

**Þá var maður á fertugsaldri handtekinn í miðborginni sömu nótt. Sá var í annarlegu ástandi og bisaði við að spenna upp glugga á húsi þegar lögreglu bar að. Á honum fannst lítið magn fíkniefna. - þo**

Par handtekið á Spáni:

## Grunuð um aðild að hvarfinu

**SPÁNN, AP Lögreglan á Spáni handtók í gær ítalskan mann og portúgalska konu, sem talin eru tengjast máli Madeleine McCann, fjögurra ára breskrar stúlku, sem hvarf sporlaust í Portúgal fyrir tæpum tveimur mánuðum.**



**MADELEINE MCCANN**

**Ekki er vitað hvort þau handteknu hafi átt þátt í hvarfi stúlkunnar. Spænsk fréttastofa hélt því fram að maðurinn hafi reynt að kúga fé út úr foreldrum stúlkunnar í skiptum fyrir upplýsingar.**

**Fjöldi ábendinga hefur borist lögreglu undanfarna mánuði, en enginn hefur verið handtekinn fyrr en nú. - sgj**

Bæjarhátíðir um helgina:

## Lögreglan með viðbúnað

**FERÐIR** Lögreglan verður með aukinn viðbúnað á þeim stöðum þar sem bæjarhátíðir verða haldnar um helgina. Sérstakt eftirlit verður með ölvun og fíkniefnum. Búist er við mikilli umferð í umdæmi lögreglunnar á Höfn í Hornafirði, ekki einungis vegna Humarhátíðarinnar þar heldur einnig vegna Fjórðungsmóts hestamanna sem verður haldið á Egilsstöðum um helgina.

Hamingjudagar verða haldnir á Hólmavík og verður aukin löggæsla með umferð og gestum á svæðinu. Hátíðin hefur farið vel fram í þau skipti sem hún hefur verið haldin að sögn lögreglunnar á Hólmavík. **- pal**

# Hrottaleg misþyrming á hundi kærð

**Eigandi hunds hefur kært til lögreglunnar á Akureyri hrottalega meðferð, sem dró hundinn til dauða. Grunur leikur á að honum hafi verið sparkað fram og tilbaka í íþróttatösku. Hótunarabréf send á einn af meintum gerendum.**

**LÖGREGLUMÁL** Eigandi hunds sem týndist á Akureyri um hvítasunnuna hefur nú kært hrottalega misþyrmingu á hundinum til lögreglu. Að sögn eigandans urðu grimmdarlegar aðfarir hundinum að bana.

Hundurinn Lúkas, sem er hreinræktaður af tegundinni Chinese crested, strauk að heiman um hvítasunnuna.

„Hann var nýkominn úr geldingaraðgerð og því gat ég ekki haft hann með mér í vinnuna eins og ég er vön,“ segir eigandinn, Kristjana Margrét Svansdóttir. Meðan hún skaust frá, í um klukkustund, vaknaði Lúkas, enn hálfvankaður af svæfingunni, og gat kraflað sig upp að glugga þar sem hann komst út. Hópur fólks leitaði hans vikum saman, auk þess sem Kristjana hengdi upp auglýsingar um allan bæ þar sem háum fundarlaunum var heitið. Af og til spurðist til Lúkasar en hann var eldstyggur og alltaf þotinn í burtu þegar Kristjana kom á staðinn.

„Á bíladögum sem haldnir voru í bænum 15.-17. júní hafði ég svo spurnir af því að hópur stráka hefði fundið Lúkas. Ég vissi ekki hverjir þetta voru en varð mjög glöð, því ég hélt þeir myndu koma honum til mín, þar sem auglýsingarnar mínar voru svo víða.“

En á því varð bið. Hins vegar fór að berast orðrómur um afdrif Lúkasar, þess efnis að sést hafi til hóps pilta um og undir tvítugt með hann. Einn þeirra hafi sett hundinn í íþróttatösku og þeir síðan sparkað töskunni á milli sín þar til hundurinn var hættur að veina. Kristjana kveðst hafa fengið staðfest sannleiksgildi þessa. Í gær fór hún og kærði athæfið til lögreglunnar á Akureyri. Þá hafði hún safnað gögnum sem hún lagði fram.



**KERTAVAKA Á GEIRSNEFI** Lúkasar var minnst á þremur stöðum á landinu í gær. Á Geirsnefi komu fjölmargir saman og kveiktu á kerti til minningar um hundinn.



**LÚKAS** Þannig leit hann út, hundurinn sem týndist á Akureyri.

„Nú vil ég bara fá Lúkas til að geta jarðað hann,“ segir Kristjana. „Ég get ekki hugsað mér að hann liggi einhvers staðar í reiðileysi.“

Einn meintra þátttakenda í misþyrmingunum, sem býr í Reykjavík, er með opna bloggsíðu þar sem hótunum um aðför og líkamsmeiðingar og fúkyrðum af verstu tegund rigndi inn í gær.

„Ég er persónulega búinn að setja menn á þig… ég veit hvar þú ert og hvert þú ferð,“ mátti meðal annars lesa á síðunni. Og einnig: „Vona að þeir sem hafa hótað þér standi við hótanir sínar.“

Ekki náðist í umræddan pilt í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Faðir hans vildi ekki tjá sig um málið við Fréttablaðið. **jss@frettabladid.is**



**BALLIÐ BYRJAÐ** Þrátt fyrir sól og blíðu í gær voru nokkrar konur mættar á útsöluna í Hagkaupum.

Útsölur hófust víða í gær:

## Breytt umhverfi flýtir útsölum

**NEYTENDUR** Útsölur hófust í Kringlunni og Smáralind í gær. Rólegt var í Kringlunni fram eftir degi en þegar leið á daginn fór að fjölga í búðunum.

Sigurjón Örn Þórsson, framkvæmdastjóri Kringlunnar, segir ástæðu þess að útsölur hefjist í lok júní, en ekki í lok sumars eins og áður fyrr, vera breytt umhverfi verslunar. „Í útlöndum eru útsölutímabilin ekki ólík þessum hefðbundnu sumar- og vetrarútsölum á Íslandi en þar eru þær þó hugsanlega fleiri á ári en hérna heima.“ **- lbb**

Orkusala rædd í borgarráði:

## OR semji ekki um Helguvík

**REYKJAVÍK** Óráðlegt er að Orkuveita Reykjavíkur samþykki samning um raforkusölu til álvers í Helguvík á meðan ekki liggur fyrir hvort fyrirtækið er bundið af samningum vegna stækkunar álversins í Straumsvík, að mati borgarráðsfulltrúa Samfylkingar.

Tekist var á um málið í borgarráði í gær. Fulltrúar meirihlutans sögðu OR hafa fleiri virkjunarkosti en þurfi fyrir álver í Helguvík og stækkun í Straumsvík.

Fulltrúi Vinstri grænna sagði tillögu um samning um orkusölu óviðunandi, hann sé hluti af ríkjandi stóriðjustefnu sem VG hafi barist gegn. **- bj**


**BÍLL DAGSINS**

**SUBARU FORESTER LUXURY**

Nýskr. 10.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 110 þús. km.




**Ingvar Helgason** **NOTAÐIR BÍLAR**

Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00.


Búist er við svipaðri umferðarteppu um þessa helgi og þá síðustu:

# Ferðir út á land hafa stóraukist

**FERÐIR** Búast má við svipaðri umferð út á land um þessa helgi og um síðustu helgi. Þá skapaðist mikil umferðarteppa á leið inn og út úr Reykjavík. Einar Magnússon hjá Umferðarstofu segir svo lengi sem veðrið sé gott verði umferð jafn mikil og hún var um síðustu helgi. „Eftirvagnar hafa stóraukist og því meira um að menn leggi í ferðalög,“ segir Einar.

Til að umferð gangi hraðar fyrir sig er mælt með því að nota tannhjólaaðferðina. Hún gengur þannig fyrir sig að hleypt er einum bíl í einu að aðliggjandi götum eða vegum. Hún hafi ekki nýst sem skyldi um síðustu helgi á mótum Þingvallavegar og Vesturlandsvegar. „Með því að nota tannhjólaaðferðina þarna verður flæði umferðarinnar mun betra,“ segir Einar.



**MIKIL FERÐAHELGI FRAM UNDAN** Búist er við því að umferðin um helgina verði engu minni en hún var um síðustu helgi.

Borið hefur á því á tvíbreiðum vegum eins og á Suðurlandsvegi hjá Rauðavatni að bílar haldi sig hægra megin en síðan keyri nokkrir bílar vinstra megin og þröngvi sér svo inn á hægri helminginn. Þeir komast því framar í röðina en þeir hægra megin sitja eftir. Einar mælir með því að tannhjólaaðferðin sé líka notuð á svona stöðum. Báðar akreinarnar verði notaðar til jafns og bílarnir fái forgang á víxl þar sem vegurinn breytist í einbreiðan. **- pal**




Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

## GENGIÐ 28.06.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,35 | 62,65 |
| Sterlingspund | 124,8 | 125,4 |
| Evra | 83,87 | 84,33 |
| Dönsk króna | 11,267 | 11,333 |
| Norsk króna | 10,554 | 10,616 |
| Sænsk króna | 9,084 | 9,138 |
| Japanskt jen | 0,5065 | 0,5095 |
| SDR | 94,34 | 94,90 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

114,2711

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Um 40 manns missa vinnuna á Ísafirði í kjölfar þess að Miðfell hættir rekstri:

# Óskað eftir gjaldþrotaskiptum

**ATVINNA** Ákveðið var að óska eftir gjaldþrotaskiptum á hluthafafundi rækjuvinnslunnar Miðfells hf. á Ísafirði á þriðjudag. Sú ákvörðun var svo tilkynnt starfsfólki rækjuvinnslunnar á fundi í gær.

Að sögn Finnboga Sveinbjörnssonar, formanns verkalýðsfélags Vestfirðinga, munu um 40 manns missa vinnuna við gjaldþrotið. „Næstu skref verða tekin þegar kemur í ljós hvernig þessu verður öllu háttað. Skiptastjóri hefur öll völd í hendi sér. Það á eftir að koma í ljós hvort hann fær einhvern til að reka fyrirtækið áfram eða hvort því verði lokað og allt gert upp. Þegar það verður ljóst ráðleggjum við fólki að fara á svæðisvinnumiðlun Vestfjarða og skrá sig á atvinnuleysisskrá svo það fái sínar bætur,“ segir Finnbogi og bætir því við að starfsfólkið ætli að hittast næsta mánudag í húsi verkalýðsfélagsins á Ísafirði.

Finnbogi segir varla á ástandið á Vestfjörðum batnandi þessa dagana en vonar að betri tíð sé fram undan.




**MIÐFELL HF.** Um 40 starfsmenn Miðfells hf. missa vinnuna við gjaldþrotaskiptin. MYND/BB

„Það er farin að veiðast aftur rækja hérna og maður sér það fyrir sér að það gæti verið bjartara fram undan í þessum málum.“ - þeb

Tveir dansarar ákærðir:

# Ásgeir í dómsal fyrir einkadans

**DÓMSMÁL Aðalmeðferð í máli Ásgeirs Davíðssonar, eiganda nektardansstaðarins Goldfinger, og tveggja kvenna sem starfa hjá honum við nektardans hófst í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Konunum tveimur, Rattönu H. Knudsen og Svietlönu Kruk, er gefið að sök að hafa stundað einkadans fyrir viðskiptavini í lokuðu rými á Goldfinger gegn greiðslu. Ásgeir er eigandi staðarins og er sakaður um milligöngu.**

**Einkadans er ekki leyfilegur samkvæmt lögreglusamþykkt Kópavogsbæjar.** - sgj

Tollkvótar á kjöti og kjötvörum:

# Vildu flytja inn sex sinnum meira en mátti

**INNFLUTNINGUR Innflytjendur vildu flytja inn tæp tvö þúsund tonn af kjöti og unnum kjötvörum en heimildir voru til innflutnings á 316 tonnum.**

**Landbúnaðarráðuneytið hefur úthlutað kvótum vegna innflutnings á kjöti til næsta árs.**

**Í boði var að flytja inn 95 tonn af nautgripakjöti, 64 tonn af svínakjöti, 59 tonn af alifuglakjöti, tólf tonn af öðru kjöti og 86 tonn af unnum kjötvörum.**

**Þá vildu innflytjendur flytja inn 290 tonn af ostum en í boði voru 119 tonn. Jafnframt voru 53 tonn af smjöri til úthlutunar en aðeins var óskað eftir heimildum til innflutnings á tveimur tonnum.** - bþs

Lítið hefur rignt á Norðurlandi:

# Brennd tún í Kelduhverfi

**LANDBÚNAÐUR** Lítil úrkoma á Norðausturlandi veldur tjóni á túnum og lítilli sprettu í Kelduhverfi.

„Tún sem höfðu grænkað vel og sprottið ágætlega eru farin að brenna,“ segir Þórarinn Þórarinsson í Vogum í Kelduhverfi.

„Það er búinn að vera dumbungur í dag og í gær en það er ekki vatnið sem við þurfum í jarðveginn. Við þurfum almennilega rigningu,“ segir hann. Undirlag túna í Kelduhverfi er að mestu sandur og grunnt á hraun. Því heldur jarðvegurinn minna vatni en í sveitunum í kring þar sem þurrkur hefur valdið minna tjóni. - aví

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Útskrifuð af gjörgæslu

Ungmennin þrjú sem slösuðust alvarlega þegar bifreið skall á Hamborgarabúllu Tómasar hafa öll verið útskrifuð af gjörgæslu og eru á batavegi.



**FYRSTI FUNDUR NÝRRAR STJÓRNAR** Gordon Brown, í miðju, stýrir fyrsta fundi hinnar nýju ríkisstjórnar í embættisbústað sínum að Downingstræti 10 í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Brown yngir upp í bresku stjórninni

**Gordon Brown stokkaði rækilega upp í bresku ríkisstjórninni í gær. Meðal helstu breytinga er að hinn 41 árs gamli David Miliband verður utanríkisráðherra og Jacqui Smith verður fyrsta konan í embætti innanríkisráðherra.**

**LONDON, AP** Gordon Brown, nýr forsætisráðherra Bretlands, valdi ungt og upprennandi fólk í nokkur helstu ráðherraembætti ríkisstjórnar sinnar sem hann kynnti í gær. Hinn 41 árs gamli David Miliband tekur við embætti utanríkisráðherra, en hann er rísandi stjarna í Verkamannaflokknum og hefur á liðnum misserum haft uppi efasemdir um utanríkisstefnu Tonys Blair.

Miliband, sem flytur úr ráðuneyti umhverfismála, sagðist styðja utanríkisstefnu sem væri „þolinmóð en jafnframt árangursmiðuð“.

En það eru líka nokkrar gamalreyndar kempur í nýju stjórninni. Þannig skipaði Brown Alistair Darling eftirmann sinn í fjármálaráðuneytinu, en Darling var iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Hann er einnig Skoti eins og Brown. Þá verður Jack Straw dómsmálaráðherra.

Brown heimilaði aðstandendum hermanna sem fallið hafa í Írak og Afganistan að vera meðal áheyrenda í Downingstræti 10 þegar hann flutti fyrstu ræðu sína eftir að hann tók við völdum á miðvikudaginn. Hann hyggst ennfremur aflétta ströngum hömlum sem settar voru við mótmælaaðgerðum við þinghúsið í Lundúnum.

John Denham, sem sagði sig úr stjórn Blairs í mótmælaskyni við Íraksstríðið, snýr nú aftur sem ráðherra nýsköpunar- og háskólamála. Annar þekktur gagnrýnandi Íraksstríðsins, Mark Malloch-Brown, fyrrverandi aðstoðarframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna og harður andstæðingur utanríkisstefnu Bandaríkjastjórnar, verður einnig í stjórninni, að vísu í einu hinna veigaminni ráðherraembætta - Afríku-, Asíu- og SÞ-mála - en með skipun slíkra manna í stjórnina er Brown að gefa ótvíræð skilaboð um áherslubreytingu frá valdatíð Blairs.

Brown skipaði hina 44 ára gömlu Jacqui Smith í hið áhrifamikla embætti innanríkisráðherra og er hún fyrsta konan í breskri stjórnmálasögu sem gegnir því.

Brown hefur líka boðið fulltrúum úr stjórnarandstöðuflokkunum stöður í stjórnarliðinu. Þannig verður Shaun Woodward, þingmaður Íhaldsflokksins sem var reyndar á sínum tíma kjörin á þing fyrir Verkamannaflokkinn en skipti um flokk árið 1999, ráðherra Norður-Írlandsmála. Í breskum fjölmiðlum hefur einnig verið fullyrt að Chris Patten, þingmaður Íhaldsflokksins sem var síðasti héraðsstjóri Breta í Hong Kong, og Shirley Williams, sem situr í lávarðadeildinni fyrir frjálslynda demókrata, yrðu boðnar stjórnarstöður.

Alls eru ellefu manns sem sátu í stjórn Blairs - að Blair sjálfum og John Prescott varaforsætisráðherra meðtöldum - ekki í stjórn Browns.

audunn@frettabladid.is

Laxveiðin tekin að glæðast:

# Smálaxinn er kominn á stjá

**LAXVEIÐI** Síðustu daga hefur orðið vart við smá líf í laxveiðiánum eftir dræma veiði það sem af er veiðitímabilsins. Í Straumum, ármótum Hvítár og Norðurár, veiddust ellefu laxar á einum degi. Vonast er til að smálaxinn sé kominn á stjá.

Júní hefur verið þurr og því er lítið vatn í ánum. Við Laxá í Kjós er vatnsleysi orðið mikið vandamál. Afli veiðimanna á tíu stangir þar hefur verið á bilinu frá engum til tvo laxa á dag. Síðustu tvo daga hefur þó sést meira af hefðbundnum sjóbirtingagöngum þar og vonir standa til að veiðar taki að glæðast. - pal



**LÖGREGLUSKYRTA** Maðurinn stal skyrtunni af félaga sínum, sem var þá starfandi lögreglumaður. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

Stal einkennisbúningi vinarins:

# Skemmti sér í lögregluskyrtu

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært 23 ára gamlan mann fyrir brot gegn valdstjórninni með því að fara út að skemmta sér í miðbæ Akureyrar í apríl íklæddur einkennisskyrtu lögreglu. Hann er einnig ákærður fyrir ranga skýrslugjöf, en hann skýrði lögreglu rangt frá nafni sínu og kennitölu þegar hún hafði afskipti af honum vegna málsins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafði maðurinn tekið skyrtuna ófrjálsri hendi úr vistarverum félaga síns, sem þá var starfandi lögreglumaður.

Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Norðurlands eystra í gær. - sh






## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**Þurrt að mestu:** Í dag er hæg breytileg átt um allt land. Það má gera ráð fyrir einhverju súldar- eða þokulofti úti fyrir suður- og austurströndinni, en úrkoman sem því fylgir nær að öllum líkindum mjög stutt inn á land. Hitanum er frekar misskipt, en hlýjast verður á Vesturlandi og á Vestfjörðum en svalast austanlands.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Hæg norðaustlæg átt, hiti 10-15 stig og bjart að mestu.




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18°C skúrir | London | 17°C léttskýjað | Eindhoven | 16°C rigning |
| Billund | 17°C skúrir | París | 18°C skúrir | Basel | 19°C skýjað |
| Osló | 18°C skúrir | Frankfurt | 17°C skúrir | Alicante | 26°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 18°C skýjað | Friedrichshafen | 18°C skýjað | Róm | 26°C léttskýjað |
| Gautaborg | 19°C skúrir | Berlín | 19°C skúrir | Las Palmas | 22°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Gott á grillið

Kjöt&fisktorgið










TEXAS PETE® SAUCES



**TexasPete sósur**
Frábærar á kjúklinginn, svínarifin eða sem gljái á steikurnar. Þessar sósur verður þú að prófa.

Spennandi nýjungar
*í Hagkaupum*




**Blár Höfðingi og Camembert**
– tveir góðir




**Pagen kanilsnúðar**
– tilvaldir í ferðalagið




**New York Style**
– bagel chips

Gildir til 1. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

## KJÖRKASSINN



*Er raunhæft að tala um þorskveiðistopp í tvö ár?*

| | |
|---|---|
| Já | 30% |
| Nei | 70% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú í útilegu um helgina?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Herdís Storgaard forstöðumaður Forvarnahúss segir öryggi á sundstöðum ábótavant úti á landi:

# Fólk beri ábyrgð á börnum sínum í sundlaugum

**FORVARNIR** „Á öllum þeim stöðum þar sem ég þekki til eru öryggismálin í góðu lagi,“ segir Ólafur Valgeirsson, sundlaugarvörður í sundlauginni í Selárdal við Vopnafjörð.

Herdís Storgaard, forstöðumaður Sjóvár Forvarnahúss, vill að gerð verði öryggisúttekt á sundstöðum á Íslandi og hefur áhyggjur af því að reglum um öryggi á sundstöðum sé ekki fylgt eftir í litlum laugum á landsbyggðinni. Það sé til að mynda algengt að einn og sami aðilinn sjái um að selja ofan í laugina og þrífa klefa samhliða því að fylgjast með lauginni.

Sundlaugin í Selárdal er vinsæl en þar er aðeins gæsla í tvo mánuði á ári. Þess utan er laugin opin almenningi sem fer þá í hana á eigin ábyrgð.

„Reglurnar eru í fullu gildi hér eins og annars staðar en kröfurnar eru svolítið öðruvísi þegar laugin er svona lítil. Hér er skilti þar sem gestum er gerð grein fyrir því að þeir séu á eigin ábyrgð svipað og gerist í náttúrulaugum þar sem engin gæsla er,“ segir Ólafur og bendir á að nærdrukknanir í sundlaugum verði oftast í stórum laugum þar sem eftirlit er mikið.

Ólafur segir algengt að foreldrar líti á sundlaugaverði sem barnapíur og tekur undir með Herdísi sem vill að barnaverndaryfirvöld séu látin vita verði slys í sundlaugum rakin til gáleysis foreldra.

„Börn eru fyrst og fremst á ábyrgð foreldra sinna og það er vítavert gáleysi að fylgjast ekki með barninu sínu í sundlauginni,“ segir Ólafur.

Það sem af er þessu ári hafa óvenju mörg börn verið hætt komin í sundi. **- þo**



**EFTIRLIT ER MIKILVÆGT** Herdís og Ólafur eru sammála um að það eigi að láta barnaverndaryfirvöld vita megi rekja sundlaugaslys til gáleysis foreldra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Jón Ásgeir sýknaður en aðrir sakfelldir

**Jón Ásgeir Jóhannesson var í gær sýknaður af ákæru um ólöglegar lánveitingar. Lög voru brotin en ekki hægt að refsa einstaklingum. Tryggvi Jónsson var dæmdur fyrir fjárdrátt og Jón Gerald Sullenberger fyrir að útbúa rangan reikning.**

**BAUGSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði í gær Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformann Baugs Group, af ákæru um ólögmætar lánveitingar. Tryggvi Jónsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs, var dæmdur í samtals tólf mánaða skilorðsbundið fangelsi og Jón Gerald Sullenberger í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi.

Um var að ræða þann hluta málsins sem varð til þegar settur ríkissaksóknari gaf út endurákæru í 19 liðum 31. mars 2006. Héraðsdómur vísaði áður frá níu ákæruliðum, auk hluta tveggja ákæruliða til viðbótar, og dæmdi Jón Ásgeir í þriggja mánaða fangelsi og Tryggva í níu mánaða fangelsi. Hæstiréttur lagði fyrir dóminn að fjalla efnislega um þá liði sem vísað var frá, og féll dómur í þeim hluta í gær.

Jón Ásgeir var sýknaður í níu ákæruliðum þar sem hann var ákærður fyrir að láta Baug veita ólögmætar lánveitingar til tengdra aðila. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að lög um hlutafélög hafi ekki verið brotin í fimm tilvikum. Í fjórum tilvikum hafi lögin hins vegar verið brotin, en þar sem heimild í lögum til að refsa einstaklingum fyrir slík brot sé óskýr verði Jón Ásgeir sýknaður af þeim ákærum. Þetta er í samræmi við fyrri frávísunardóm héraðsdóms.

Tryggvi Jónsson var í gær sakfelldur fyrir fjárdráttarbrot. Hann var ákærður fyrir að draga sér rúmlega 1,3 milljónir króna, en var dæmdur fyrir að draga sér tæpar 548 þúsund krónur. Dómurinn féllst á að Baugur ætti að greiða símakostnað, kostnað á veitingastöðum, kaup á geisladiskum og ýmis önnur útgjöld, en Tryggvi hafi dregið sér fé með því að láta Baug greiða dráttarsláttuvél, golfsett, aðgöngumiða í Disney World og fleira.

Tryggvi hafði áður verið dæmdur í níu mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir bókhaldsbrot, og var nú þremur mánuðum bætt við þann dóm, og hann því samtals dæmdur í tólf mánaða fangelsi í málinu. Að auki var honum í gær gert að greiða þriðjung málskostnaðar vegna þessa þáttar, um 133 þúsund krónur.

Jón Gerald Sullenberger var ákærður fyrir að aðstoða Jón Ásgeir og Tryggva við að rangfæra bókhald Baugs með því að gefa út tilhæfulausan kreditreikning. Jón Ásgeir og Tryggvi höfðu áður báðir verið sakfelldir fyrir þann þátt málsins. Jón Gerald var í gær dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að útbúa reikninginn, sem er jafn þungur dómur og Jón Ásgeir fékk fyrir að nota reikninginn við að rangfæra bókhaldið. Jón Gerald var að auki dæmdur til að greiða allan sakarkostnað í málinu, samtals 8,1 milljón króna. **brjann@frettabladid.is**



**Í DÓMSAL** Létt var yfir verjendum sakborninga, Gesti Jónssyni (til vinstri), Brynjari Níelssyni og Jakobi R. Möller, áður en dómur var kveðinn upp í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## LAGAGREINARNAR ERU Í LAUSU LOFTI



Ákæruvaldið mun bíða með ákvörðun um áfrýjun þar til sakborningar taka ákvörðun um hvort þeir áfrýi, sagði Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari, í gær.

Spurður um sýknudóm vegna ákæru um ólögmætar lánveitingar sagði Sigurður: „Það er mjög nærri því að það sé nánast skylda ákæruvaldsins að láta Hæstarétt eiga síðasta orðið í því, enda lagagreinarnar í lausu lofti eftir þennan dóm. Það er frekar líklegt að ákæruvaldið muni láta reyna á þetta.“

Sigurður segir ekki koma á óvart að Jón Gerald Sullenberger hafi verið sakfelldur, en það komi á óvart að hann hljóti jafn þungan dóm og Jón Ásgeir Jóhannesson.

Saksóknari áfrýjaði í gær þeim hluta dóms héraðsdóms frá 3. maí sem ekki var vísað frá. Áður höfðu sakborningar áfrýjað dóminum.

Sigurður sagði í gær að hann myndi óska eftir því að Hæstiréttur fjallaði um þessa áfrýjun, sem og fyrirsjáanlega áfrýjun í þeim hluta sem dómur féll í gær, í einu lagi, og málið verði sameinað á ný. **- bj**

BAUGS MÁLIÐ

## VERÐUR ÁFRÝJAÐ



„Ég tel vera svo mikil rök fyrir því að sýkna í málinu að þessu verður áfrýjað, það hefur verið tekin ákvörðun um það,“ sagði Brynjar Níelsson, verjandi Jóns Geralds Sullenbergers, eftir að dómur féll í gær.

Hann sagði dóminn ekki koma alveg á óvart eftir dóm Hæstaréttar í frávísunarmálinu, enda liggi fyrir að Jón Gerald hafi útbúið reikninginn, þótt hann segist ekki hafa vitað til hvers átti að nota hann. **- bj**

## FAGNAR SÝKNU



„Vissulega átti ég von á að það yrði sýknað, og fagna því,“ sagði Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, eftir að dómur féll.

Hann benti á að þetta sé í þriðja skiptið sem Jón Ásgeir hafi þurft að svara til saka fyrir sömu atvik. „Það er umhugsunarefni að nokkur maður skuli þurfa að standa frammi fyrir því að þurfa aftur, og aftur og aftur að mæta við uppkvaðningu dóms út af sömu sakargiftum.“ **- bj**

## ÁFRÝJUN LÍKLEG



„Mér þykir ólíklegt að Tryggvi Jónsson telji sig geta unað við þennan dóm, og það staðfesti hann í samtali við mig, en engin ákvörðun hefur verið tekin um áfrýjun,“ sagði Jakob R. Möller, verjandi Tryggva, í gær.

Hann segir hátt hafa verið reitt til höggs í málinu, og Jón Ásgeir meðal annars ákærður fyrir að draga sér um 360 milljónir. Niðurstaðan, að Tryggvi sé dæmdur fyrir að draga sér 548 þúsund, sé afar snautleg. **- bj**


Stækkaðu við þig!

Fortjöld fyrir hjólhýsi og fellihýsi

Pyramid



PDQ fortjöldin pakkast í poka í rennu utaná vagninum. Mjög fljótlegt að tjalda.

Verð frá: 49.900 kr.

Fortjöld fyrir hjólhýsi

Pyramid



Verð frá: 109.900 kr.

ENNEMM/SÍA/NM27778

Útilegumaðurinn er ný sérverslun með allt sem þú þarft til ferðalagsins, fellihýsi, hjólhýsi, tjaldvagna, útifatnað, fylgihluti og margt fleira. Kíktu við og skoðaðu úrvalið

Fosshals 5-7 | Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is

Opið laugardag 10-17 og sunnudag 12-16

Útilegumaðurinn®

ÓMISSANDI

Á SS PYLSUNA




LÉTT BYLGJAN 967

ÚTIVISTARVERSLUN 66°NORÐUR Í FAXAFENI

# Útilega framundan?

## Komdu og líttu á úrvalið

66°NORÐUR



### EXPED Down Mat

Nauðsynleg fyrir ferðalög á Íslandi. Margverðlaunaðar dýnur með silikonhúðuðum dún sem gerir hann vatnsheldan og veitir þrisvar sinnum meiri einangrun en hefðbundin dýna. Tekur lítið pláss í bakpokanum.

**13.900 kr.**



EXPED

### EXPED – Orion Extreme Green

Valið besta tjaldið af hinu virta tímariti Forbruker Rapporten í Noregi.

**69.000 kr.**

EXPED

### EXPED Bivy Bag

Einstaklega léttur hlífðarpoki sem ver gegn veðri og vindum án þess að verða rakur að innan.

**18.500 kr.**

EXPED



### EXPED Fold Dry Bag

Snilldarlausn fyrir blauta íslenska veðráttu. Heldur öllu þurru sem í pokann fer!
Margar stærðir og margir litir.

Verð frá **1.900 kr.**

EXPED





### EXPED Crush Dry Bag

Verndar viðkvæma hluti, t.d. síma og myndavélar, gegn höggi og bleytu. Góð lausn í ferðalagið.

Verð frá **1.200 kr.**

EXPED

Gæsadúnsokkar, halda köldum tám hlýjum og kósý. Tilvalið í tjaldið, bústaðinn eða heima. Svefnpoki fyrir fæturna, léttir og þægilegir.

**6.900 kr.**

EXPED



### EXPED Duffle Bag Pro

120 lítra harðgerður og endingargóður poki. Hleypir hvorki inn vatni né ryki.

**9.500 kr.**

EXPED



LIGHT MY FIRE

Snjöll sænsk hönnun sem gerir útivistina þægilegri. Margir litir.

Outdoor Meal Kit.

**2.900 kr.**

Gafall, hnífur og skeið, allt í einu.

**290 kr.**





LA SPORTIVA

Hágæða ítalskir gönguskór.

VAUDE
AUTHENTIC OUTDOOR GEAR

Vandaðir dún- og fibresvefnpokar sem halda þér heitum við íslenskar aðstæður.

Verð frá **10.200 kr.**

Í verslun 66°Norður í Faxafeni finnur þú mikið úrval af heimsþekktum hágæðavörum fyrir útivist, t.d. Vaude, Exped, LaSportiva og Keen.

REYKJAVÍK:
Kringlan
Bankastræti 5
Faxafen 12

KÓPAVOGUR:
Smáralind

GARÐABÆR:
Miðhraun 11

AKUREYRI:
Glerárgata 32

**www.66north.is**

66°Norður/júní07

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvaða svæðisstöð ætlar Ríkisútvarpið að hætta með um mánaðamótin?*
2. *Hvaða þekkti sparkskýrandi var viðstaddur kynningu á Sýn 2 á dögunum?*
3. *Hver mun mögulega gera brúður fyrir sjónvarpsþætti eftir barnabókunum um Einar Áskel?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Ragnar Hall hæstaréttarlögmaður gagnrýnir saksóknara efnahagsbrota harðlega:

# Efast um að fénu hafi verið vel varið

**STJÓRNSÝSLA** Fjárframlög til embættis ríkislögreglustjóra jukust um 173 prósent árin 2000 til 2006, að því er fram kemur í grein eftir hæstaréttarlögmanninn Ragnar H. Hall, sem birtist í Morgunblaðinu í gær undir yfirskriftinni „Saksóknarinn í eyðimörkinni“. Á sama tíma hefur neysluvísitala einungis hækkað um þrjátíu prósent.

Ragnar segist í greininni draga það stórlega í efa að önnur ríkisstofnun hafi fengið viðlíka aukningu í fjárframlögum og efast jafnframt um að fjármununum sé vel varið.



HELGI MAGNÚS GUNNARSSON



RAGNAR H. HALL

Tilefni skrifa Ragnars eru ummæli Helga Magnúsar Gunnarssonar, saksóknara efnahagsbrota, í fjölmiðlum upp á síðkastið, þar sem hann hefur gagnrýnt þröngan kost embættis hans sem geri honum erfitt um vik að sinna málum með viðunandi hætti. Það hefur haft það í för með sér að rannsókn mála hefur tafist óeðlilega mikið. Minni mál þurfa oft að bíða fyrir stærri málum eins og olíuverðsamráð og málverkafölsunarmál til dæmis.

„Umfjöllun saksóknarans er með hreinum ólíkindum,“ segir Ragnar. „Hvað þarf mikið fé í þetta apparat til að það geti þjónað hlutverki sínu?“ Hann spyr hvort allir séu sammála um að fjármagninu hafi verið vel varið.

„Ég hef efasemdir um það, miðað við þá útreið sem þetta embætti hefur fengið í nánast öllum þeim málum sem kallast geta alvöru efnahagsbrot.“ **- sh**

Forði Landsvirkjunar í fínu lagi:

# Áhrif þurrka á vatnsforða lítil

**NÁTTÚRA Vatnsforðinn í miðlunarlónum Landsvirkjunar er vel yfir meðallagi þrátt fyrir þurrkatíð á Suðurlandi undanfarnar vikur. Ástæðan er gott veðurfar og hlýindi undanfarna vetur.**

**Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir forðabúrið hafa verið um sjötíu prósent fullt í síðustu viku, en að meðaltali sé það um sextíu prósent á þessum tíma. „Smávegis þurrkatíð hefur voðalega lítið að segja, við sjáum ekki annað en að staðan sé mjög góð hjá okkur núna,“ segir hann. „Það má reikna með því að okkur takist að fylla lónin yfir sumartímann.“ - sþs**


# Stökktu til Costa del Sol

**4. júlí í 2 vikur**

**frá kr. 39.990**

**Allra síðustu sætin**

Verð kr. **39.990**
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í 2 vikur.

Verð kr. **49.990**
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi/stúdíó/íbúð í 2 vikur.

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Costa del Sol þann 4. júlí í tvær vikur. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu tækifærið og tryggðu þér sumarfrí á frábærum kjörum á vinsælasta sumarleyfisstað Íslendinga.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is


Framtíðarsýn Kínaforseta:

# Einsflokksstjórn tryggð áfram

**KÍNA, AP** Kína þarf að taka á spillingu og útdeila auði á sanngjarnari hátt en pólitískar umbætur munu fara stigvaxandi en aðeins undir stjórn einsflokks-veldis Kommúnistaflokksins. Þetta er meðal þess sem kom fram í ræðu forseta Kína, Hu Jintao, um framtíðarsýn sína fyrir forystu kínverska Kommúnistaflokksins.



HU JINTAO

Hu sagði að flokkurinn þyrfti að ná markmiðinu um að koma á „í grundvallaratriðum vel settu þjóðfélagi“ fyrir árið 2020 sem hefur verið eitt meginstefið í fimm ára valdatíð hans.

Hu kom aðeins lítillega inn á aukið pólitískt frjálsræði þegar hann hvatti til aukinnar þátttöku fólks um leið og einsflokksstjórn yrði tryggð. **- sdg**

**FJARSKIPTI**

### Stuttbylgjuútsendingum hætt

Útsendingum Útvarpsins á stuttbylgju verður hætt um næstu mánaðamót. Í tilkynningu frá RÚV segir að mikilvægi þessara útsendinga hafi hraðminnkað á síðustu árum, meðal annars með tilkomu netútsendinga.



**HLÍÐARENDI OG NÁGRENNI** Á miðri mynd sést ný fagurrauð stúka Vals á nýja íþróttasvæðinu. Umhverfis það, á fyrrum erfðafestulandi Vals, munu Valsmenn hf. reisa íbúða- og skrifstofubyggingar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Borgin greiðir tíu milljónir á mánuði í sekt

**Reykjavíkurborg þarf að greiða Valsmönnum hf. tíu milljónir á mánuði frá og með 1. júlí vegna tafa á gildistöku deiliskipulags á Hlíðarendasvæðinu.**

**SKIPULAGSMÁL** Frá og með 1. júlí þarf Reykjavíkurborg að greiða fjárfestingarfélaginu Valsmönnum hf. tíu milljónir á mánuði vegna tafa á gildistöku nýs deiliskipulags fyrir Hlíðarendasvæðið svokallaða.

Árið 2002 gerði íþróttafélagið Valur samning við borgina um að borgin fengi afhent tæplega níu hektara erfðafestuland Vals að Hlíðarenda, íþróttasvæðið yrði minnkað í tæpa fjóra hektara og að umframlandið yrði selt sem byggingarland. Borgin myndi síðan nýta þá fjármuni sem fengjust fyrir svæðið upp í kostnað við ný íþróttamannvirki Vals, sem voru formlega kynnt í fyrradag.

Það voru síðan Valsmenn hf. sem keyptu svæðið. Í kaupsamningi þeirra við borgina er kveðið á um að verði deiluskipulag byggingarsvæðisins ekki tilbúið 1. júlí í ár, eigi Valsmenn heimtingu á tíu milljóna króna sektargreiðslum á mánuði frá borginni, þar til unnt verður að hefja þar framkvæmdir.

Brynjar Harðarson, stjórnarformaður Valsmanna, segir að ef allt gangi að óskum verði deiliskipulag og lóðaskipulag tilbúið í byrjun október. Hann segist hins vegar ekki fagna sektargreiðslunum. „Valsmenn hafa þegar greitt 600 milljónir af 1,6 til 1,7 milljörðum fyrir landið, þannig að þessar 10 milljónir á mánuði eru enginn gróði, heldur bara til að mæta vaxtakostnaði.“

Brynjar segir tafirnar hafa verið fyrirséðar og ástæður þeirra eðlilegar. Hann segir þá ákvörðun að Háskólinn í Reykjavík skyldi færast í suðurhlíðar Öskjuhlíðar hafa breytt miklu. Í kjölfarið hafi þurft að ráðast í breytingar á gatnaskipulagi og staðsetningu gangamunna Öskjuhlíðarganga á aðalskipulagi.

Brynjar segir alla fara vel út úr málinu, Reykjavíkurborg einna helst. „Þegar samningurinn var gerður trúðu menn að þeir gætu kannski fengið 150 milljónir fyrir þetta land, en niðurstaðan varð einn og hálfur til tveir milljarðar. Reykjavíkurborg mun því að endingu ekki þurfa að greiða neitt fyrir íþróttamannvirkin. Ofan á það mun borgin fá byggingargjald og fasteignagjald af öllu saman. Þá eru þessar sektir bara smáaurar í samanburði.“

Ekki náðist í Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, formann skipulagsráðs Reykjavíkur, eða Birgi Hlyn Sigurðsson, sviðsstjóra skipulags- og byggingarsviðs, vegna málsins.

**stigur@frettabladid.is**





# Baader-maður óskast

Á frystitogarann Hrafn Sveinbjarnarson GK-255.
Upplýsingar í síma 852 3727 eða 892 2502.

ÞORBJÖRN
Hafnargötu 12 · 240 Grindavík


ÖRUGG FJÁRFESTING – TRYGGÐUR HÖFUÐSTÓLL
Sölutímabil
29. júní -11. júlí
HÖFUÐSTÓLSTRYGGÐIR
REIKNINGAR
Sala er hafin á tveimur nýjum reikningum, ÁLin 0708, höfuðstólstryggðum reikningi og DOLLARin 0708, höfuðstólstryggðum reikningi.
Með því að leggja inn á reikningana sem eru opnir frá 29. júní –11. júlí getur þú tekið þátt í að fjárfesta í álmarkaðnum og í dollurum, án fyrirhafnar og með takmarkaðri áhættu. Þú tapar aldrei höfuðstólnum sem þú leggur inn.
ÁLin 0708
• Lágmarksupphæð er 500.000 kr.
• Innlánið er bundið í eitt ár
• Höfuðstóll er tryggður í ISK
• Ávöxtun tekur mið af hækkun á verði á áli í USD og greiðist út umreiknuð í ISK á lokadegi*
• Ávöxtun ótakmörkuð
• Þátttaka er 100%
• Engin upphafsþóknun
• Upphafsgengi ákvarðast í lok dags 12. júlí 2007
• Sölutímabil er frá 29. júní til og með 11. júlí
DOLLARin 0708
• Lágmarksupphæð er 500.000 kr.
• Innlánið er bundið í eitt ár
• Höfuðstóll er tryggður í ISK
• Ávöxtun tekur mið af hækkun á gengi USD/ISK og greiðist út í ISK á lokadegi**
• Ávöxtun ótakmörkuð
• Þátttaka er 121%
• Engin upphafsþóknun
• Upphafsgengi ákvarðast í lok dags 12. júlí 2007
• Sölutímabil er frá 29. júní til og með 11. júlí
Kynntu þér málið á kaupthing.is, í síma 444 8950 eða komdu við í næsta útibúi.
KAUPÞING
Hugsum lengra
*Fylgir gengi LOAHDY Index í USD
** Gengi USD/ISK á lokadegi miðast við kaupgengi Kaupþings kl. 15.00 á lokadegi.
ENNEMM / SIA / NM28477





## Fjöldi starfa í fiskveiðum og fiskvinnslu 2005




# Breytingar fyrirséðar

**Hagfræðistofnun telur að minnstu útgerðir landsins muni fara verst út úr niðurskurði á þorski. Stærstu fyrirtækin kaupa kvóta minni útgerða í stórum stíl.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Mikil tilfærsla á aflaheimildum er fyrirsjáanleg verði mikill samdráttur í þorskafla á næsta fiskveiðiári. Áhrifin á landvinnslu eru mjög mismunandi eftir landshlutum og útgerðarstöðum. Stærstu útgerðirnar munu líklega kaupa upp aflaheimildir þeirra minnstu.

Í skýrslu sinni um þjóðhagsleg áhrif aflareglu fjallar Hagfræðistofnun um hugsanlega þróun í fiskveiðum og vinnslu á Íslandi ef þorskafli verður skorinn verulega niður. Talið er líklegt að helst muni minnstu útgerðirnar selja aflahlutdeild sína til þeirra stærstu. Stofnunin skoðar nokkur dæmi þar sem 245 til 552 minnstu útgerðirnar selja tíu til 21 stærstu. Tíu stærstu útgerðarfyrirtækin eru öll staðsett í stærri útgerðarbæjum sem þýðir að tilfærsla aflaheimilda er frá minnstu byggðarlögum til þeirra stærri, eins og verið hefur undanfarin ár. Sameining lítilla útgerða innan krókaaflamarkskerfisins er þó einnig mjög líkleg þar sem aflahlutdeild verður ekki færð af báti undir fimmtán tonnum að stærð nema til báts í sama kerfi. Alvarlegustu áföllin við niðurskurð þorskafla yrðu við kvótasölu úr bæjarfélögum eða landshlutum. Vestfjörðum er hætt við að missa hlutfallslega flest störf en á Suðurnesjum er hætt við búsefjum vegna mikilvægis þorsks í söltun. Mörg störf eru líkleg til að tapast á Austurlandi og Suðurnesjum þar sem um sjötíu prósent af afla er unninn í heimahöfn en hlutfallið er aðeins um þrjátíu prósent á Vesturlandi.

svavar@frettabladid.is


DRAUMASTAÐUR Á NESINU

ÍAV



Hrólfsskálamelur 2–8

ÍBURÐARMIKLAR ÍBÚÐIR

ÍAV reisir þrjú fjölbýlishús við Hrólfsskálamel á Seltjarnarnesi. Í fyrsta húsinu eru 26 íbúðir en alls verða um 80 íbúðir í húsunum þremur.

Gæðastig íbúðanna er með því hæsta sem þekkist á markaðnum. Á það jafnt við um hönnun, efnisval, búnað og frágang. Lofthæð í stofum, eldhúsum og herbergjum er mun meiri en almennt gerist. Gólfsíðir gluggar í stofum og herbergjum gefa mikla birtu. Tvöföld gólf tryggja mikla hljóðeinangrun. Svalaskýli eru á svölum.

Við hönnun íbúðanna voru þægindi og öryggi íbúa höfð í öndvegi. Loft íbúða eru niðurtekin og með innfelldri lýsingu með sérstakri ljósastýringu. Gólfhiti er með þráðlausum nemum. Á baðherbergjum er borðplata úr graníti og í flestum íbúðanna eru bæði baðker og sturta. Í íbúðunum verður loftskiptakerfi.

Íbúðunum er skilað fullbúnum með fljótandi plankaparketi á gólfum. Í eldhúsi eru vandaðar innréttingar með eldunareyju, og borðplötu úr graníti. Eldhústæki eru af Miele-gerð með burstaðri stáláferð, eða sambærilegt.

Að utan eru húsin að mestu klædd með leirbrenndum flísum og að hluta með sléttri álklæðningu. Allir gluggar eru álkæddir timburgluggar. Húsin þarfnast því lágmarksviðhalds.

Ítarlegar upplýsingar um eignirnar á vefsíðu okkar www.iav.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

www.iav.is

Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200

Fertugur stöðvarstjóri Olís dæmdur fyrir að afhenda rangt efni til að fylla á klórtank sundlaugar á Eskifirði:

# Skilorð fyrir að valda eiturefnaslysi með gáleysi

**DÓMSMÁL** Fertugur maður var í Héraðsdómi Austurlands í gær dæmdur í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi og til að greiða eina milljón króna í sakarkostnað fyrir þátt sinn í eiturefnaslysinu í sundlaug Eskifjarðar í fyrrasumar. Átján ára piltur var sýknaður.

Maðurinn var stöðvarstjóri Olís á Reyðarfirði og var ákærður fyrir að hafa af gáleysi afgreitt þúsund lítra tank af ediksýru af áttatíu prósenta styrk, í hendur piltsins, í stað klórlausnar af fimmtán prósenta styrk sem dæla átti á klórtank sundlaugarinnar, og gefið piltinum fyrirmæli um að dæla efninu á klórtankinn.

Þegar pilturinn dældi ediksýrunni á klórtank laugarinnar myndaðist eitruð lofttegund, klórgas, sem smaug um allt sundlaugarsvæðið með þeim afleiðingum að á fimmta tug sundlaugargesta veiktist eða fékk einkenni eitrunar.

Viðbúnaður vegna slyssins var gríðarlegur. Sjúkralið og læknar voru kölluð til frá Eskifirði, Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði, Egilsstöðum og Neskaupstað. Umferð var stjórnað um þjóðvegi, hús í nágrenni laugarinnar voru rýmd og þyrlur og flugvélar voru sendar austur.

Maðurinn var sakfelldur þar sem ljóst þótti að hann hefði sýnt af sér gáleysi með því að gaumgæfa ekki merkingar tanksins áður en hann afhenti hann, sér í lagi þar sem hann vissi að tankar undir klórlausn og ediksýru eru nær eins í útliti og merkingar á þeim áþekkar.

Pilturinn var hins vegar sýknaður af ákæru um að hafa ekki athugað merkingar tanksins áður en hann dældi á klórtank laugarinnar, þar sem hann hafði enga sérstaka ástæðu til að efast um að í tankinum væri klórlausn, eins og honum hafði verið sagt.

- sh



**Á VETTVANGI SLYSSINS** Fjölmargir veiktust eða hlutu öndunarerfiðleika þegar grængult gasið smaug um allt svæðið. MYND/HELGI GARÐARSSON









**GRÆNMETISÚTFÖR** Grænfriðungar í grænmetisbúningum setja útför á svið í Bangalore á Indlandi, til að mótmæla ákvörðun stjórnvalda um að heimila tilraunir með erfðabreyttar matjurtir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hugmynd Iceland Express um flugstöð í Reykjavík:

# Vilja frátekna reiti

**SAMGÖNGUR** Nýja flugstöðin sem Iceland Express vill reisa fyrir innanlands- og Lundúnaflug er á reit sem kallast R13b og hefur verið eyrnamerktur Háskólanum í Reykjavík. Reiturinn er við Hlíðarfót, syðst á flugvallarsvæðinu.

Forsvarsmenn HR gerðu samkomulag við Reykjavíkurborg um þessa nærri 20 hektara lóð fyrir starfsemi háskólans síðla árs 2005.

Til vara er beðið um lóð R12 fyrir norðan Hótel Loftleiðir og sunnan Hringbrautar. Þar hefur áður verið gert ráð fyrir nýrri 6.550 fermetra samgöngumiðstöð.

Samgönguráðherra og stjórnarformaður Flugstoða skrifuðu í febrúar síðastliðnum undir viljayfirlýsingu um undirbúning að byggingu og rekstri hennar.

Auk flugstöðvarinnar, sem yrði á tveimur hæðum og „auðstækkanleg“, fer fyrirtækið fram á lóð á reit R5, vestan megin við Norðursuðurbraut. Þar gæti verið geymslusvæði. Reitur R5 er í eigu bæði borgar og ríkis.

Iceland Express telur þörf fyrir ein fimm hundruð bílastæði við flugstöð sína.

Að auki vilja forsvarsmenn fyrirtækisins lengja flugbraut 13/31, sem er 1.230 metra löng og liggur frá austri til vesturs. - kóþ

### ■ Flugvöllurinn

**R13B** Iceland Express vill reisa nýja 6.500 fermetra flugstöð hér, en Háskólinn í Reykjavík undirbýr nú þegar að reisa framtíðarhúsnæði skólans hér.

**R12** Hér er ætlunin að rísi ný samgöngumiðstöð. Iceland Express sækir um þennan reit til vara, fá félagið ekki úthlutað reit R13b.

**R5** Hér gæti verið 20.000 fermetra flughlað Iceland Express, geymslusvæði fyrir vélakost félagsins.




Forseti Ísraels gerir dómsátt:

# Sleppur við nauðgunardóm

**ÍSRAEL, AP Moshe Katsav, forseti Ísraels, samþykkti í gær að segja af sér, gegn því að hann yrði ekki dreginn fyrir dóm fyrir kynferðisafbrot eftir árslanga rannsókn.**

**Forsetinn slapp við ákæru fyrir nauðgun, en játaði á sig kynferðislega áreitni og að hindra framgang réttvísinnar. Hann mun ekki þurfa að afplána fangelsisvist, en segir af sér sem forseti. Sjö ára kjörtímabili hans hefði lokið í næsta mánuði.**

**Katsav hefur beðið mikinn álitshnekki vegna málsins og sagði saksóknari að ímynd hans hefði breyst úr sameiningartákni í ógnvekjandi yfirmann sem misnotar kvenkyns starfsmenn sína.** - sgj

Ljósmyndasýning í Kringlunni:

# World Press Photo-sýningin opnuð

**FÓLK** Hin árlega World Press Photo-ljósmyndasýning var opnuð í Kringlunni í fyrradag. Sýningin stendur til 22. júlí og er öllum opin á afgreiðslutíma Kringlunnar.



**VERÐLAUNAMYND** Þessi mynd er af frönskum götulistamanni úr seríu franska ljósmyndarans Denis Darzacq.

Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs, opnaði sýninguna formlega og viðstaddur var Jeroen Visser, fulltrúi World Press Photo. Þetta er í þrettánda sinn sem World Press Photo-sýningin er haldin í Kringlunni, en verðlaunamyndirnar hafa verið sýndar hér á landi allt frá árinu 1984.

World Press Photo-samtökin voru stofnuð í Hollandi árið 1955. Ljósmyndasamkeppni þeirra er sú stærsta og veglegasta í heimi og skoða um tvær milljónir manna í 45 löndum sýninguna árlega.

4.460 atvinnuljósmyndarar frá 124 löndum tóku þátt í ár og sendu inn ríflega 78 þúsund ljósmyndir. Bandaríski ljósmyndarinn Spencer Platt hlaut verðlaunin í ár. - sgj



**STÓR FRÆNDGARÐUR** Hafsteinn kúrir hér í fangi Fjólu Eggertsdóttur langalangömmu sinnar. Í kringum hann standa forfeður hans og -mæður en á myndina vantar einn langafa og eina langömmu.

# Á sextán forfeður og formæður á lífi

**Hafsteinn Snær Ævarsson er sjö vikna gamall og býr svo vel að eiga sextán formæður og forfeður á lífi sem slást um að fá að passa hann. Hafsteinn á 17 ára foreldra, 36 ára ömmu og 18 ára ömmusystur.**

**FÓLK** Hafsteinn Snær Ævarsson er lítill drengur á Hvammstanga sem á óvenju marga forfeður á lífi. Í móðurætt á Hafsteinn ömmu og afa, tvær langömmur, tvo langafa, þrjár langalangömmur og einn langalangafa. Í föðurætt á Hafsteinn ömmu og afa, eina langömmu, einn langafa og eina langalangömmu.

„Ég, mamma og amma byrjuðum allar mjög ungar að eiga börn og það útskýrir þennan mikla fjölda,“ segir Sunna Mary Valsdóttir, móðir Hafsteins. Sunna Mary verður 17 ára í september og faðir Hafsteins, Ævar Marteinsson. er nýorðinn sautján ára. Þegar Hafsteinn fæddist 6. maí síðastliðinn var unga parið búið að vera saman í eitt ár upp á dag. Þau búa á Hvammstanga og gengur vel að annast litla drenginn sem er vær og góður.

Það er ekki óalgengt að konur verði mæður ungar í fjölskyldu Sunnu því móðir hennar, Íris Fjóla Bjarnadóttir, var aðeins átján ára þegar hún átti hana og er því orðin amma tæplega 36 ára. „Amma var tvítug þegar hún átti sitt fyrsta barn, mamma átján ára og ég sextán. Þetta færist alltaf niður um tvö ár en ég vona nú samt að Hafsteinn verði ekki pabbi fjórtán ára,“ segir Sunna og hlær.

Íris Fjóla, móðir Sunnu, er stolt af því að vera orðin amma. „Ég hef heyrt um yngri ömmur en þær eru örugglega ekki margar enda eru vinkonur mínar sem eru á sama aldri og ég enn að eiga börn og ekki farnar að hugsa um barnabörn,“ segir Íris sem er fædd 1971.



**FORELDRARNIR UNGU** Ævar og Sunna með Hafstein Snæ sem fæddist 6. maí síðastliðinn.

Hafsteinn litli er Húnvetningur í húð og hár enda búa allar langalangömmur hans og langalangafarnir tveir á Hvammstanga. Það verður að teljast harla óvenjulegt að eiga sex langalangömmur og langalangafa á lífi en þau eru öll í fullu fjöri. Sú elsta, Svanborg Guðmundsdóttir, er 92 ára gömul.

Sunna og Íris segja að margir í fjölskyldunni hafi fengið nýjan titil þegar Hafsteinn fæddist. „Þetta er mikill fjöldi og menn monta sig á því að vera orðnir langafabræður, ömmusystur eða langömmusystur og þar fram eftir götunum,“ segir Íris en Hafsteinn litli á ömmusystur sem er aðeins 18 ára gömul og langafabróður sem er ekki orðinn fertugur. thorgunnur@frettabladid.is



JÓNASARFERÐ
TIL KAUPMANNAHAFNAR!

Í tilefni af því að 200 ár eru liðin frá fæðingu Jónasar Hallgrímssonar verður efnt til sérstakrar Jónasarferðar til Kaupmannahafnar dagana 7. - 9. september.

Þar verður efnt til fjölbreyttrar dagskrár á gömlum slóðum Jónasar, meðal annars skemmtiferðar til Sorö, gönguferðar um Kaupmannahöfn skáldsins, ráðstefnu í tengslum við Jónasarsýningu á Nordatlantiske Brygge, og tónleika Fífilbrekkuhópsins sem eru helgaðir ljóðum Jónasar.

Ferðin stendur frá 7. - 9. september, og kostar 59.900 kr. Innifalið er flug með Icelandair, gisting, ferðir til og frá flugvelli, ferðin til Sorö og Hafnargangan. Gist verður á fjögurra stjörnu hóteli, Scandic Hotel Weber, við Vesturbrúargötu.

Væntanlegum þátttakendum í ferðina eru boðið að skrá sig hjá Flugleiðum fyrir 10. júlí nk. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu Icelandair (www.icelandair.is) merkt „sérferðir“ eða hjá verkefnastjóra Jónasarnefndar, Sveini Einarssyni (s. 898 6360).


„Þeir flytja
byggingarefnið
til okkar“
... á ferðinni fyrir þig
Flutningabílarnir eru forsenda þess að þú getir
gengið að nauðsynjavörum vísum um allt land.
Flutningabílarnir eru lífæð neytenda.
Við erum á ferðinni fyrir þig.
SVÞ
FLUTNINGASVIÐ
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 07-0224

Opið 9-21




LAXASTEIK
MEÐ HVÍTLAUK
998 kr. kg
Þú sparar 500 kr. kg



SS NAUTAKÓTELETTUR
ARGENTÍNSKAR
1.598 kr. kg
Þú sparar 400 kr. kg




LAMBAFILLET Í
KRYDDOSTAMARINERINGU
2.798 kr. kg
20% afsláttur



SS PÚRTVÍNSLEGIÐ
LAMBAFILLET
2.759 kr. kg
Nóatún mælir með!



MATFUGL KJÚKLINGASPJÓT
3 TEGUNDIR
2.559 kr. kg
20% afsláttur




GRÍSAKÓTELETTUR
ÚRBEINAÐAR ORIENTAL
1.498 kr. kg
Þú sparar 500 kr. kg

Gott á brauðið!




BRAUÐSALAT
149 kr. stk.

Frábært verð!




PEPSI OG PEPSI
LIGHT 2L
89 kr. 2l




GÓU DÚNDUR
TVENNA
389 kr. pk.

Húsavíkur jógúrt
á tilboði!




10% afsláttur


NÓATÚN
Bestir í kjöti
Tilboð
á lambalæri!
Úr Fiskborði Nóatúns
Ýsa
í suðrænni sósu
799 kr. kg
Þú sparar
380 kr. kg
SS BLÁBERJALAMBALÆRI
HÁLFÚRBEINAÐ
1.495 kr. kg.
Bestir í kjöti, ferskir í fiski og eigum allt á grillið fyrir þig!
Úr Fiskborði Nóatúns
SS KONÍAKSLEGNAR
GRÍSALUNDIR
1.936 kr. kg
20% afsláttur
STEINBÍTSSPJÓT MEÐ
MEXÍKÓMARINERINGU
398 kr. stk.
Nóatún mælir með!
Gómsætar grillkartöflur
og maískólfur á grillið!
HUNT'S
BBQ SÓSUR
169 kr. stk.
KÓKÓMJÓLK
Í FLÖSKU
112 kr. stk.
Sneiddur brauðostur
26% á tilboði!
10% afsláttur
20% afsláttur
Verði ykkur að góðu!

SKIPULAGIÐ EYKST – SKÝRAR VÍSBENDINGAR 2. GREIN AF FJÓRUM

# Vökvi að dufti og þýfið úr landi

Leiðbeiningar um hvernig breyta á amfetamínvökva í amfetamínduft fundust á heimili Arvydas Maciulskilis í fjölbýlishúsi við Nýbýlaveg í Kópavogi. Hann var síðar dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir sinn þátt í innflutningi á 1,7 kílóum af sterkum amfetamínvökva. „Það er í sjálfu sér ekki svo mikið mál að breyta amfetamínvökva í duft. Það þarf sýru til þess á móti amfetamínvökvanum, sem er basi, og þá fæst út úr þessu duft. Hins vegar þarf töluvert mikla sérþekkingu til þess að búa til vökvann,“ segir Már Másson, dósent í efnafræði við Háskóla Íslands. Tiltölulega auðvelt er því að umbreyta amfetamínvökva í duft. Í fórum Litháa, sem hafa staðið að baki innflutningi á tugum kílóa af amfetamíni hingað til lands, hefur einnig fundist brennisteinssýra sem nær öruggt er talið að hafi verið ætluð til þess að búa til söluvænlegt amfetamínduft. Sýrunni er blandað saman við sterkan vökvann þar til duftið myndast.

Samkvæmt heimildamönnum innan lögreglunnar er ekki talið líklegt að framleiðsla amfetamínsins hafi farið fram í íbúð Maciulskilis. Sterkur fnykur myndast þegar duftið er búið til sem fer „ekki framhjá neinum,“ eins og haft var eftir Giedré Goriené ritstjóra litháíska vikuritsins Karstas Komentaras í Fréttablaðinu í gær, en ítarlega hefur verið fjallað um umsvifamikla amfetamínframleiðslu í Kaunas í því blaði að undanförnu. Hún fær að viðgangast í skjóli aðgerðarleysis lögreglunnar á staðnum, en efnin eru svo flutt úr landi, meðal annars til Íslands eins og rakið var í blaðinu í gær.

Líklegra þykir að framleiðslan á amfetamínduftinu fari fram í iðnaðarhúsnæði heldur en í heimahúsum þar sem auðveldara er halda henni leyndri þannig. Innan lögreglunnar eru einnig uppi getgátur um að „dópið sé flutt úr landi“, eins og einn heimildamaður Fréttablaðsins innan lögreglunnar komst að orði. Vísbendingar um það eru óljósar en byggja öðru fremur á því að glæpamenn horfi til þess að eftirlit með vöruflutningi og mannaferðum frá Íslandi sé ekki eins strangt og víðast hvar annars staðar.

### Útflutningur á þýfi

Lögreglan og Tollgæslan hafa fengið vísbendingar um að þýfi sé skipulega flutt úr landi. Þetta staðfestu nokkrir heimildamenn Fréttablaðsins, bæði innan lögreglunnar og hjá Tollgæslunni. Örfá dæmi eru um útflutning sem lögreglan og tollurinn hafa komið upp um, en helst er talið að fartölvur, iPod-spilarar, stafrænar myndavélar, verkfæri og önnur illa fengin verðmæti sem fer lítið fyrir, séu send skipulega úr landi. „Hvert fer allt þetta þýfi? Ef það er selt hér á landi, þá er svartur markaður á Íslandi undarlega stór, í ljósi fámennisins. Það er auðvelt að selja ýmsa þessa hluti erlendis og því hlýtur nokkuð stór hluti að fara úr landi,“ segir heimildamaður Fréttablaðsins innan lögreglunnar.

Meðal vísbendinga um útflutning á þýfi eru verkfæri, sem augljóslega eru merkt íslenskum verktökum, þar á meðal ÍSTAK, hafa sést til sölu á útimörkuðum í Austur-Evrópu, einkum í Póllandi. Tollurinn hefur þegar komið upp skipulagi til þess að efla eftirlit með útflutningi, en það hefur til þessa ekki verið sérstaklega mikið. Miðar áætlunin meðal annars að því að fylgjast með útflutningi á þýfi.




| | SEY | KEF | REY |
|---|---|---|---|
| 2003 | 1 | 82 | 60 |
| 2004 | 7 | 79 | 56 |
| 2005 | 11 | 62 | 37 |
| 2006 | 11 | 47 | 46 |



**FYLGST MEÐ** Enginn gegnumlýsingarbíll er til taks hjá Tollgæslunni í Reykjavík en kaup á honum eru í útboðsferli hjá Ríkiskaupum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Skipulagt í þaula

Þetta eru ekki einu vísbendingarnar um að glæpaumhverfi á Íslandi sé að fá yfir sig alþjóðlegri blæ. Bifreið, af Citroëngerð, sem notuð var til þess að flytja hingað til lands fjögur kíló af sterku amfetamíni í 26 pakkningum, og stöðvuð var 30. júní 2005 við tollaeftirlit á Seyðisfirði, var sérútbúin til fíkniefnasmygls. „Bifreiðin var augljóslega ætluð til þess að flytja fíkniefni milli landa. Það var búið að útbúa hana þannig. Neðan í bifreiðinni voru hólf með fíkniefnunum sem þurfti að hafa mikið fyrir að finna,“ segir Karl Steinar Valsson yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Sérstaklega útbúnar bifreiðar til fíkniefnasmygls eru oft notaðar margsinnis, samkvæmt upplýsingum frá Interpol. Oft er um að ræða stolnar bifreiðar en bílþjófnaður, og viðskipti með stolnar bifreiðar, er orðin ein umsvifamesta einstaka tegund glæpastarfsemi í Evrópu.



Lagaheimildir lögreglu:

# Þrengri en á Norðurlöndum

**Lögreglan á Íslandi hefur ekki lagaheimildir til þess að taka með sama hætti á skipulagðri glæpastarfsemi og lögreglan á hinum Norðurlöndunum.**



STEFÁN EIRÍKSSON

Danska og norska lögreglan, svo dæmi sé tekið, hafa lagaheimildir til þess að athuga hvort það geti tengst ólögmætri starfsemi ef tiltekinn einstaklingur ekur um á margra milljóna króna glæsikerru, og stendur í tíðum utanlandsferðum, en býr í félagslegu húsnæði og er hvergi skráður í vinnu.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, segir ýmis einkenni skipulagðrar glæpastarfsemi vera að finna á Íslandi. „Það hefur algjörlega lykilþýðingu fyrir lögregluna að hafa heimildir sem eru sambærilegar þeim sem hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa til þess að hefja athugun á málum þegar hún telur ástæðu vera til. Takmarkanirnar eru alltaf þær að nauðsynlegt er að hafa rökstuddan grun um alvarleg brot svo hægt sé að beita ýmsum mikilvægum aðgerðum, til dæmis hlerunum og húsleitum, gegn hópum eða einstaklingum. Þetta er viðkvæmt,“ segir Stefán og leggur áherslu á að mikilvægt sé að eftirlit sé með því að öllu sé að farið með gát. „Það verður að vega og meta hlutina, meðal annars út frá mannréttindasjónarmiðum. Lögreglan þarf alltaf að fá heimildir frá dómstólum og er undir eftirliti þeirra. Á Norðurlöndunum er sérstök nefnd sem hefur eftirlit með því að lögreglan fari eftir lögum og reglum þegar farið er út í forvirkar aðgerðir, eins og við viljum geta beitt hér ef þannig aðstæður skapast.“

Greiningardeild ríkislögreglustjóra hefur það á sínum snærum að taka á skipulagðri glæpastarfsemi en getur ekki beitt sömu aðferðum og lögreglan á Norðurlöndunum. „Það er ákaflega slæmt ef við getum ekki tekið á málum vegna ónægra lagaheimilda. Það skal þó tekið fram að lögreglan hefur ýmsa möguleika til að beita gegn skipulagðri glæpastarfsemi, en betur má ef duga skal og vegna þeirra þróunar sem lögreglan skynjar að sé í gangi hér á landi, hvað varðar sífellt betur skipulagða glæpastarfsemi, þarf að skoða heimildir lögreglunnar í takt við þá þróun,“ segir Stefán.

Greinaflokkur þessi um skipulagða glæpastarfsemi heldur áfram á morgun.






## „ORÐRÉTT“

### Þjóðinni þakklátur

**„Ég vonast til að geta endurgoldið þjóðinni greiðann með því að leggja mitt af mörkum til samfélagsins.“**

ARON PÁLMI ÁGÚSTSSON HLAKKAR TIL AÐ KOMA HEIM TIL ÍSLANDS Í HAUST.

**Fréttablaðið 28. júní 2007.**

### Kvenlegir tengdasynir

**„Við höfum heyrt að það hafi fælt karlmenn frá að tengdaforeldrunum hafi ekki fundist par fínt að tengdasonur þeirra væri að fara í kvennastarf.“**

ERLA KOLBRÚN SVAVARSDÓTTIR, DEILDARFORSTJÓRI HJÚKRUNARFRÆÐIDEILDAR HÍ, VILL SJÁ FLEIRI KARLMENN Í HJÚKRUNARFRÆÐI.

**Blaðið 28. júní.**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON FYRRVERANDI ALÞINGISMAÐUR

## *Situr við sagnfræðiskriftir*



„Ég segi bara allt gott,“ segir Magnús Þór Hafsteinsson, fyrrverandi þingmaður Frjálslynda flokksins.

„Ég hef verið að sinna fjölskyldunni og að dunda við ýmislegt síðustu vikur. Ég var búinn að vera svo mikið að heiman í kosningabaráttunni og er að reyna að vinna það upp.“

Þegar gengið er á þingmanninn fyrrverandi viðurkennir hann þó að hann hafi sitthvað fleira fyrir stafni. Magnús er þessa dagana að vinna að hugðarefni sem hefur blundað í honum í mörg ár. Hann hefur setið við skriftir óslitið frá kosningum og er að skrifa bók.

„Já, ég ætla að setja upp sposkan leynisvip og verjast allra frétta gegnum símann. Ég get þó sagt að hún er ekki um pólitík eða þjóðmál dagsins í dag, heldur sagnfræðileg. Þetta verkefni gengur mjög vel. En mig vantar samt enn þá útgefanda, svo ég veit ekki hvort hún kemur nokkurn tíma út,“ segir hann og hlær.

Næsta helgi verður róleg í lífi Magnúsar, að öðru leyti en því að hann þarf að taka fulla ábyrgð á heimilinu, þegar eiginkona hans fer að synda á sundmóti á Akureyri. Magnús gætir barna, húss og haga á Akranesi á meðan.

## ÞORSKÍGILDI:
### ER SAMANBURÐUR SJÁVARFANGS



Þorskígildi eða þorskígildistonn er það magn tiltekinnar tegundar sjávarfangs sem er jafnverðmætt og eitt tonn af þorski. Sjávarútvegsráðuneytið gefur árlega út svokallaða þorskígildisstuðla. Stuðullinn gefur til kynna verðmæti hverrar tegundar fyrir sig samanborið við verðmæti þorsks. Á fiskveiðiárinu sem er að ljúka hefur ýsa stuðulinn 0,81. Það þýðir að eitt tonn af ýsu jafngildir 0,81 tonni af þorski. Humar hefur hæsta þorskígildisstuðulinn 6,42. Lægsta stuðulinn hefur kolmunni eða 0,05.

## SJÓNARHÓLL
**HRAÐAKSTUR**

## *Vantar meira eftirlit*



**ALMA JOENSEN** Framkvæmdastjóri Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

„Mér þykir þetta mikið áhyggjuefni, að fólk taki þessu ekki nógu alvarlega og tengi ekki beint við sjálft sig,“ segir Alma Joensen, framkvæmdastjóri Stúdentaráðs Háskóla Íslands. „Það er svo mikill hraðakstur miðað við allar þessar auglýsingaherferðir sem eru í kringum þetta. Ég veit ekki hvað er hægt að gera annað en að troða inn í hausinn á fólki að keyra hægar. Ég hef séð mikið af hraðakstri, það verða smávægilegir árekstrar fyrir utan skrifstofuna mína á Hringbraut vikulega. Fólk verður næstum því fyrir bíl á gangbrautunum hérna fyrir utan, enda keyra bílarnir á 120 kílómetra hraða og snarhemla við hringtorgið. Mér finnst að það mætti vera meira eftirlit hérna á morgnana og yfir daginn. Það þarf ekki að gera það nema tvisvar og þá veit fólk af því að löggan er þarna og keyrir hægar.“

EXISTA

**Exista hf., kt. 610601-2350, hefur gefið út skuldabréf á grundvelli tveggja lýsinga (EXISTA 06 3 heildarstærð kr. 1.000.000.000 og EXISTA 07 2 heildarstærð kr. 3.000.000.000) sem Kauphöll Íslands hefur samþykkt og gert aðgengilegar almenningi frá og með 29. júní 2007.**

Eftirfarandi skuldabréfaflokkar hafa verið gefnir út:

- Skuldabréfaflokkur að fjárhæð kr. 1.000.000.000 var gefinn út þann 21. nóvember sl. og er auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands EXISTA 06 3 og verða bréfin skráð í Kauphöll Íslands þann 29. júní 2007. Skuldabréfin eru óverðtryggð frá útgáfudegi til 21. nóvember 2007, en á þeim degi eru þau verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs eins og hún verður 21. nóvember 2007. Skuldabréfin skulu bera 15,05% óverðtryggða vexti frá útgáfudegi til 21. nóvember 2007, en frá þeim degi skulu þau bera 7,1% verðtryggða vexti til lokagjalddaga höfuðstóls og vaxta. Vextir skuldabréfanna skulu greiðast árlega, á 6 vaxtagjalddögum þann 21. nóvember hvert ár, í fyrsta sinn þann 21. nóvember 2007. Höfuðstóll skuldabréfanna skal endurgreiðast þann 21. nóvember 2012.

- Skuldabréfaflokkur að fjárhæð kr. 3.000.000.000 var gefinn út þann 29. maí sl. og er auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands EXISTA 07 2 og verða bréfin skráð í Kauphöll Íslands þann 29. júní 2007. Skuldabréfin eru óverðtryggð. Skuldabréfin skulu bera 3ja mánaða Reibor-vexti að viðbættu álagi sem er 150 punktar og skulu endurgreiðast á 8 vaxtagjalddögum á þriggja mánaða fresti í fyrsta sinn þann 29. maí 2007. Höfuðstóll bréfanna skal endurgreiðast þann 29. maí 2009.

Lýsingar er hægt að nálgast hjá útgefanda Exista hf., Ármúla 3, 108 Reykjavík og á vefsetri útgefanda Exista hf. www.exista.com. Umsjónaraðili skráningarinnar er Kaupþing banki hf.

Reykjavík 29. júní 2007

KAUPÞING



**Í INGUSTOFU** Sigríður Ruth á nokkrar myndir á sýningunni Ullarheimur kynjamynda. Auk þess að vinna úr þæfðri ull málar Sigríður og hefur selt ófáar myndir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Listfengi á Sólheimum

**Þótt Sólheimar iði af lífi allt árið á það sérstaklega við um sumarið. Nú hefur verið blásið til glæsilegrar menningarveislu sem stendur yfir þar til í ágúst.**



**GUÐMUNDUR ÁRMANN PÉTURSSON** Framkvæmdastjóranum telst til að yfir 30 þúsund manns heimsæki Sólheima árlega.

Þetta er annað árið í röð sem boðið er upp á Menningarveislu Sólheima. Að sögn Guðmundar Ármanns Péturssonar, framkvæmdastjóra Sólheima, gafst hátíðin svo vel í fyrra að ákveðið var að endurtaka leikinn í ár. „Hingað heimsækja okkur yfir 30 þúsund manns ári,“ segir Guðmundur Ármann. „Langflestir koma á sumrin enda er starfsemin þá í blóma og Sólheimar iða af lífi,“ bætir hann við.

Menning og listir hafa ávallt skipað stóran sess í starfi Sólheima, sérstaklega tónlist, leiklist og myndlist. Á Sólheimum má til dæmis finna líklega eina blandaða leikfélag landsins, það er sem er skipað jafnt af fötluðum og ófötluðum. Það er algengur misskilningur að Sólheimar séu sambýli fyrir fatlaða. Af ríflega hundrað íbúum eru um fjörutíu fatlaðir. „Sólheimar eru fyrst og fremst sjálfbært samfélag, sem miðast við íbúa með sérþarfir,“ áréttar Guðmundur Ármann. „Við byggjum samfélagið á svokallaðri öfugri blöndun, að þeir sem hingað koma lagi sig að þeim sem hafa sérþarfir en yfirleitt er þessu öfugt farið. Við segjum ekki að þetta sé endilega betri leið en hin, hún hefur einfaldlega reynst okkur ákaflega vel hérna.“

Listfengi heimamanna fer ekki fram hjá neinum sem heimsækir Sólheima. Í Ingustofu er sýningin Ulllarheimur kynjaheima, sem samanstendur af úrvali mynda úr þæfðri ull í handgerðum trérömmum; í Miðgarðstjaldi er boðið upp á listmuni frá vinnustofunni Ásgarði, í sama garði má finna sérstakan ljóðagarð. Steinsnar þaðan er fallegur höggmyndagarður og í Sesseljuhúsi má sjá myndasýninguna Sólheimar í tímans rás, svo fátt eitt sé nefnt. Á hverjum laugardegi troða svo valinkunnir tónlistarmenn upp og flytja popp, blús, trúartónlist og djass. Jón Ólafsson og KK hafa þegar haldið tónleika í sumar en á morgun leika Yousef Sheikh og Tomi Lehikoinen söngleikjatónlist og frumsamið efni.



**LISTFENGI** Íbúar á Sólheimum eru margir laghentir eins og þessir snotru sýningagripir bera með sér.

Umhverfismál hafa verið kjarninn í starfi staðarins frá upphafi. Sesselja Sigmundsdóttir var til dæmis fyrst allra á Norðurlöndum til að hefja lífræna ræktun. Boðið er upp á fræðslu og skoðunarferð um umhverfismál á Sólheimum, hægt er að líta á trjásafnið við skógræktarstöðina Öl, og sjá þar sem lífrænar gúrkur, paprikur og tómatar vaxa í garðyrkjustöðinni. Sólheimar eru þó ekki aðeins fyrir auga og eyra heldur líka munn og maga. Í markaðstjaldi á Rauða torginu er til dæmis hægt að kaupa lífrænt ræktaðar afurðir sem og muni á borð við sápu og kerti, sem framleidd hafa verið á umhverfisvænan hátt. Á kaffihúsinu er hægt að kaupa lífrænt kaffi og kruðerí, auk þess sem boðið er upp á nokkrar tegundir af lífrænum bjór sem fást óvíða annars staðar á Íslandi.

Ókeypis er á alla viðburði Menningarveislu Sólheima en nánari upplýsingar um dagskrána má nálgast á vefsíðunni solheimar.is.

bergsteinn@frettabladid.is


AEG
1200 eða 1400 snúninga AEG þvottavél með Fuzzy Logic þvottatækni
Tekur allt að 6 kg af taui
Hraðval á algengum þvotta kerfum
Seinkun á gangsetningu
3 / 6 klst.
Stórt hurðarop
Verð áður kr. 79.900 & 84.900
A A
ORKA ÞVOTTUR
1200 SN. Verð nú 49.900
ÞÚ SPARAR 30.000
1400 SN. Verð nú 59.900
ÞÚ SPARAR 25.000
STÁL
AFSLÁTTUR 27%
Verð nú 39.900
appliance
Vandaður blástursofn með 8 eldunarkerfum
Klukka
Grill
Stór ofn
Verð áður kr. 54.900
AFSLÁTTUR 30%
Verð nú 34.900
Snerti-takkar
appliance
Keramik helluborð með snertitökkum á öllum hellum
High Light hraðhellur
Verð áður kr. 64.900
25 gerðir af viftum og háfum með allt að 70% afsl.
AFSLÁTTUR 34%
Verð nú 19.900
appliance
Fallegur vegghháfur í burstuðu stáli og glerskyggni, halogen og snertitökkum
Þvoanlegar fitusíur
Verð áður kr. 29.900
175 CM
ZANUSSI
Rúmmál kælis 226 lítrar og 109 lítra frystir
Orkunýtni A+
MAXI frystiskúffur með betri nýtingu og nægu rými
Flöskurekki
Glerhillur með kanti
Sjálfvirk afþíðing í kæli
Hljóðlátur 38 dB(A)
HxBxD: 175x59,5x62 cm
Verð áður kr. 74.900
ÞÚ SPARAR 20.000
Verð nú 54.900
BARKALAUS MEÐ RAKASKYNJARA
AFSLÁTTUR 24%
Verð nú 49.900
Electrolux
Barkalaus þurrkari með rakaskynjara
Tekur hámark 6 kíló
Krumpuvörn
kerfi fyrir viðkvæman þvott
Verð áður kr. 64.900
STÁL
ZANUSSI
Vönduð uppþvottavél með 5 þvottakerfum þ.á.m. sjálfvirkt kerfi, hraðkerfi og erfiðiskerfi
Val um 4 mism. hitastig
Hægt að þvo 1/2 vél
HxBxD: 82-91 x 59,5 x 60 cm
Verð áður kr. 69.900
A A
ORKA ÞVOTTUR
ÞÚ SPARAR 20.000
Verð nú 49.900
SUMAR ÚTSALA!
HEFST Í DAG! OPIÐ UM HELGINA!
Sparaðu allt að 70%
Eldhúsvog digital með skál
Áður kr. 2.990
AFSLÁTTUR 67%
Verð nú 999
AFSLÁTTUR 50%
Verð nú 2.990
Rafmagnspanna með loki
Áður kr. 5.990
AÐEINS BROT AF ÚRVALINU!
AFSLÁTTUR 24%
Verð nú 27.900
appliance
Borðuppþvottavél með fjórum þvottakerfum og val um 2 hitastig
Fyrir allt að fjóra
Hraðkerfi og erfiðiskerfi
HxBxD 47,5x48x44,5 cm
Verð áður kr. 34.900
143 CM
STÁL
ÞÚ SPARAR 10.000
Verð nú 44.900
HVÍTUR
ÞÚ SPARAR 10.000
Verð nú 34.900
ensemble
Kæli- og frystiskápur
171 lítra kælir og 40 lítra frystir
Sjálfvirk affrysting í kæli
HxBxD 143x55x60 cm
Verð áður kr. 44.900/54.900
AFSLÁTTUR 37%
Verð nú 18.900
Electrolux
Stór örbylgjuofn með stafrænu og notendavænu stjórnborði með skjá
1300W Grill
28 lítra
RedDot alþjóðleg hönnunarverðlaun
Verð áður kr. 29.900
Vandað gufustraujárn
Verð áður kr. 2.990
AFSLÁTTUR 50%
Verð nú 1.490
Borðvifta
Verð áður kr. 2.490
AFSLÁTTUR 40%
Verð nú 1.490
Mínútugrill stál
Verð áður kr. 6.990
AFSLÁTTUR 43%
Verð nú 3.990
AFSLÁTTUR 50%
Verð nú 2.990
TRISTAR
Lítil og nett 1400W ryksuga
Fæst bæði rauðsanseruð eða hvít
Verð áður kr. 5.990
appliance
Stílhrein eldhúsvifta með góðum sogkrafti og vinnuljósi
Þrískiptur hraðastillir
Þvoanleg fitusía úr áli
HxBxD: 13x59,8x48 cm
Verð áður kr. 9.990
AFSLÁTTUR 40%
Verð nú 5.990
Ís í boði emmessís
Rafha ehf
Opið
Virka daga 9-18
Laugardagur 10-18
Sunnudagur 13-17
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ríkissjóður og sveitarfélög.

## Hver á hvað?

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Engin algild uppskrift er til um hvernig skipta á verkefnum milli ríkis og sveitarfélaga. Um tvær viðmiðanir í þeim efnum hefur eigi að síður ríkt ríkur samskilningur. Önnur er sú að sveitarfélögin annist sem mest af þeirri þjónustu sem stendur borgurunum næst. Hin segir að ekki megi slíta í sundur ákvörðunarvald og fjármálaábyrgð.

Í þessum mánuði hafa komið mjög svo misvísandi skilaboð frá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu í gegnum ólík þjónustufyrirtæki sem þau reka. Á sjómannadaginn flutti formaður stjórnar Faxaflóahafna þjóðinni þann boðskap að flytja ætti sjávarútveg frá Akranesi og Reykjavík út á landsbyggðina.

Yfirlýsing þessi vakti að vonum mikla athygli. Hún felur í sér að borgarstjórn Reykjavíkur og bæjarstjórn Akraness séu fúsar til að fórna nokkru af sterkri efnahagsstöðu sinni í þágu veikari sjávarbyggða. Faxaflóahafnir hafa vald til aðgerða á þessu sviði upp á eigin spýtur án aðstoðar löggjafarvaldsins eða framkvæmdavaldsins.

Frá því þessi tíðindi bárust þjóðinni liðu aðeins þrjár vikur þar til öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu komu saman á öðrum samstarfsvettvangi til þess að setja fram kröfur á ríkisvaldið um fjárstuðning við strætisvagnasamgöngur á svæðinu. Rökstuðningurinn er sá að ríkið styður í einhverjum tilvikum almenningssamgöngur til veikari staða á landsbyggðinni.

Erfitt er að fá rím í hugmyndafræðina að baki þessum ólíku yfirlýsingum. Krafan um þátttöku ríkisins í kostnaði við strætisvagna vekur aukheldur upp margs konar spurningar um verkaskiptingu, völd og fjármálaábyrgð, ríkis og sveitarfélaga.

Strætisvagnasamgöngur eru að vísu ekki lögbundið opinbert skylduverkefni. Eðli máls samkvæmt hafa sveitarfélögin eigi að síður haft þær með höndum. Gild rök hafa ekki komið fram um að ríkissjóður eigi að taka við þessu viðfangsefni.

Standi vilji manna á hinn bóginn til þess að ríkið taki við verkefninu þarf líka að gæta að þeirri meginreglu að saman fari ákvörðunarvald og fjármálaábyrgð. Með öðrum orðum: Það er ekki unnt að afhenda ríkinu fjárhagsvandann án þess að færa því veigamikið ákvörðunarvald í skipulagsmálum.

Á undanförnum tveimur áratugum hafa nær allir stjórnmálaflokkar komið að stjórn sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Í aðalatriðum hafa þeir allir fylgt þeirri línu í umferðarskipulagsmálum að ákveða höfuðbrautir umferðarinnar í samræmi við ákvarðanir almennings um aukin bílakaup og láta ríkissjóð síðan borga brúsann í samræmi við lög þar að lútandi.

Ríkið hefur í meginatriðum svarað þessum kröfum. Fyrir dyrum stendur stærsta umferðarmannvirkisframkvæmd Íslandssögunnar. Sennilega eru fleiri krónur bundnar í steinsteypu og malbiki vegna umferðar á höfuðborgarsvæðinu en í nokkurri annarri borg að jöfnum mannfjölda. Gott eitt er um það að segja.

Af sjálfu leiðir hins vegar að strætisvagnarnir hafa tæmst þótt fleira komi þar til. Sum sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa fellt niður fargjald fyrir tiltekna hópa. Eitt þeirra hefur fellt öll fargjöld niður. Þegar þar er komið er ákveðið að banka á hornhurðina á Arnarhváli.

Fjármálaráðherra hefur réttilega skotið skildi fyrir skattborgarana í þessu máli. Í komandi viðræðum má hann gjarnan kalla eftir nýrri hugsun um lausn á þessum augljósa vanda.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




5 kr. afsláttur

þegar þú átt afmæli!

Þeir sem eru með dælulykil Atlantsolíu fá 5 krónu afslátt af lítraverði þegar þeir kaupa eldsneyti á afmælisdaginn sinn.



ATLANTSOLÍA

Sími 591 3100 - www.atlantsolia.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekkert gagn af viðbrögðum

Jónas Kristjánsson, fyrrverandi ritstjóri og samfélagsrýnir, skrifaði nýlega um þann sið margra bloggara að gefa lesendum tækifæri til að tjá sig um bloggskrifin. Sjálfur sagðist Jónas vera of gamaldags til að eltast við slíkt. „Hef aldrei séð neitt gagn í að lesa viðbrögð neðan við fréttir eða blogg. Ég er líka hræddur við, að menn setji þar inn orðbragð og leiðindi. Ég vil gjarna vera skammaður af fólki, sem ég tek mark á. Það fólk getur tekið mig í bakaríið á sínum heimasíðum. Nafnlaust fólk og leiðindatröll þoli ég hins vegar ekki. Því verður bið á, að ég breyti heimasíðunni úr gamaldags fyrirlestri í nýmóðins samtal."



### Málsvari lesenda Jónasar

Stuttu síðar gerði ofurbloggarinn Guðmundur Magnússon sama mál að umfjöllunarefni á blogginu sínu og lét Jónas heyra það í leiðinni. „Sumir bloggarar fara þá leið að leyfa engar athugasemdir við færslur sínar. Jónas Kristjánsson, fyrrverandi ritstjóri, er einn þeirra. Sumir mundu kalla þetta gunguhátt, ekki síst þegar í hlut á maður sem búinn er að halda úti pólitískum skammardálkum í fjörutíu ár. Hefur ausið yfir þjóðina misgáfulegum athugasemdum, stundum með ansi ruddalegu orðbragði. Spyrja má hvort ekki sé kominn tími til að lesendur hans fái að svara fyrir sig?!“



### BGS?

„Þeir ættu að borga mest sem menga mest,“ sagði BGS á heimasíðu RÚV í gær. Sumir myndu kannski halda að þarna væri Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra að tjá sig um umhverfisverndarmál, en nei, BGS stendur fyrir Bílgreinasambandið. Björgvin er nú einn ráðherra eftir án aðstoðarmanns og hafa margir verið nefndir en enginn enn útnefndur í því sambandi. Nýjasta nafnið er Jón Þór Sturluson, hagfræðingur og annar fulltrúi Samfylkingarinnar í Seðlabankanum. Þó svo Seðlabankinn heyri undir forsætisráðuneytið, gæti viðskiptaráðherra nælt sér í tengsl þangað.

sdg@frettabladid.is

# Takmörk félagshyggju

Íslenskir félagshyggjumenn ættu að staðnæmast við hugmyndir tveggja snjallra hugsuða. Annar er John Rawls, sem lést fyrir nokkrum árum, en var lengi heimspekiprófessor í Harvard-háskóla. Hinn er Arthur Laffer, sem er í fullu fjöri og raunar væntanlegur næsta haust til Íslands, en hann var um skeið hagfræðiprófessor í Chicago-háskóla og ráðgjafi Bandaríkjaforseta. Báðir þessir menn setja ríkisafskiptum takmörk, sem skynsamir félagshyggjumenn hljóta að viðurkenna.



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

Í DAG | Félagshyggja

### Kjör hinna bágstöddustu versni ekki

Rawls taldi réttlætismál, að gæði skiptust jafnt milli manna, nema hagsmunir hinna bágstöddustu krefðust annars. Þetta er stundum orðað svo, að hámarka beri lágmarkið. Stjórnskipan ríkis á samkvæmt kenningu Rawls að vera á þann hátt, að hinir verst settu séu sem best settir við hana. Þetta merkir, að tekjumunur er þá og því aðeins réttlætanlegur, að hann leiðir til meiri framfara, svo að kjör hinna bágstöddustu batni. Hugsum okkur tvö ríki, Samland og Sérland. Í Samlandi er lítill tekjumunur, en almenn fátækt, svo að hinir bágstöddustu búa við lök kjör. Í Sérlandi er talsverður tekjumunur, en lítil fátækt, og hinir bágstöddustu búa við skárri kjör en í Samlandi og þar eru fleiri tækifæri til kjarabóta. Þótt gæði skiptist vissulega ójafnar milli manna í Sérlandi en Samlandi, myndi Rawls velja Sérland. Hið sama gera þeir félagshyggjumenn, sem láta ekki aðeins stjórnast af öfund í garð auðmanna. Rawls setur skynsamlegri tekjujöfnun takmörk.

Réttlætiskenning Rawls er um sumt óskýr, og erfitt kann að vera að hrinda henni í framkvæmd. En hún er samt verðugt umhugsunarefni. Rannsóknir sýna, að kjör hinna bágstöddustu eru einna best í þeim löndum, þar sem atvinnufrelsi er mest, til dæmis í Sviss og á Íslandi. Það er síðan athyglisvert, að kjör hinna bágstöddustu (til dæmis 10% tekjulægsta hópsins) eru nokkru skárri að meðaltali í Bandaríkjunum en Svíþjóð. Þótt tekjumunur sé meiri í Bandaríkjunum en Svíþjóð, eru þau miklu ríkari, og hinir bágstöddustu njóta þess. Tækifærin til að brjótast út úr fátækt eru líka fleiri í Bandaríkjunum.

### Hagur ríkissjóðs versni ekki

Kenning Laffers snýr hins vegar að skattheimtu og skatttekjum. Skattheimta er, hversu hátt hlutfall rennur í skatta, til dæmis hvort það er 20% eða 60% af tekjum fólks. Skatttekjur eru, hversu mikið fé fæst í ríkissjóð, til dæmis hvort það er 30 milljarðar króna eða 50 milljarðar. Laffer heldur því fram, að tekjur ríkissjóðs af sköttum aukist vissulega, þegar skattheimta sé aukin, en aðeins upp að ákveðnu marki. Þá taki tekjurnar að minnka, endi verði skattgreiðendur því ófúsari að skapa verðmæti sem meira af þeim renni í ríkissjóð. Skynsamlegri skattheimtu séu þannig sett takmörk. Eftir það verði hún sjálfskæð, eins og rökfræðingar segja. Þá versni hagur ríkissjóðs í stað þess að batna. Þetta er hinn frægi Laffer-bogi, sem rís fyrst, nær hámarki og fellur síðan niður í ekki neitt við 100% skattheimtu. Þótt félagshyggjumenn séu hlynntari auknum ríkisafskiptum en frjálshyggjumenn, hljóta allir að vera sammála um, að óskynsamlegt er að halda áfram skattheimtu, ef hún skilar sífellt minni skatttekjum. Við Íslendingar sýndum myndarlega fram á, að Laffer-boginn er til, þegar við stórlækkuðum skatta á fyrirtæki og einstaklinga árið 1991-2007 og skatttekjur af hvoru tveggja snarhækkuðu. Þá kom í ljós, að vinnuafl á Íslandi er tiltölulega kvikt, svo að það er næmt fyrir skattheimtu. Vinna manna eykst skjótt við lægri skatta og öfugt. En fjármagn á Íslandi er enn kvikara en vinnuaflið, enn næmara fyrir skattheimtu. Ef fyrirtækjum bjóðast betri kjör annars staðar, þá verða þau ekki lengi kyrr hér úti á Dumbshafi. Þess vegna ríður á miklu fyrir Íslendinga að lækka tekjuskatt á fyrirtæki enn frekar, til dæmis úr 18% í 10%, en þá verður skattaumhverfið hér eitt hið hagstæðasta í Evrópu.

### Félagshyggjumenn virði takmörk sín

Ég spái því, að skatttekjur ríkisins munu frekar hækka en lækka við stórfelldar skattalækkanir. Í mínum huga er það að vísu ekkert sjálfstætt markmið að hámarka skatttekjur, en upplýstir félagshyggjumenn hljóta að virða þau takmörk, sem þeir Laffer og Rawls setja skynsamlegri félagshyggju: Hagur ríkissjóðs má ekki versna við aukin ríkisafskipti og því síður kjör hinna bágstöddustu.

# Fagra Ísland – dagur fimm

UMRÆÐAN

Umhverfismál



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Samkvæmt umhverfisstefnu Samfylkingarinnar, sem ber heitið Fagra Ísland, er ekki gert ráð fyrir frekari stóriðjuuppbyggingu þar til heildstæð áætlun um náttúruvernd liggur fyrir. Í kosningabaráttunni var hamrað á því að næstu fimm árin yrði stóriðjustopp ef Samfylkingin kæmist til valda.

Nú bregður svo við að eftir að Samfylkingin tekur við iðnaðar- og umhverfisráðuneytum í nýrri ríkisstjórn hefur atgangurinn í stóriðjumálum aukist fremur en hitt. Hver stóriðjudagurinn hefur komið á fætur öðrum. Strax á degi tvö kom í ljós að allt var ófrágengið varðandi friðun Þjórsárvera, á þriðja stóriðjudeginum var undirritaður orkusamningur til álvers í Helguvík, á fjórða degi kom í ljós að Samfylkingin var tilbúin að virða niðurstöðu íbúakosninga í Hafnarfirði að vettugi en nú á stóriðjudegi fimm er það Þórunn Sveinbjarnardóttir, umhverfisráðherra, sem á senuna.

Skýringuna er að finna í viðtali á Stöð tvö 25. júní sl. Þar segir umhverfisráðherrann enga ástæðu til þess að ríkisstjórnin skipti sér að því hvernig Landsvirkjun svari ósk Alcans um framlengingu á raforkusamningi sem gerður var vegna stækkunar í Straumsvík! Í innagangi að fréttinni vekur fréttastofan athygli á því að svar Landsvirkjunar „*gæti ráðið miklu um virkjana- og stóriðjuframkvæmdir á landinu á næstu árum*“. Í viðtalinu segist umhverfisráðherrann ekkert hafa kynnt sér málið enda sé þetta „*bara samningar á milli Landsvirkjunar og fyrirtækisins...*“ Kristján Már Unnarsson, fréttamaður: *En finnst þér ekki að ríkisstjórnin eigi að koma að þessu?* Þórunn Sveinbjarnardóttir: *Hvers vegna ætti hún að gera það?* Kristján: *Þetta snertir virkjanir og hugsanlega álver á nýjum stað?* Þórunn Sveinbjarnardóttir: *Landsvirkjun og Alcan eru bara fyrirtæki á markaði eins og önnur fyrirtæki og þau verða bara að ná sínum samningum eins og aðrir.* Svona talar umhverfisráðherra Samfylkingarinnar, sem kosinn var á þing með fyrirheitum um stóriðjustopp í fimm ár.

Að sjálfsögðu veit ráðherrann að Landsvirkjun er ekki „bara fyrirtæki á markaði“. Landsvirkjun er í reynd hluti af ríkisvaldinu. Hún er í eigu þjóðarinnar og lýtur forræði kjörinna fulltrúa hennar, þar á meðal umhverfisráðherra og annarra handhafa stefnu Samfylkingarinnar á Alþingi; þeirra sem kjörnir voru í nafni Fagra Íslands.

*Höfundur er þingflokksformaður Vinstri grænna.*



Kryddleginn, beinlaus grísavöðvi úr læri
Tilboð í viku 26
BÓNUS
40% afsláttur við kassann
Garðasalat 198 KR. 200g
Gott á grillið
Grill svínavöðvi -kílóverð nú: 1019 KR. Merkt verð 1698KR.
Kipputilboð!
12 lítrar Coca-Cola/Zero/Light 598 KR. 6x 2 lítrar
Sumardagar í Bónus
Ferskir bitar
TEX MEX vængir kílóverð nú: 168 KR. Merkt verð 280KR.
Holtalæri/-leggir kílóverð nú: 363 KR. Merkt verð 605KR.
40% afsláttur við kassann
Tex Mex vængir
40% afsláttur við kassann
Kjúklingar eru SVO góðir!
EKKERT BRUÐL
Klár á grillið eða í salatið!
Kjúklingur kaldur
Grillaður kjúklingur HEILT KÍLÓ! 489 KR. kaldur og klár
6x 2 lítrar
Gott á grillið!
Grillaður heill og kaldur HOLTA kjúklingur
Dregin er út matarkarfa í póstlista bonus.is að upphæð 20.000KR. í viku hverri til 1. sept.!



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
30 glös 12 oz
18 glös 16 oz
VELJIÐ SJÁLF!
24 gafflar
24 skeiðar
24 teskeiðar
24 hnífar
VELJIÐ SJÁLF!
15 diskar 9"
10 djúpir 7"
8 hólfadiskar 10"
VELJIÐ SJÁLF!
Allt í grillveisluna!
VELJIÐ SJÁLF!
159 KR.
pakkinn
Bónus býður betur!
DJÖFLATERTA
598 KR.
784g
Eins og úr eigin ofni!
Stjáni bakari GETUR þetta!
ORKA
Egils orka
69 KR.
250 ml
HERRAGARÐS SVÍNAKÓTELETTURNAR
Herragarðs svínakótelettur
kílóverð nú:
1116 KR.
Merkt verð 1594KR.
KJARNAFÆÐI
30% afsláttur
við kassann
Gott á grillið!
Í sósuna, súpuna, kryddblönduna
eða á brauðið!
Skinku-myrja
Skinkumyrja
192 KR.
250g
Forsoðnar bökunarkartöflur
119 KR.
Merkt verð 198KR.
40% afsláttur
við kassann
Þarf bara að hita!
5 pylsubrauð
69 KR.
680g
Hunts tómatsósa
98 KR.
680g
Hunt's Ketchup
15 pylsu tröllapakki
SS
15 SS pylsur
679 KR.
STÓRPAKKNING



**Ungnautahamborgarar** eru nú á 47 prósenta afslætti í Nóatúni og kostar pakki með fjórum 90 gramma borgurum nú 298 krónur.

**Fylltar kartöflur** með tómötum annarsvegar og rjómaosti og kryddi hinsvegar eru nú fáanlegar í neytendaumbúðum. Þær má hita í ofni, steikja á pönnu eða elda á grillinu og henta sem meðlæti með öllum mat. Fást í Nóatúni, Fjarðarkaupum, Hagkaupum og Þinni verslun. Danco flytur þær inn.

**Íþróttaskór** í miklu úrvali eru meðal þess sem er á sumarútsölu í Útilífi. Þeir eru á 30-50 prósenta afslætti og henta til íþróttaiðkunar bæði úti og inni. Útilífsbúðirnar eru í Glæsibæ, Kringlunni og Smáralind.






WWW.SEAKAYAK ICELAND.COM
SJÓKAYAK NÁMSKEIÐ LEIGA VERSLUN OG LENGRI FERÐIR
FRÁ REYKJAVÍK OG STYKKISHÓLMI
SÉRMENNTAÐ FAGFÓLK Í KENNSLU OG LEIÐSÖGN Á SJÓKAYAK
S:6903877

Útsalan er hafin
30 -70%
afsláttur
IANA
Laugavegi 53 • s. 552 3737
Opið í dag 10-18

Stinnari á 4 vikum...
Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!
SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-
eða 6.660 á mán. í 3 mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is




Hvanndalsbræður segjast elda stundum saman, en þó alltof sjaldan.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

# Varð til fyrir slysni

***Hvanndalsbræður átu mest kind og hval í æsku en nú hafa þeir þróað rétt sem þeir kalla páfagaukapaté.***

„Þetta var létt máltíð en mjög ljúffeng,“ segja þeir Hvanndalsbræður einum rómi er þeir hafa lokið við að snæða eigið páfagaukapaté. Þeir svara líka samhljóða næstu spurningu um hvort þeir eldi oft saman. „Alltof sjaldan.“ „Við borðum samt oft saman á ferðalögum, á vegasjoppunum,“ skýtur Valur inn í og vísar þar til tónleikaferðalaga þeirra bræðra.

Nú er sjö daga ferð framundan til að fylgja eftir nýútkomnum diski, Skást of Hvanndalsbræður. Þeir segjast vera að safna orku fyrir þá ferð og nýafstaðin máltíð sé liður í þeirri uppbyggingu. „Páfagaukapaté-ið stendur með manni lengi,“ fullyrða þeir. En varla hafa þeir vanist því í sveitinni? „Nei, þar voru kindur aðaluppistaðan í fæðunni og svo rak einstaka hval. Við átum mikinn hval í æsku. Upp úr súru,“ segir Rögnvaldur gáfaði.

Þeir segjast hafa kynnst páfagaukapaté-i eftir að þeir komu á mölina. „Það varð til fyrir slysni,“ segir Sumarliði og svo kemur sagan. „Rögnvaldur gáfaði var að elda og páfagaukurinn okkar flaug í matvinnsluvélina. Þá komumst við á bragðið og síðan höfum við þróað þennan rétt.“

„Við höfum verið að spá í að opna stað sem sérhæfir sig í svona paté-i,“ segir Valur og bætir við ísmeygilegur. „Ef platan selst ekki þá er eins víst að við snúum okkur að því.“

Blaðamaður veit ekki hvernig á að taka þessu. Er þetta hótun?

„Já,“ segir Sumarliði dálítið lymskulegur. „Ef fólk kaupir ekki plötuna þá gæti það lent í því að fá svona páfagaukapaté-stað í bæinn sinn. Þetta verður örugglega keðja.“

*gun@frettabladid.is*


EINSTAKT TILBOÐ:
SKY HD MÓTTAKARI
aðeins 79.000 kr.
sky sky movies SKY SPORTS SKY NEWS

SKY ÁSKRIFTARKORT AÐEINS 1 KR.
EF KEYPTUR ER MÓTTAKARI!
Sky HD er bylting í sjónvarpstækni

Upplýsingar í símum:
820 3712 og 820 5280 og sky@internet.is



**Jarðarber** eru frábær sumarfæða. Þau eru fersk og því tilvalin til þess að fríska upp á alls konar salöt eða súkkulaðikökur auk þess sem gott er að borða þau bara ein og sér.






# Brakandi ferskt og fagurt

***Sumarið er tíminn til að neyta grænmetisrétta, hvort sem um er að ræða sem meðlæti eða aðalrétti.***

Á sumrin hafa margir gaman af því að grilla, en margir dagar í röð með kjötneyslu geta haft svolítið slen í för með sér og þá er ráð að borða eitthvað léttara og ferskara. Á vefsíðunni www.islenskt.is, sem Sölufélag garðyrkjumanna heldur úti er að finna ótal margar góðar og gagnlegar upplýsingar um íslenskt grænmeti í allri sinni dýrð, bæði uppskriftir, grænmetisdagatal, fróðleik um meðhöndlun grænmetis og margt fleira. Eftirfarandi uppskrift er spánný og kemur frá Nönnu Rögnvaldardóttur sem léði Sölufélagi garðyrkjumanna krafta sína á dögunum. Paprikan hentar vel sem forréttur eða meðlæti.

**KÚSKÚSFYLLTAR PAPRIKUR**

- 4 stórar paprikur, gjarnan mismunandi litar
- 3 msk ólívuolía
- 200 g kúskús
- vatn eftir þörfum
- safi úr einni sítrónu
- nýmalaður pipar
- salt
- 150 g konfekttómatar (eða venjulegir)
- 2 vorlaukar
- ½ knippi steinselja, söxuð
- 1 ostarúlla með píkantkryddi



Kúskúsfylltar paprikur að hætti Nönnu.

Ofninn hitaður í 180°C. Paprikurnar skornar í tvennt eftir endilöngu, stilkur, kjarni og fræ fjarlægt og þær síðan penslaðar með 1 msk. af olíu og þeim raðað í eldfast mót. Kúskúsið sett í skál, sjóðandi vatni hellt yfir samkvæmt leiðbeiningum á umbúðum og látið standa í um 5 mínútur. Þá er sítrónusafa, 2 msk. af olíu, pipar og salti hrært saman við. Tómatarnir, vorlaukurinn og steinseljan söxuð smátt og blandað saman við. Paprikurnar fylltar með kúskúsblöndunni og síðan er ostarúllan skorin í sneiðar og 1-2 sneiðar settar ofan á hvern paprikuhelming. Sett í ofninn og bakað í 20-25 mínútur. Borið fram með grænu salati (t.d. grand-salati) og góðu brauði.














Talið er að hvítlaukur hafi upphaflega vaxið í Mið-Asíu og sjófarendur hafa borið hann með sér til annarra heimsálfa.

## Bætir heilsu

HVÍTLAUKUR HEFUR MARGÞÆTT NOTAGILDI Í MATARGERÐ.

Hvítlaukur hefur verið vinsælt hráefni í matargerð svo öldum skiptir. Það ætti svo sem ekki að koma á óvart þar sem hann hentar í margvíslega fisk-, kjöt- og grænmetisrétti.

Hvítlaukur þykir einnig góður bragðbætir út í súpur og sósur, enda sterkur á bragðið. Það má gera úr honum duft, salt, mauk og flögur. Síðast en ekki síst er brauð með hvítlaukssmjöri vinsælt víða um heim.

Þá hefur hvítlaukur um aldabil verið talinn búa yfir heilsubætandi áhrifum. Hann á að verka gegn astma, sykursýki og bólgu og kemur í veg fyrir blóðtappa, blóðsykurshækkun, of háan blóðþrýsting og kransæðastíflu, svo fátt eitt sé nefnt.

Forðum daga töldu menn að hvítlauk mætti jafnframt nota til að fæla blóðsugur og illa anda í burtu. Sterk lyktin á vafalaust sinn þátt í þeirri þjóðtrú. *-rve*

Hér áður fyrr var talið að hvítlauk mætti nota til að hrekja burt vampírur og illa anda.




**Útsala** er hafin í Topshop og hægt að fá fjórutíu til níutíu prósenta afslátt af ýmsum vörum.

# Þrjár vikur í Alaska

***Mannfræðingurinn Pétur Waldorff fór 16 ára í veiðiferð til Alaska fyrir sinn pening. Ferðin eru hans bestu kaup.***



Ritgerðin sem skilaði Pétri veiðiferð í Alaska fjallaði um reynslu hans af kynþáttafordómum sem hann varð vitni að sem ungur strákur meðal hjálparstarfsmanna í Angóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hvað myndi 16 ára strákur yfirleitt gera fengi hann 150 þúsund krónur upp í hendurnar? Örugglega ekki það sama og mannfræðingurinn Pétur Waldorff gerði en þegar hann var 16 ára sigraði hann ritgerðasamkeppnina „Með pennann að vopni“ og hlaut að launum 150 þúsund krónur.

„Ég gerði bestu kaup ævi minnar og fór í veiðiferð til Alaska fyrir verðlaunaféð,“ segir Pétur. „Ég fór með pabba mínum og frændum og saman eyddum við tæpum þremur vikum í veiði.“

Fyrst var farið til New York í nokkra daga og svo haldið til Alaska. Leigður var húsbíll og flakkað milli veiðisvæða og þegar komið var að Kenai-fljóti voru gúmmíbátar fengnir að láni og róið niður eftir ánni. „Við stoppuðum á stöðum sem okkur fannst fallegir og líklegir til að vera góðir veiðistaðir,“ segir Pétur. „Þarna veiddum við ýmsar tegundir af Kyrrahafslaxi og ýmsar tegundir af norðuramerískum silungi.“

Pétur siglir nokkuð lygnan sjó í fjármálunum enda segist hann ekki vera vanur að gera slæm kaup. „Ef ég hugsa vel og lengi held ég að verstu kaup mín séu Nikon Coolpix 5700 stafræn myndavél,“ segir Pétur. „Hún var fín til að byrja með en entist ekki eins lengi og vonir stóðu til. Það fór gormur í flassinu og nú þarf alltaf að halda því uppi ef taka á mynd í myrkri. Plast hefur brotnað af vélinni og gúmmíið á henni fór fljótlega að flagna af.“

Pétri finnst sem sagt að miðað við hversu dýr myndavélin var á sínum tíma hefði hún átt að endast mun lengur. „Hún dugði samt ágætlega í rannsóknum mínum á Malaví,“ segir Pétur. „En tækniframfarirnar eru svo hraðar að þegar maður kaupir sér stafræna myndavél verður hún fljótt úrelt ef maður kaupir sér ekki þá bestu. Eins og ég lít á málið verður maður að kaupa þá dýrustu eigi maður ekki að verða fyrir vonbrigðum, nú eða þá ódýrustu því þá skipta vonbrigðin litlu máli.“

*tryggvi@frettabladid.is*


ERT ÞÚ Á LEIÐINNI Í ÚTILEGU?

Með Útilegukortinu getur þú tjaldað með fjölskyldunni á **27 tjaldsvæðum** í allt sumar fyrir aðeins **9.900 kr.**

Útilegukortið gildir fyrir húsbíla, hjólhýsi, tjaldvagna, fellihýsi og tjöld. Engin takmörk eru á því hversu oft má koma á hvert tjaldsvæði. Útilegukortið gildir fyrir tvo fullorðna og börn undir 16 ára aldri. Útilegukortið kostar aðeins 9.900 kr.

Þú færð Útilegukortið á www.utilegukortid.is, helstu útivistarverslunum og á sölustöðum N1 um allt land.

N1
www.utilegukortid.is
utilegukortid@utilegukortid.is
Sími 552 4040
ÚTILEGU KORTIÐ 2007
SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA


**Draumavagninn þinn á frábæru sumartilboði!**

Nú er einstakt tækifæri til að ná afar góðum samningum við sölumenn okkar sem eru í sólskinsskapi og veita aldeilis frábær tilboð á síðstu Camplet tjaldvögnunum og Starcraft fellihýsunum. Fyrstur kemur fyrstur fær. Þetta er tækifæri ársins til að ná sér í kostagrip á frábæru verði!

MotorMax
**MotorMax Reykjavík** - Kletthálsi 13 - Sími 563-4400
**MotorMax Egilsstöðum** - Sími 470-5080 / 470-5070 - **MotorMax Akureyri** - Sími 460-4350
**www.motormax.is**
SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Opið: Mán. - fös. kl. 9-18 - Lokað á laugardögum í sumar
ELBA eldunartæki og uppþvottavélar
Nettoline innréttingar
Snaigé kæliskápar
ÞÚ HITTIR BEINT Í MARK ÞEGAR ÞÚ KAUPIR INNRÉTTINGU Í FRÍFORM
Fríform þar sem þú færð meira fyrir peningana
Fríform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

## BÍLAR & FARARTÆKI




**Bílabúð Benna ehf.**
**Bíldshöfða 10,**
**Sími: 587 1000**
**www.benni.is**



### Hjólhýsi til sölu árg 2007

Adria 552 UK með sjónvarpsloftnet,sólarrafhlaða,sólskyggni og svefnaðstaða fyrir 7 manns verð 2,750,000. tilboð 2.590.000 og möguleiki á 80 % bílasamningi með ca 30 þús. á mán. Uppl. á Bílasölu akureyrar 461 2533

**Bílasala Akureyrar**
**Freyjunesi 2, 603 Akureyri**
**Sími: 461 2533**



9-3 ARC Turbo 210 HÖ. Sportlegur Sedan bíll með frábæra aksturs eiginleika. Verð 3.580.000.- Nýr Bíll



### Toyota HIlux DC dísel

38" breyttur, ek 120 þús á vél, skoðaður 08, loftlæstur, álfelgur, hlutföll, kastarar ofl.. Gott efni í góðan fjallabíl verð 490 þús. Upplýsingar hjá Bílasölu Íslands 5104900

**Bílasala Íslands**
**Skógarhlíð 10, 110 Rvk.**
**Sími: 510 4900**
**www.bilasalaislands.is**



VW GOLF STATION COMFORTLINE árg 9/2003 ek 63.þ km, ssk., Frábært eintak á góðu verði, 1090.þ stgr ásett v. 1490. þ Vantar allar gerðir bíla á skrá og á staðinn S:5672700.

**Arnarbílar ehf**
**Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**



Nýr Mazda CX-9 3.5L. V6 263 hp., 7 manna lúxus sportjeppi. Komdu í reynsluakstur í dag.



Nýr Mazda Cx-7 2.3L. Turbo 244 hp., framúrskarandi hönnun á sportjeppa frá Mazda. Komdu í reynsluakstur í dag.



Nýr 2008 Mazda Tribute nýtt og breytt útlit með meiri staðalb. en áður. Komdu í reynsluakstur í dag.

**X4 ehf**
**Malarhöfði 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**
**www.x4.is**



SJÁLFSKIPTUR TOYOTA YARIS SOL 1300cc SJÁLFSKIPTUR árg 2002 ek. 65 þ.km Verð 1.150 þús. Stgr. Áhvílandi 950 þús. Afb 20 þús á mánuði. Gull Fallegur.



TOYOTA YARIS T-SPORT 1500cc árg 2002 ek. 91 þ.km Verð 1.090. þús. Áhvílandi 700 þús. Afb 17 þús á mánuði. Rauður Mjög flottur. Álfelgur, Spoiler.



SJÁLFSKIPTUR TOYOTA YARIS SOL 1300cc SJÁLFSKIPTUR árg 8/2002 ek. 91 þ.km Verð 1.190. þús Stgr. Áhvílandi 900 þús. Afb 16 þús á mánuði. Topp Smurbók, Álfelgur, Spoiler.



TOYOTA YARIS SOL 1000cc árg 1999 ek. 99 þ.km Verð 590. þús Stgr. Áhvílandi 460 þús. Afb 11 þús á mánuði.Álfelgur, Spoiler.



SJÁLFSKIPTUR VW GOLF 1600cc SJÁLFSKIPTUR árg 1998 ek. 144 þ.km Ásett 390 þús. TILBOÐ 190 þús Stgr. Möguleiki á allt að 100% láni



TOYOTA COROLLA 1600cc STATION árg 1993 ek. 206 þ.km Skoðaður 08. Beinskiptur. Ásett 290 þús. TILBOÐ 190 þús Stgr. Skipt um tímareim í 185 þ.km. Topp Smurbók. Möguleiki á allt að 100% láni

**Heimsbílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 4000**
**Til sýnis og sölu á Heimsbílum Kletthálsi 2 S: 567-4000. Sjá fleirri myndir á www.heimsbilar.is**
**www.heimsbilar.is**






Mercedes Benz C 180 K Árgerð 06.2006 ekinn 29 þkm. Obsidian svartur metallic, sjálfskiptur, álfelgur ofl. Verð kr. 3.650.000,- 100% bílalán

**Auto Reykjavík**
**Krókhálsi 5, 110 Reykjavík**
**Sími: 569 3300**
**http://www.auto-reykjavik.is**

Breiðan ehf 821-6292



Renault Master pallbíll árgerð 10/2004, 3 manna, diesel, ekinn 90 þús.km., þjónustubók, sk.'08, 100% lánað, verð 1.980.000,- m.vsk. 821 6292.



Renault Master rúta árgerð 2005, 18 manna, stærri vélin 150 hö, ekinn aðeins 60 þús.km., mjög vel útbúinn sk.'08, 100% lánað, verð kr. 3.890.000. S. 821 6292.

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

## Bílar til sölu




Toyota Camry HYBRID 5,9L/100km Nýr frá 2600þús til leigubílstj., almennt v.3325þús. Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hö. 7,5L/100km! 2006 frá 3.790þús. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/ Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www. islandus.com



Cadillac Eldorado Northstar, árg. '95. Góður bíll. Verð 990 þús. Uppl. í síma 899 5424 og 847 5033.



### Ný hjólhýsi - frábær tilboðsverð!

Erum að selja nokkur ný sýningarhjólhýsi á frábæru tilboðsverði. Mótormax, Klettháls 13, sími 563 4400.



100% lán. Verð 1480. þús yfirtaka. Frábær 6 manna fjölskyldubíll Fiat Multipla 2005 með nýja útlitinu ek.29.000 . Glæný dekk fylgja. Uppl. í síma 616 7479 eða á jonatanv@ruv.is



Toyota Avensis nýskr 8/1998 ekinn 188 þ km 1.6 vél 5 gíra cd rafm í rúðum verð 440.000- ath skipti s. 863 0149.



VW Golf '98. Ek. 179 þús. 5 dyra, rauður, vetrar og sumardekk. Verð 250 þús. Uppl. í s. 848 5621.



Til sölu Toyota Avensis Wagon Sol Árg.'06 Ek. 23 þús. 16" álf. Vetradekk á felgum, cd og fl. Uppl. í s. 899 0023



Nýr Mercedes Benz Sprinter 518, 20 sæta, 184 hö, 6 gíra beinskipt, loftkæling, loftfjöðrun. Ræsir hf, Krókhálsi 11. s.540 5445/540 5452



Nýr Mercedes-Benz 4144 8x4 16 rúmmetra sturtupallur beinskiptur, retarder Verð 10.300.000,- án vsk Ræsir hf, Krókhálsi 11 540 5452 / 540 5445



Mercedes-Benz Sprinter 41 20 sæta, nýskráður 07/06, 5 gíra beinskipt , ónotaður Verð: 6.500.000,- Ræsir hf, Krókhálsi 11 540 5452 / 540 5445



**Nissan Primera**
**árgerð 2000 ekinn 85.000 þús. sjálfskipt ekkert út bara yfirtaka á láni.**
**Uppl. í s. 848 4851**



Porsche 911/997, 09/05. Ssk., leður, lúga, navi, ofl. Verð 9,9m. S. 695 4777.



### Mercedes Benz, árg. '04

M. Benz E200 T Kompr Classic 2004, ek. 61þ. km. Ssk. Cuponsilfur, dekurbíll á frábæru verði, aðeins 3.390 þ. Áhv. 2 millj., afb. ca. 38 þ. á mán. Flottur bíll í toppstandi! Uppl. í s. 661 9060.

### www.bilapartar.is

Eigum nokkra Toyota fólksbíla og jeppa til sölu. Upplýsingar í síma 587-7659 Bílapartar ehf, Grænamýri 3 Mosfellsbæ.

Nissan Terrano 2 dísel. Árg.06.'02. Ek. 97 þús. Ssk. 7 manna Dekurbíll, svartur. Uppl. í s. 899 1175.

Suzuki Baleno 4x4 árg.'00. Ek. 105 þús. Reyklaus fjölskyldubíll. Tilboð óskast. Uppl. í s. 698 2887.

Til sölu Trans Am árg.' 79, nýupptekin vél 400 hö. Geggjuð græja! Verð 150 þús. Uppl. í s. 869 9173.

Opel Astra Árg.'95 Til niðurrifs eða uppgerðar. Verð 30 þús. eða tilboð. Uppl. í s. 891 9933.

Tilboð Hyundai Elantra árg.'98 Ssk. Listaverð 320 þús. Tilboðsverð 270 þús. Uppl. í s. 820 6711.

## 0-250 þús.



Toyota Corolla '91. Ek. 187 þús. Ný sumardekk og nýleg vetradekk á felgum fylgja. 5 dyra, ssk., Verð 70 þús. Fyrstur kemur fyrstur fær. Uppl. í s. 860 2061 & 822 1625.

Hjólhýsi, til sölu Caravaleir, Antares Luxe 390 árg. 06. Svefnpláss fyrir 4. rafmagn, hiti og wc. Húsið er nánast ónotað. Verð 1.6 m. Get sent myndir ef óskað er. Til sýnis að Brekkugötu 14 Vogum. Uppl. í síma 863 3868 gs@snerpa.is Guðmundur.

Til sölu Subaro Turbo '88. 2 dyra. Uppl. í s. 692 1280.

Daewoo Nubira árg. '98 ek. 98 þús. km. Bíll í frábæru ástandi sk. 08 álf. á low pr. dekkjum. Naglad. á felgum fylgja. Flottar græjur. Verð kr. 290.000 tilboðverð kr. 180.000. Uppl.í síma 6905000.

Daihatsu Charade '95. Ek. 136 þús. Verð 100 þús. Uppl. í s. 868 0386.

Galant GLXi, 93 árg., ek. 202 þús. Verð 160 þús. Uppl. í s. 868 5922.

FORELDRA síminn 581 1799

VÍMULAUS ÆSKA

Foreldrahús

# Vímuvarnir hefjast heima!

FRÉTTABRÉF VÍMULAUSRAR ÆSKU OG FORELDRAHÚSS

GEYMDU ÞETTA EINTAK

**Fréttablað Vímulausrar æsku / Foreldrahúss**. 1. tbl. 21. árgangur 29. júní 2007. Útgefandi: Vímulaus æska - Foreldrahús, Vonarstræti 4b, 101 Reykjavík. Sími 511 6161. Fax 511 6162. vimulaus@vimulaus.is www.vimulaus.is Ritstjóri, ábm.: Elísa Wíum Umbrot: Guðni Björnsson Viðtal: Halldóra Sigurðardóttir, fjölmiðlafræðingur

## Styrktartónleikar VÍM07




Nýlega voru haldnir styrktartónleikar í Fríkirkjunni í Reykjavík til styrktar starfi Vímulausrar æsku/Foreldrahúss. Þar komu fram nokkrir góðir listamenn sem vildu með framkomu sinni vekja athygli á og styrkja starf samtakanna. Vímulaus æska vill færa því ágæta listafólki sem fram kom bestu þakkir fyrir framlag þeirra, velvilja og áhuga. Einnig þakka samtökin þeim fjölmörgu áhorfendum sem mættu á tónleikanna og Fríkirkjunni fyrir aðstöðuna. Myndir frá tónleikunum eru á www.vimulaus.is.

## Styrkur frá Pokasjóði

Pokasjóður verslunarinnar úthlutaði nýlega styrkjum að upphæð rúmlega 100 milljónir króna til 122 verkefna á sviði umhverfismála, mannúðarmála, lista, menningar, íþrótta og útivistar. Vímulaus æska hefur um árabil fengið góðan stuðning úr sjóðnum og að þessu sinni var 5 milljónum veitt til samtakanna til að halda forvarna- og sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir börn og ungt fólk frá 10 – 17 ára.

## Vinsæl námskeið

Í vetur voru haldin um 40 sjálfsstyrkinganámskeið fyrir börn og unglinga 10 - 17 ára. Mikil ásókn er í námskeiðin en þau eru haldin víða um land þó flest þeirra séu haldin á höfuðborgarsvæðinu. Einnig hafa öflugir foreldrahópar verið virkir í vetur og í sumar munu vera starfandi 2 hópar þar sem foreldra hittast, ræða málin og styðja hvert annað í uppeldistarfinu.

## Nýr sálfræðingur



Nýlega var Hjördís Árnadóttir, sálfræðingur ráðin til starfa í Foreldrahúsi. Hjördís lauk sálfræðinámi sínu frá Kaupmannahafnar háskóla árið 2000 og hefur síðan starfað sem slík bæði í Danmörku og á Íslandi. Hún starfar einnig sem sálfræðingur í Miðgarði, þjónustumiðstöð í Grafarvogi sem sinnir aðallega ráðgjöf til skóla og leikskóla, foreldra og kennara.

Hildur Björg Hafstein, Formaður SAMFOKS:

# Ef lífið væri bjargsig



Ímyndum okkur að lífið sé bjargsig. Foreldrar búa börn sín af stað niður klettinn sem lífið er, halda í tauminn og beina barninu örugga leið með öruggan útbúnað. Þegar komið er nokkuð áleiðis finnur barnið að það getur fótað sig sjálft en þarf enn á örugga handleiðslu foreldra og traustu handtak. Ekki má sleppa taumnum þótt meiri slaki sé gefinn. Eftir nám í grunnskóla eru flestir unglingar farnir að átta sig á því hvernig best er að fóta sig í lífinu. Rannsóknir á lífsháttum þeirra og líðan sýna að sífellt fleiri velja að nota hvorki tóbak, áfengi né vímuefni. Þannig koma þau flest úr grunn-skóla að vori og huga að frekari menntun. Umhyggja og aðhald foreldra hefur stutt þau og hvatt til að velja heilbrigðan lífsstíl.

En að hausti taka við breytingar. Nýr skóli, nýir vinir, nýtt félagslegt umhverfi. Þó að þetta sé skemmtilegur tími er hann að mörgu leyti erfiður. Vitað er að tíminn frá lokum grunnskólans þar til nám er hafið í framhaldsskóla er sá tími þegar neysla ungmenna á tóbaki, áfengi og öðrum vímuefnum eykst. Full ástæða er því fyrir foreldra að halda enn fast um tauminn þótt meiri slaki sé gefinn.

Í framhaldsskólum er öflugt og skemmtilegt félagslíf sem sýnir þann kraft og dugnað sem býr í nemendum. Um framhaldsskólaböll gilda ákveðnar reglur sem rétt er að foreldrar og forráðamenn kynni sér vel. Partý fyrir böllin eru vinsæl og jákvætt að foreldrar opni heimili sín fyrir vinum barnanna en mikilvægt er að þá sé alltaf einhver ábyrgur fullorðinn til staðar ef eitthvað kemur upp á. Boð um eftirlitslaus partý eru fljót að berast og geta því auðveldlega komið upp aðstæður sem unglingar geta ekki ráðið við.

Undanfarið hefur borið nokkuð á svokölluðum bjórkvöldum fyrir nemendur í framhaldsskólum. Þessi kvöld eru ekki á vegum skólanna heldur einhverra utanaðkomandi aðila í samstarfi við viðkomandi skemmtistað. Mikilvægt er að foreldrar séu vakandi fyrir þessu því hvert ár sem unglingurinn frestar því að byrjar að drekka áfengis skiptir miklu máli. Stundum heyrist sú röksemd að betra sé að unglingurinn fái áfengi heima hjá sér, þá sé í það minnsta vitað hvað hann er að drekka og hve mikið. Norrænar rannsóknir sýna þó að þeir sem fá áfengi heima hjá sér drekka meira enda foreldrar búnir að samþykkja drykkjuna og þegar nestið að heiman er búið hefur dómgreindin dofnað og auðvelt að bæta á sig.

Það er spennandi að hefja nám í framhaldsskóla enda minnast margir áranna þar sem sinna skemmtilegustu stunda. Þegar stúdentshúfan verður sett upp vona allir foreldrar að sitt barn eigi góðar og jákvæðar minningar. Til að svo verði þurfa foreldrar áfram að halda um tauminn með umhyggju og aðhaldi. Slaka á taumnum en ekki sleppa því þannig nær barnið góðri lendingu.

Sr. Þorvaldur Víðisson Miðborgarprestur Dómkirkjunnar:

# Samstarf miðborgarstarfs Dómkirkjunnar og Vímulausrar æsku



Á liðnum vetri fékk ég ögn að kynnast starfi Foreldrahúss – Vímulausrar æsku. Það lætur lítið yfir sér húsnæðið við Vonarstræti 4b og án efa er þörf á stærra húsnæði og meira rými. Það er táknrænt að Safnaðarheimili Dómkirkjunnar og húsnæði Vímulausrar æsku skuli bæði standa við Vonarstræti. Því vonin er byggingarefnið í svo mörgu góðu sem unnið er á vettvangi fjölskyldna á báðum stöðum.

Starfsemi Foreldrahúss er mikil og kom mér á óvart hve margt er í gangi og starfið öflugt. Mér kom í hug að húsið væri líkt og smæsta fræ sem gefur af sér ríkulegan ávöxt, svo tekin sé líking úr helgri bók.

Frá haustmisseri 2006 hafa miðborgarstarf Dómkirkjunnar, Foreldrahús og ÆSKR (Æskulýðssamband kirkjunnar í Reykjavík) staðið fyrir kyrrðarstundum í Dómkirkjunni. Þær eru haldnar einu sinni í mánuði og opnar öllum. Þær hefjast á ný á komandi hausti.

Í hverri kyrrðarstund heyrum við reynslusögu einhvers sem komist hefur frá ofneyslu áfengis eða annarra vímuefna, eða hefur kynnst slíkri fíkn úr sínu nánasta umhverfi. Erindin, hingað til, hafa öll átt það sameiginlegt að vera mögnuð, fróðleg og gefandi. Á stundunum er gjarnan sungið og lesinn ritningarlestur. Við biðjum samhuga fyrir börnum og unglingum, fjölskyldum og foreldrum, og öllu því sem á hverjum og einum hvílir. Bænaljós eru tendruð, bænir skrifaðar og svo er gjarnan boðið upp á fyrirbænir eftir stundina. Í lokin fær hver og einn þátttakandi olíu í lófann sinn með krossmarki og kveðjunni „Drottinn blessi þig og varðveiti þig!“ Á kirkjulofti Dómkirkjunnar er síðan boðið upp á kaffisopa.

Það er dýrmætt að koma saman á helgan stað og hugsa til þeirra sem standa manni næst. Biðja fyrir börnunum okkar og biðja einnig fyrir fjölskylduböndunum. Maður stendur sem foreldri oft svo berskjaldaður og úrræðalaus gagnvart lífi barnanna, það eiga allir foreldrar sameiginlegt. Áhyggjur og kvíða er gott að geta orðað í bæn og í samfélagi. Á kyrrðarstundunum er vettvangur til þess.

Á liðnum vetri fékk ég einnig tækifæri til að vera með foreldrum í umræðu um sorg og viðbrögð við missi. Slíkt samstarf við Foreldrahúsið er miðborgarstarfi Dómkirkjunnar mikilvægt.

Ég hlakka til enn frekara samstarfs við allt það góða fólk sem vinnur á mikilvægum vettvangi Foreldrahúss – Vímulausrar æsku.

## Þökkum stuðning

**Reykjavík**
24/7 Tölvuþjónusta ehf
About Fish Íslandi ehf,
Aðalblikk ehf
Allar lagnir ehf
Arctic rafting
Arkitektar Laugavegi 164 ehf
Árbæjarkirkja
Ársól snyrtistofa
Ásbjörn Ólafsson ehf,
Bandalag háskólamanna
Barnaverndarstofa
Bernharð Laxdal ehf
Betra líf ehf,
Betri bílar hf, bílaverkstæði
Beyki ehf
Bifreiðabyggingar sf
Bifreiðasalan
Bílahöllin-Bílaryðvörn hf
Bílaleigan AKA
Bílasalan Höfðahöllin ehf
Bílasmiðurinn hf
Bílasprautun SMS ehf
Bílastjarnan
Bláber ehf
Blikksmiðja Gylfa ehf
Bormenn Íslands ehf
Bókaútgáfan Æskan ehf
Brim Laugavegi og Kringlunni
Brimrún ehf
BSRB
BV Rammastúdíó ehf
Congress Reykjavík – Ráðstefnuþjónusta ehf
Danica sjávarafurðir ehf
Deloitte hf
DHL Á ÍSLANDI
Dreifing ehf
Dynjandi ehf
Dýralæknamiðstöðin
Eignamiðlunin ehf
Endurvinnslan hf
Ernst & Young hf
Eyrir fjárfestingafélag ehf
Faglagnir ehf
Fasteignamat ríkisins
Fasteignasalan Fasteign.is ehf
Faxaflóahafnir sf, Hafnarhúsinu
Félagsbústaðir hf
Fjarhitun hf
Fjölhönnun hf, verkfræðistofa
Frjálsíþróttasamband Íslands
G.Á. verktakar sf
G.S.varahlutir ehf
Gagnaeyðing ehf
Gastec ehf
Gissur og Pálmi ehf, byggingaverktaki
Gjögur hf
Glitnir banki ehf
Grásteinn ehf
Gróðrarstöðin Storð ehf
Guðmundur Arason ehf - smíðajárn
Guðmundur Jónasson ehf
Guðrún ehf tískuverslun
Gunnar afi SH 474
Hamraskóli
Hárgreiðslustofan Stubbalubbar
Háskólinn í Reykjavík
Háteigsskóli
Heilsubrunnurinn ehf
Heimilisprýði ehf
HeklaSoft ehf
Heyrnartækni ehf
HGK ehf
Hilmar D. Ólafsson ehf
Híbýli og skip ehf
HJ bílar ehf
Hókus pókus
Hótel Reykjavík hf
Hreyfigreining Höfðabakka ehf
Hreyfill
Hurða- og gluggasmiðjan ehf
Hús verslunarinnar sf
Húsafl sf
Húsakaup ehf
Húsaklæðning ehf
Höfðakaffi ehf
Iðntré ehf
Innheimtustofnun sveitarfélaga
Íbúðalánasjóður
Ísgraf ehf
Íslandsfundir ehf
Ísold ehf
Íþróttafélagið Fylkir
Jarðvélar sf
JP Lögmenn ehf
Kemis ehf
Kjarni.is
Knattspyrnufélagið Víkingur
Knattspyrnusamband Íslands
KOM almannatengsl
Lagnagæði ehf
Landslag ehf
Laugarnesskóli
Lausn Hugbúnaður ehf
Lindin, kristið útvarp FM 102,9
List og saga ehf,
Loftræstihreinsun ehf
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
Löndun ehf
M.G.B. endurskoðun ehf
Matthías ehf
Málningarþjónustan Litaval ehf
Meistarasamband byggingamanna
Mekka Wines& Spirits hf
Menntaskólinn í Reykjavík
Menntaskólinn við Hamrahlíð
Menntaskólinn við Sund
Mentis hf
Móðir Náttúra ehf
Nexus afþreying ehf
NM ehf
Nói-Síríus hf
Nýi ökuskólinn ehf
Nýja teiknistofan ehf
Ottó B. Arnar ehf
Ólafur Hans Grétarsson, tannlæknir
Ósal ehf
Pegasus ehf
Pizza King ehf sími: 551 7474
Rafneisti ehf
Rafsvið sf
Rafteikning hf
Raftíðni ehf
Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins
Rannsóknarþjónustan Sýni ehf
Reykjavíkurprófastsdæmi eystra,
Réttingaverk ehf
Réttingaverkstæði Bjarna og Gunnars ehf


# Ef við erum tilbúin til að hjálpa hvort öðru þá er hálfur sigur unninn

**Díana Ósk Óskarsdóttir er áfengis- og vímuvarnaráðgjafi í Foreldrahúsi. Starf hennar felst í því að hjálpa fíklum sem vilja komast út úr neyslu, ásamt því að aðstoða aðstandendur fíkla. Starfið er oft á tíðum erfitt en þrátt fyrir það segir Díana sig vera á réttum stað.**



„Ég er algjörlega að finna mig hérna. Þetta er alveg mín deild,“ segir hún og brosir. „Ég hef verið að mennta mig í ráðgjöf og hér í Foreldrahúsi á ég heima,“ segir hún og bætir við að hún búi við meira svigrúm í starfi en áður og sé mjög ánægð með það. „Það er svo skemmtilegt að fá að vera skapandi í sínu starfi og fá að fylgja málum svona lengi eftir. Hér er líka allt frjálsara og heimilislegra. Á öðrum meðferðarstofnunum er maður oft bundinn við ákveðinn tíma og stundum þarf maður að senda fólk frá sér of snemma að mínu mati. Annars staðar þarf að skrifa sjúkraskrár og skýrslur. Hingað getur fólk leitað og vitað að ekkert er skrifað niður eða skráð nema þá aldur unglinganna og hvar á landinu þau eru. Það eina sem við skoðum er aldur ungmenna og hvar á höfuðborgarsvæðinu eða hvar á landinu þau eru svo við getum átt einhverja yfirsýn yfir þá sem eru í neyslu. Hingað leitar fólk á öllum aldri, til dæmis foreldrar sem eiga börn eða fjölskyldumeðlim í neyslu eða bara ömmur og afar sem eiga barnabörn í neyslu og finnst foreldrarnir ekki vera að bregðast við vandamálinu.“

### „Oftast þarf öll fjölskyldan á hjálp að halda“

Díana segir sumt fólk koma aðeins einu sinni í greiningarviðtal og síðan sé þeim vísað annað. En reyndin er sú að fólk staldrar yfirleitt lengur við. „Ég hef verið með fólk hér í um tvö ár og ég veit um aðra sem hafa verið lengur. Við bjóðum í fyrsta viðtali upp á ákveðna handleiðslu, þ.e. hvert fólk getur leitað með vandamál sín, hvaða úrræði kerfið býður upp á og hvaða stuðning fjölskyldumeðlimir geta fengið. Við tökum oft fjölskylduviðtöl og þá kemur öll fjölskyldan saman. Stærsta fjölskylduviðtal sem ég hef tekið voru átta manns og í því tilviki var mjög vel staðið að einstaklingnum. Um var að ræða ungan dreng sem var á hættustigum, að byrja í neyslu og fólkið vildi grípa strax inn í og allt fór mjög vel. Í fjölskylduviðtölunum skoðum við hvað er að gerast og hvernig öllum líður. Margir spyrja um hvaða úrræði séu í boði og við athugum hvernig má hjálpa. Svo erum við einnig með foreldrahópa en þar geta foreldrar komið og fengið stuðning með því að spjalla við aðra foreldra. Það hjálpar oft að heyra aðra foreldra segja frá reynslu sinni og hvernig þeir tókust á við vandamálið. Mitt hlutverk er að stýra hópnum þannig að allir fái að tala. Oft er um að ræða mjög erfiðar tilfinningar, t.d. vegna ítrekaðra sjálfsvígstilrauna unglinga og þeirra sem reglulega eru að falla aftur í neyslu. Það er alltaf mikið áfall og þar komum við inn í og hjálpum foreldrum að vinna úr eigin tilfinningum. Fólkið er oft vonlítið og í talsverðri hættu á að lenda sjálft í þunglyndi. Þannig fá þeir foreldrar sem hingað koma hjálp til að vinna í sér og sínu lífi því oft eiga foreldrar ekki neina orku eftir fyrir önnur börn á heimilinu. Það er í raun alveg rosalegt þegar einn einstaklingur er í neyslu. Öll fjölskyldan þarf á aðstoð og fræðslu að halda því allir fjölskyldumeðlimir taka þátt í sjúku samskiptamynstri. Til dæmis er átta ára gamalt barn farið að tipla á tánum í kringum þann sem er í neyslu. Við höfum fengið hér inn nokkur börn í kringum átta ára aldur sem við sjáum að þurfa virkilega á aðstoð að halda. Eins og er eru ekki nein úrræði fyrir þessi börn en það stendur til að finna lausn.“

### „Í eftirmeðferðinni er unnið að því að styrkja sjálfsmyndina...“

Foreldrahús býður einnig upp á eftirmeðferð og stuðning fyrir unglinga sem hafa lokið meðferð. Margir sem koma úr neyslu eiga fáa vini og vantar því félagslegan stuðning. „Yfirleitt þegar unglingar koma út úr meðferð eru þau búin að loka á alla neyslufélaga og eiga jafnvel í erfiðleikum með samskipti. Í Eftirmeðferðinni fá unglingarnir tækifæri til að tjá sig um sínar tilfinningar, erfið samskipti og ótta, t.d. kunna þau ekki alltaf að bera sig að við að sækja um vinnu eða langar í skóla en vantar hvatningu. Í Eftirmeðferðinni er unnið við að styrkja sjálfsmyndina og hjálpa ungu fólki að læra á tilfinningar sínar og tengjast öðrum. Við stoppum þau af ef við verðum vör við eitthvað skrítið í samskiptum þeirra, eins og áráttuhegðun eða ákveðinn talsmáta sem ýtir undir að þau eru lögð í einelti. Oft þurfum við að leiðbeina þeim með ákveðin samskipti sem einkennast af áráttuhegðun eða talsmáta sem ýtir undir einelti samanber ef þau gera lítið úr sjálfum sér. Við í Eftirmeðferðinni hittumst

> Í eftirmeðferðinni fá unglingarnir tækifæri til að tjá sig um sínar tilfinningar, erfið samskipti og ótta, t.d. kunna þau ekki alltaf að bera sig að við að sækja um vinnu eða langar í skóla en vantar hvatningu

alltaf einu sinni í viku og þá borðum við saman áður en við hittumst í hópum til að ræða málin og síðan förum við oft eitthvað um helgar, t.d. í göngutúr, hestaferð „river rafting“, í klifurhúsið, út að borða eða í bíó.“

Díana segir mjög mikilvægt að breyta gömlu lífmynstri og skemmtanalífi. Gott er því að setja inn í dagskrá unglinganna spennandi ferðir og atburði sem þeir hafa ánægju af. Mikilvægt er að unga fólkið upplifi að það sé gott og gaman að lifa heilbrigðu lífi. „Það er gríðarlega mikilvægt að skipta um lífsstíl. Í fyrsta lagi eru krakkarnir að tengjast innbyrðis af því þau eiga enga félaga og upplifa sig oft útundan og leið. Í öðru lagi er mikilvægt að þau upplifi gleðitilfinningar og hugsi: „Vá! Það var ógeðslega gaman síðustu helgi. Og við vorum edrú! Og við vorum ekki að gera neitt ólöglegt! Þetta var

# SiRKUS



Frægasta kona heims selur grimmt

29. JÚNÍ 2007 ■ Eiður Smári fór með 2 tússpenna í áritanir ■ Dagmar giftir sig í sérsaumuðum kjól ■ Guðni slapp við sólbruna



Alexander Petterson tryllir konurnar

## LÍT EKKI Á MIG SEM KYNTÁKN



Rósa Björk og Reynir Þór

## Ástfangnasta par Íslands



Þóra Sigurðardóttir

## Dreymir um diplómatapassa


PIPAR • SÍA • 71167

FRAMTÍÐARHEIMILIÐ ER KOMIÐ Í PRODOMO

*Prodomo er ný verslun sem býður nýjustu hönnun í ljósum og rafbúnaði og háþróaðan stjórnbúnað fyrir lýsingu, tónlist, mynd og hita.*

*Hlíðasmári 1 / 200 Kópavogur*
*Sími 520 4545 / www.prodomo.is*
*prodomo@prodomo.is*

PRODOMO

# blogg

blogg.visir.is/sirkus



## Eiður Smári leigir Land Cruiser

Fótboltahetjan Eiður Smári Guðjohnsen er nú í sumarfríi eftir langt og strangt tímabil með Barcelona á Spáni. Eiður Smári er kominn til Íslands ásamt sambýliskonu sinni Ragnheiði Sveinsdóttur og þremur sonum og dvelja þau í fallegu einbýlishúsi í Fossvoginum sem þau festu kaup á í fyrrasumar. Athygli vekur að Eiður Smári á engan bíl hér heldur leigir gullfallegan svartan Toyota Land Cruiser hjá Toyota-umboðinu. Ekki amaleg auglýsing það fyrir Toyota.



## Arnar Grant borðar hamborgara

Það vakti athygli viðskiptavina 10-11 á miðvikudagskvöldið að líkamræktarfrömurinn Arnar Grant stóð við kassann og beið eftir því að borga kvöldmatinn. Það væri svo ekki frásögur færandi nema af því að Arnar, sem er einkaþjálfari fína fólksins, var með fjóra löðrandi hamborgara frá Íslandsnauti undir hendinni. Skýtur það óneitanlega skökku við að maður, sem hefur unnið sér það helst til frægðar að vera ansi vel á sig kominn og að bera ábyrgð á orkusúkkulaðinu Hreysti, skuli hafa ákveðið að úða í sig hamborgurum.



RÓSA BJÖRK OG REYNIR ÞÓR SJÁ EKKI SÓLINA HVORT FYRIR ÖÐRU

# „ÉG ÆTLA Í GRÖFINA MEÐ HONUM“

Hin 24 ára gamla Rósa Björk Árnadóttir er ástfangin upp fyrir haus og óhrædd við að tjá tilfinningar sínar í garð unnusta síns, Reynis Þórs Jónassonar. Hún heldur úti síðu á my space-vefsvæðinu, myspace.com/rosa_bjork, og dylst engum sem skoðar þá síðu og síðu unnustans að Rósa Björk elskar beinlínis allt við Reyni. Hún dásamar persónuna Reyni sem og líkama hans sem er stæltur mjög eftir margra ára lyftingar.

„Mér finnst ég vera heppnasta manneskja í heimi þar sem hann fann mig. Við pössum hundrað prósent saman og erum sálufélagar,“ segir Rósa Björk í samtali við Sirkus. Sambandið hefur þó ekki staðið lengi en Rósa Björk er þó þess fullviss að Reynir sé maðurinn sem hún vilji eyða ævinni með. „Ég hafði hitt hann í Gym-80 síðasta sumar og hann hringdi svo til mín frá Húsavík og sagði mér að hann hefði dreymt mig. Ég hélt að hann væri eitthvað klikkaður en hann gafst ekki upp. Og hér erum við nú,“ segir Rósa og hlær en hún og Reynir hafa búið saman síðan í febrúar.

Spurð hvað það er sem hún elski svona í fari Reynis segir Rósa að það sé einfaldlega allt. „Hann er hinn fullkomni maður sem styður mig í einu og öllu og kemur mér sífellt á óvart, Síðan skiptir ekki minna máli hvernig hann kemur fram við mig og talar við mig. Hann er alltaf yndislegur, jafnvel þótt ég sé oft ósanngjörn,“ segir Rósa og bætir við hún eigi ekki erfitt með að opinbera tilfinningar sínar fyrir alþjóð.

„Ég er opin manneskja og finnst allt í lagi að allir viti hvað ég elska hann mikið. Ég er bara svo heppin að vera svona ástfangin, bara algjör lukkunnar pamfíll,“ segir Rósa.

Þau hafa bæði verið í fitness og æfa saman í Gym-80. Rósa segir að hún hafi verið frekar löt upp á síðaskastið en bæði hún og Reynir, sem varð Íslandsmeistari í fitness og vaxtarrækt árið 2005, stefna að því að koma sterk inn á mótum á næsta ári.

Og hvernig skyldi svo kynlíf vera hjá þessu ástfangna pari? „Það er geggjað. Við erum býsna dugleg,“ segir Rósa. „Ég þarf bara að kyssa hann og þá er hann klár,“ segir hún og hlær.

Ekki er þó fyrirhuguð gifting á næstunni hjá turtildúfunum þótt ástin blómstri sem aldrei fyrr. „Við höfum ekki planað giftingu en við erum með tattú hvort um sig, ég með nafnið hans og hann með mitt. Mitt tattú er á mjóhryggnum en hans er á hægri rasskinninni. Það er skuldbinding enda ætla ég í gröfina með honum,“ segir Rósa.

Er einhver ástfangnari en þið? „Nei, við erum ástfangnasta par Íslands,“ segir Rósa.

*oskar@frettabladid.is*



**ÁSTFANGIN** það leynir sér ekki að Rósa Björk og Reynir Þór eru ástfangin upp fyrir haus. SIRKUSMYND/RÓSA






**TATTÚ Í STAÐ HRINGS** Rósa Björk og Reynir Þór eru ekki gift en þau eru kyrfilega merkt hvort öðru með húðflúri. SIRKUSMYNDIR/RÓSA

# Sumartilboð Vildarþjónustunnar

# 50%

**afsláttur af flugi hjá Flugfélagi Íslands í sumar.**

# 25%

**afsláttur hjá öllum Fosshótelum.**

Nánari upplýsingar á www.spar.is

FOSSHÓTEL
Vinalegri um allt land

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

SPARISJÓÐURINN
Vildarþjónusta

Fíton / SÍA

## topp 20

■ 29. júní - 5. júlí

1. **100 Íslensk 80's** lög Ýmsir
2. **Life in Cartoon Motion** Mika
3. **Cortes 2007** Garðar Thor Cortes
4. **Jógvan** Jógvan
5. **Pottþétt 43** Ýmsir
6. **ÓSKALÖG SJÓMANNA (2CD)** Ýmsir
7. **Icky Thump** White Stripes
8. **Era Vulgaris** Queens Of The Stone Age
9. **Carry On** Chris Cornell
10. **Volta** Björk
11. **Á söngferðalagi** Skoppa og Skrítla
12. **Kurr** Amiina
13. **Hver er sinnar kæfu smiður** Laddi
14. **Please Don't Hate Me** Lay Low
15. **Collection 2007** Traveling Wilburys
16. **Forever** Gus Gus
17. **Back To Black** Amy Winehouse
18. **Fnykur** Samúel J. Samúelsson
19. **FutureSex/LoveSounds** Justin Timberlake
20. **Lost Highway** Bon Jovi





**EYÞÓR OG UNA** Skötuhjúin ganga upp að altarinu í Selfosskirkju á morgun. Séra Gunnar Björnsson gefur þau saman og Todmobile spilar.

**FRUMKVÖÐLAR** Munthe og Simonsen voru valdar „Ungir frumkvöðlar ársins" í Danmörku árið 2002 af fyrirtækinu Ernst & Young.

DAGMAR UNA ÓLAFSDÓTTIR OG EYÞÓR ARNALDS GANGA UPP AÐ ALTARINU Á MORGUN

# Í SÉRSAUMUÐUM BRÚÐARKJÓL SKREYTTUM SWAROVSKY-STEINUM



Dagmar Una Ólafsdóttir mun klæðast sérsaumuðum kjól frá dönsku hönnuðunum Munthe plus Simonsen þegar hún gengur að eiga athafnamanninn Eyþór Arnalds í Selfosskirkju á morgun. Þetta er í fyrsta sinn í áratug sem stöllurnar Karen Simonsen og Naja Munthe hanna brúðarkjól en þær eru heimsþekktar fyrir fatahönnun sína. „Þetta er í fyrsta sinn í áratug sem þær hanna brúðarkjól. Ég gaukaði því að þeim hvort þær væru til í að gera kjól á mig og þær eru bara svo yndislegar og góðar að þær slógu til," segir Dagmar Una, sem rekur verslunina Munthe plus Simonsen á Íslandi. Dagmar Una er nýkomin heim frá Kaupmannahöfn þar sem hún mátaði kjólinn góða, sem er gylltur og prýddur Swarovsky-steinum. „Kjóllinn er gjöf frá þeim til mín. Þær tóku ekkert annað í mál," segir Dagmar Una sem var að vonum himinlifandi yfir gjöf hönnuðanna sem hún hefur kynnst vel í gegnum starf sitt.

Dagmar Una og Eyþór ganga í það heilaga á morgun í Selfosskirkju. „Það er mikil tilhlökkun hjá okkur, hamingja og gleði – svona eins og þetta á að vera. Við berum bæði sterkar taugar til Selfoss, þar er góð kirkja og yndislegt fólk," segir Dagmar Una sem hefur staðið í ströngu við skipulagningu brúðkaupsins. „Það tekur sinn tíma að skipuleggja brúðkaup en það hefur allt gengið vel."

Dagmar Una var gæsuð af vinkonum sínum fyrir daginn stóra en þær fóru mjúkum höndum um hana. „Þær tóku mig í nudd og dekur," segir hin verðandi brúður. Hljómsveitin Todmobile mun troða upp í veislunni en Eyþór var sem kunnugt er einn af forsprökkum hennar. Þegar Dagmar var spurð hvort Todmobile hefði verið í uppáhaldi hjá henni kom svolítið hik á hana en hún svaraði svo hlæjandi: „Þau voru nú svolítið fyrir mína tíð en ég þekki samt lögin þeirra."








**GUÐNI Á RHODOS** Guðni Ágústsson er sem stendur staddur á eyjunni Rhodos. Mikil hitabylgja hefur gengið yfir Suður-Evrópu. „Þeir sem búa á Rhodos eru farnir að efast um framtíð eyjunnar og tilvist hennar. Þeir telja að innan 100 ára verði ekki hægt að búa á eyjunni vegna hita," segir Guðni. MYND/ÞÓRMUNDUR HELGASON

# Brúnn og sællegur í hitabylgjunni á Rhodos

„Hér hefur verið yfir 40 stiga hiti frá því að við komum og allt upp í 45 gráður. En það hjálpar lífi mínu að hér bý ég við hafið og það er vindur alla daga þannig að ég hef lifað þetta af. En þetta er þjáningafullt og maður fer aftur að þrá veðrið á Íslandi," segir Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, sem staddur er í sumarfríi á eyjunni Rhodos. Mikil hitabylgja hefur gengið yfir Suður-Evrópu síðustu daga og hafa að minnsta kosti fjörutíu manns látist vegna hitans. Eyjarskeggjar segja að hitinn hafi ekki verið meiri í 750 ár. „Við ætluðum til Tyrklands en hættum við þá för þar sem það er yfir 50 stiga hiti þar og við höfum heyrt að þar séu menn farnir að detta niður dauðir."

Hitabylgjan hefur haft það í för með sér að lækkað hefur í vatnsbólum sem hefur leitt af sér skort á rafmagni. „Þessir miklu herrar sem stýra Rhodos eru farnir að gefa ríkisstarfsmönnum frí til að spara orku. Hér er allt í þurrki og sólin ætlar að ofgera manni," segir formaðurinn sem lætur þó ekki hitabylgjuna hafa áhrif á sig. „Ég fer vel með mig. Fer í sjóinn og læt hann kæla mig niður á morgnana og sit síðan undir hlíf. Síðan drep ég tímann með því að fara inn í verslanir þar sem loftræstingin er góð. Svo er sundlaugagarður hér þar sem er góð sundlaug og þar syndi ég 700-800 metra á dag."

Guðni hefur sem betur fer sloppið við sólbruna. „Ég er óbrunninn þrátt fyrir allt – er brúnn og sællegur. En ég hugsa að ég fari aldrei aftur til sólarlanda í júní, júlí eða ágúst. Þá held ég að ég verði bara heima," segir Guðni og bætir við. „Nú sannast það sem ég hef áður sagt að kuldinn á Íslandi er auðlind."

*kristjan@frettabladid.is*



**SAKNAR ÍSLENSKRAR VEÐRÁTTU** „Nú sannast það sem ég hef áður sagt að kuldinn á Íslandi er auðlind," segir Guðni.




# ERTU AÐ FARA ÚT Í KVÖLD?
# MUNDU EFTIR NICOTINELL!




**NICOTINELL** MEÐ ÁVAXTA- OG MINTUBRAGÐI FÆST Í HANDHÆGUM 12 STK. PAKKNINGUM

**NICOTINELL** HENTAR HVERT SEM ÞÚ FERÐ

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið er reykt, en þeir mega þó aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Leita skal til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

GRETA MJÖLL SAMÚELSDÓTTIR VILL HELST KLÆÐAST EINHVERJU ÞÆGILEGU

# LITRÍKT KJÓLAFRÍK



**BLÓMARÓS** Blómakjólinn fékk Greta Mjöll í útskriftargjöf frá systur sinni og kærastanum hennar. Blómakjóllinn er litríkur og flottur.



**ÍSLENSK HÖNNUN** Bleika kjólinn keypti Greta Mjöll í Uniform fyrir útskrift sína frá MK. Kjólinn er í miklu uppáhaldi hjá henni. „Þetta er ekki hefðbundinn kjóll en ég er voða ánægð með hann. Hann er í miklu uppáhaldi hjá mér og ég held að það hafi bara verið gerðir fjórir svona kjólar.“

**fötin mín**

Ég er algjört kjólafrík miðað við það að ég er fótboltastelpa. Ef ég vil fara í eitthvað fínna fer ég alltaf í kjól,“ segir Greta Mjöll Samúelsdóttir, landsliðskona í fótbolta. „Ætli ég noti ekki kjólana til að fela fótboltalærin. Kjólarnir eru líka þægilegir, þá þarf ég ekki að sitja eins og einhver pía heldur get bara verið eins og ég vil.“

Greta Mjöll segist aðallega klæðast þægilegum fötum. Í vinnunni er hún oftast í íþróttagalla en hún stjórnar ævintýranámskeiði Breiðabliks. „Ég fer líka oft í minna fína kjóla og leggings við eða í boli og leggings við. Ég klæðist líka stundum gallabuxum eða taufötum, eða bara einhverjum þægilegum heimabuxum,“ segir knattspyrnukonan. „Annars er ég mikið litafrík og mér finnst eitthvað vanta ef ég er bara í svörtu. Þess vegna lendi ég í vandræðum ef ég þarf að fara í jarðarför.“

Greta Mjöll segist sjaldan kaupa föt á Íslandi og er að eigin sögn ekki merkjafrík. „Það skiptir ekki máli hvað flíkurnar heita, ég kaupi bara það sem mér finnst flott. Ég reyni að kaupa mikið í útlöndum og finnst það voða gaman og miklu ódýrara. Þá er líka ólíklegt að fleiri eigi sömu flík.“

Greta Mjöll segir að landsliðskonurnar í knattspyrnu reyni að komast í búðir á keppnisferðalögum en dagskráin sé oft þéttskipuð hjá þeim. „Við fáum oft að fara í búðir en það fer samt eftir þeim löndum sem við erum í. Stundum förum við frekar og skoðum spennandi staði. En þótt dagskráin sé þéttskipuð er það voða vel þegið af stelpunum að fá að fara í búðir og eyða dagpeningunum,“ segir Greta Mjöll og hlær.



**LITADÝRÐ** Greta Mjöll kaupir litrík föt. Hér er hún í Diesel-gallabuxum sem hún heldur mikið upp á og bol sem hún keypti í Mango.



**GLÆSILEGUR KJÓLL** Fínasta kjólinn sinn keypti Greta Mjöll á 1.500 kall í Oasis. „Kjólinn er með hlýrum svo ég nota hann miklu sjaldnar en önnur föt – aðallega ef ég fer á árshátíðir eða þess háttar,“ segir Greta Mjöll. „Kjólinn gerir voða mikið fyrir mig. Hann býr til mitti sem ég hef ekki mikið af.“



**BLÁR OG VÍÐUR** Bláa kjólinn keypti Greta Mjöll í Top Shop í Danmörku. Greta Mjöll segir kjólinn vera mjög þægilegan og að hann leggist ekki of mjög upp að líkamanum. „Blár er líka uppáhaldsliturinn minn,“ segir Greta Mjöll.


liberté
nýi dömuilmurinn
www.cacharel-liberte.com
cacharel

ÞÓRA SIGURÐARDÓTTIR NÝTUR LÍFSINS MEÐ MANNI SÍNUM OG HUNDI

# Á HÁKARLAVEIÐUM Á BAHAMA-EYJUM

**Það er nóg að gera hjá Þóru Sigurðardóttur sem býr á Bahama-eyjum ásamt eiginmanni sínum Völundi Snæ Völundarsyni. Í samtali við Sirkus segir Þóra frá bókunum sem hún er að vinna að, tímaritinu sem hún ritstýrir, hákarlaveiðum, veitingastöðunum hans Völla Snæ og hálf klaufalegu bónorði.**



Í JÓGA Þóra stundar jóga á ströndinni eða við höfnina á Bahama-eyjum. Hún hefur líka tekið japanskan matarkúltur sér til fyrirmyndar.

Ég hef aldrei haft jafn mikið að gera og nú," segir Þóra Sigurðardóttir, sem er einnig þekkt sem Birta úr Stundinni okkar. Síðasta ár í lífi Þóru hefur verið eins og í ævintýri. Hún tók þá erfiðu ákvörðun að kveðja er hún sagði skilið við Bárð, félaga sinn úr Stundinni okkar, og elti ástina til Bahama-eyja og gekk í hjónaband eftir aðeins fjögurra mánaða samband. Síðan hefur verið í nógu að snúast hjá Þóru og eiginmanni hennar, kokkinum Völundi Snæ Völundarsyni. Þau hafa meðal annars opnað veitingastað, standa bæði í bókaútgáfu og eru að gefa út tímarit sem er helgað Bahama-eyjum. „Það eru nokkrir góðir aðilar sem standa að tímaritinu. Það er jafnt fyrir ferðamenn sem innfædda og þar verður hægt að lesa um allt það sem eyjan hefur upp á að bjóða," segir Þóra, sem hefur tekið að sér ritstjórn tímaritsins. „Þetta er samstarfsverkefni hjá þessum aðilum en þar sem ég hef alltaf haft miklar skoðanir á hlutunum var ég eiginlega búin að koma mér í ritstjórastöðuna án þess að átta mig á því."

Þóra er einnig að skrifa unglingabók ásamt Mörtu Maríu Jónasdóttur, en þær stöllur sendu frá sér bókina Djöflatertan í fyrra. „Okkur Mörtu Maríu langaði svo að skrifa aðra bók saman og þá unglingabók af því að við erum svo ungar og töff," segir Þóra og skellir upp úr. „Bókin er samt aðallega skemmtisaga og fjallar um ástir og örlög unglinga."

**viðtal**

### Á hákarlaveiðum

Þóra vinnur einnig að þýðingu bókar um japanskan matarkúltur og japanskar konur. „Ég er skoða af hverju þær verða ekki feitar og af hverju þær eru svona langlífar. Ástæðan er meðal annars sú að þær borða lítið en þá aðallega mikinn fisk," segir Þóra sem hefur tekið japanska matarkúlturinn sér til fyrirmyndar. „Ég borða mikinn fisk og veiði hann meira að segja sjálf," segir Þóra stolt og bætir við: „Í síðustu viku ætluðum við að veiða túnfisk en veiddum óvart hákarl – þriggja metra kvikindi sem hafði hringsólað í kringum bátinn í einn og hálfan tíma. Það var að vísu pabbi sem hélt í stöngina og krækti í hákarlinn. Hugmyndin var nú ekki að veiða hann en hann beit á og eftir eins og hálfs tíma baráttu stökk hann upp, sneri sér í hálfhring og sleit sig lausan."

### Björguðu eldgamalli risaskjaldböku

„Við erum einu Íslendingarnir á Bahama-eyjum svo ég hef í hyggju að gerast ræðismaður Íslands hér. Maður kemst víst svo langt á diplómatapassanum," segir Þóra og hlær en bætir við: „Það eru annars alltaf einhver ævintýri í gangi. Um daginn fórum við í búðarleiðangur þegar við sáum 200 ára gamla risaskjaldböku sem átti að höggva í súpu. Það er sko ekki mikil dýraverndunarstefna á eyjunum. Við gátum ekki hugsað okkur að láta skjaldbökuna fara í súpuna svo við keyptum hana og slepptum henni lausri," segir Þóra og bætir við. „Ég varð fyrir miklu kúltúrsjokki þegar ég kom hingað fyrst. Til dæmis þegar við héldum fyrsta matarboðið og gestirnir löbbuðu út með afganginn af matnum."

### Klaufalegt bónorð

Hlutirnir hafa gengið hratt fyrir sig hjá Þóru og Völundi Snæ. Þau voru ekki búin að vera saman nema í fjóra mánuði þegar hann bað hennar. Og bónorðið fór ekki alveg á þann veg sem hann hafði hugsað sér. „Hann var búinn að vandræðast með hvernig hann ætti að gera þetta og eyddi meðal annars nokkrum dögum í skartgripaversluninni til að velja fullkomna hringinn. Við fórum síðan í bíltúr á vestasta hluta eyjunnar þar sem fellibylur hafði riðið yfir. Þar sáum við hvar heilu húsin höfðu horfið og bíla sem óveðrið hafði feykt upp í tré. Það var mikið áfall að sjá þetta allt," segir Þóra. „Völli var búinn að vera voða skrýtinn allan daginn en þegar við komum heim dró hann allt í einu upp kampavínsflösku. Ég áttaði mig ekki á því hvað hann var að gera. Hélt að hann væri að fagna allri eyðileggingunni. Hann spígsporaði um gólfið og rétti mér síðan risastóran kuðung. Ég spurði hvort ég mætti eiga hann en hann neitaði því. Ég mátti hins vegar skoða hann. Þar sem ég var að skoða kuðunginn datt hringurinn úr honum og fór undir uppþvottavélina. Þegar ég náði svo loks hringnum spurði ég: „Völundur Snær, ertu að biðja mín?" Hann játti því. Þá sagði ég að hann skyldi þá gera það almennilega sem hann og gerði."

Þóra segir að þó nokkrir hefðu ekki haft mikla trú á því að hjónabandið myndi endast enda höfðu þau Völundur ekki þekkst nema í stutta stund þegar þau gengu í það heilaga. „Ég er viss um að það eru margir sem hafa tapað peningum eftir að hafa veðjað á samband okkar," segir Þóra og hlær.

### Með annan fótinn á Íslandi

Þóra segist vissulega sakna Íslands en er þó svo heppin að vinir og vandamenn eru duglegir að heimsækja þau. Hún segir það hafa verið dálítið erfitt að aðlagast lífinu á Bahama-eyjum en nú sé hún hins vegar afar sátt. „Á Íslandi átti ég alltaf erfitt með að vakna á morgnana en hér sprett ég fram úr rúminu. Heima var alltaf svo mikið áreiti á daginn að ég vann á næturna en nú kem ég öllu í verk yfir daginn. Það er líka allt annar lífsstíll hérna, ég fer með hundinn á ströndina, geri jóga og pæli í því hvað ég vil gera í lífinu."

Þóra segist ekki vita hvort þau skötuhjúin muni setjast að til frambúðar á Bahama-eyjum. Þau muni haga seglum eftir vindi. Fram undan er meðal annars að opna annan veitingastað, fylgja eftir bókinni Delicious Iceland, sem Völundur gaf út fyrir skömmu, sem og bókunum sem hún er að vinna að. „Við verðum allavega alltaf með annan fótinn á Íslandi." Spurð hvort hún sakni ekki Bárðar, gamla félaga hennar úr Stundinni okkar segir Þóra: „Það er ekki spurning. Jói G. er auðvitað mesti snillingur sem ég hef unnið með og ég sakna hans mikið. Eftir að hafa unnið svona náið með sömu manneskjunni í mörg ár er alltaf erfitt að söðla um. Birta og Bárður skildu tímabundið en hver veit nema einn góðan veðurdag verði risastórt „comeback" hjá þeim."

*kristjan@frettabladid.is*

Þar sem ég var að skoða kuðunginn datt hringurinn út úr honum og fór undir uppþvottavélina. Þegar ég náði svo loks hringnum spurði ég: „Völundur Snær, ertu að biðja mín?"



ÞÓRA OG REGINVALDUR Hundurinn þeirra Þóru og Völla fylgir þeim í hvert fótmál. Hann heitir Reggie en er kallaður Reginvaldur upp á íslenskan máta.

Nýtt tákn um gæði



**Tékkaðu á hvernig þú eignast Ford Ka @ 1.189.900***
**Komdu í Brimborg. Prófaðu Ford Ka.**

# Ef þú finnur betra verð á „eins bíl“ þá skaltu bara kaupa hann ;-)

takta ka



**Taktu Ka þrisvar á dag (sex á dag ef vel liggur á þér).**
**Komdu í Brimborg. Prófaðu Ford Ka í dag.**

Ka er vistmildur. Ford Ka er lítill, sparneytinn og léttur smábíll sem tekur lítið pláss í umferðinni. Berðu saman fíl og kött. Hvor heldurðu að sé mildari gagnvart umhverfi sínu þegar litið er til dæmis þyngdar og matarþarfar? Svarið er augljóst, auðvitað Ford Ka!

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

GCI GROUP ALMANNATENGSL

# PARIS & FERILLINN

Paris Hilton hefur reynt fyrir sér á hinum ýmsu sviðum. Hún þráir að slá í gegn og vera þekkt fyrir eitthvað annað en að vera bara Paris Hilton.



**ILMURINN** Það er engin almennileg stjarna nema hún komi með á markaðinn sitt eigið ilmvatn. Árið 2004 tók Paris þátt í því að hanna ilmvatn sem heitir einfaldlega **Heiress**. Ilmvatnið átti upprunalega aðeins að koma út í litlu magni en vegna mikilla vinsælda varð fyrirtækið að búa til meira af því.





**LEIKKONAN** Fyrir utan að koma fram í **The Simple Life** ásamt Nicole Richie er Paris oft fengin til að leika lítil gestahlutverk bæði í sjónvarpi og á hvíta tjaldinu.

**SÖNGKONAN** Það var ekki nóg fyrir Paris litlu að leika, skrifa bækur og koma fram í auglýsingun, ó nei, hún þurfti líka að gefa út plötu. Simon Cowell hefði þurft að setjast niður með hótelerfingjanum og eiga við hann nokkur orð því þessi plata var svo léleg, svo slæm að útgáfufyrirtækið rifti samningum við hana. Paris náði þó ágætri spilun og þá sérstaklega í Austurríki, Belgíu og Póllandi.



**FYRIRSÆTAN** Paris byrjaði ung að sitja fyrir og hefur hún auglýst allt frá vodka til hátískuklæðnaðar.

**RITHÖFUNDURINN** Fyrir þremur árum gaf Paris Hilton út ævisögu sína sem hét **Confessions of an Heiress: A Tounge-in-chic Peek Behind the Pose**. Bókin var skrifuð með Merle Ginsberg. Þrátt fyrir lélega dóma komst bókin inn á metsölulista New York Times. Í kjölfarið gaf hún út bókina **An Heiress Diary: Confess it all to me**.



# FRÆGASTA KONA HEIMS

sirkus nærmynd

**Hún er aðeins 26 ára gömul og er strax orðin frægari en Madonna og allar helstu leikkonur heims. Það vita allir hver Paris er. Þessi heimsfræga ljóska kom fyrst fram á sjónarsviðið í helstu elítuhringum New York-borgar aðeins 15 ára gömul. Langafi hennar var stofnandi Hilton-hótelkeðjunnar og var eitt sinn giftur Elizabeth Taylor og því lítið mál fyrir Paris að komast inn í elítuna. En það var ekki fyrr en Paris var 22 ára að hún varð fyrst fræg fyrir kynlífsmyndband sem hún hafði tekið upp ásamt Rick Solomon þremur árum áður. Allt í einu var hótelerfinginn á allra vörum.**

**Sumir kalla hana hálfvita en aðrir snilling. Hvort heldur sem er, er þessi leggjalanga ljóska metin á sjö milljónir dollara. Hún hefur þá örugglega viðskiptavit. Hún hefur fyrsta flokks PR-lið í kringum sig sem segir henni hvað hún á að gera. Það mætti halda að það kortlegði hreyfingar hennar, sérstaklega á erfiðum tímum. Ljósmyndarar elta hana á röndum og koma oft upp um manneskjulegu hliðina á þessari gyðju og fáum við ósjaldan að sjá hana í slúðurblöðunum fulla eða við neyslu eiturlyfja. En fólk les allt um Paris Hilton, gott sem slæmt. Hún selur, og hún selur grimmt. Hún er jú einu sinni frægasta kona í heimi.**





**NICOLE RICHIE** Þær leika saman í þáttunum **The Simple Life** sem njóta mikilla vinsælda. Íslenskir sjónvarpsáhorfendur hafa fengið að fylgjast með þessum blondínum gera sig að fífli í sjónvarpinu. Þær eru þó allavega að fá fúlgu af peningum fyrir að haga sér svona. Nicole er enn hennar nánasta vinkona.

# PARIS & VINKONURNAR

Nánasta vinkona Paris er, eins og við öll vitum, **Nicole Richie**. Þær stöllur hættu þó að tala saman í þó nokkuð langan tíma. Það eina sem Paris sagði var: „Nicole veit hvað hún gerði rangt og það er það eina sem ég hef um það að segja." Paris er samt sem áður þekkt fyrir að skipta um vinkonur eins og nærbuxur og kemur hún stundum fyrir eins og nokkurs konar tækifærissinni.



**KIMBERLY STEWART** Þær eru kannski ekki betri vinkonur en það að eitt sinn á rauða dreglinum voru þær fengar til að prufa vespu. Kimberly settist á hana og þeyttist af stað með þeim afleiðingum að hún flaug af hjólinu og kjóllinn upp um hana. Þá sést Paris snúa baki við Kimberley og skellihlæja að óförunum.



**KIM KARDASHIAN** Er svona míni Paris Hilton. Þær saman er alveg æðislega klígjulegt. Þessar píur hittast til þess að sýna sig og ekkert annað.



**BRITNEY SPEARS OG LINDSAY LOHAN** Þetta er fullkomið dæmi um tækifærissinnann Paris Hilton. Það er ekki eins og hún fái ekki næga athygli ein og sér, en hún ákveður að kíkja út á lífið með hinum tveimur mest ljósmynduðu skvísunum í Hollywood. Já, svona eru þessar stelpur.



**JASON SHAW** Paris var trúlofuð leikaranum Jason Shaw í rúmt ár, en þetta var um það leyti sem kynlífsmyndbandið **One Night in Paris** kom út.

# PARIS & MENNIRNIR

Paris Hilton hefur verið orðuð við ófáan manninn og má vesalings stúlkan varla spjalla við fræga menn því þá er hún sögð hafa sofið hjá þeim. Þessi listi er langur og má þá helst nefna **Leonardo DiCaprio**, **Oscar De La Hoya**, **Jared Leto** og **Colin Farrell** svo að einhverjir séu nefndir. Stúlkan hefur þó átt nokkra kærasta og verið trúlofuð tvisvar. Hún hefur þó ekki fundið draumaprinsinn sinn.



**NICK CARTER** Paris var orðin stjarna er hún tók við **Backstreetboy-söngvaranum** Nick Carter. Kossaflens þeirra á almannafæri var alveg rosalegt.



**PARIS LATSIS** Ef þetta var ekki fyndasta par í heimi. Paris og Paris. Það fór vel á með hótelerfingjanum og gríska skipaerfingjanum. Þau tilkynntu trúlofun sína í maí 2005 en voru hætt saman fimm mánuðum seinna.



**STAVROS NIARCHOS III** Þegar sambandið við skipaerfingjann gekk ekki upp sneri Paris sér að næsta gríska skipaerfingja. Það er greinilega nóg til af þeim. Paris og Stavros voru saman í nokkra mánuði eða þangað til að hún gaf út þá tilkynningu að hún ætlaði að einbeita sér að sjálfri sér og engum öðrum.



**JOSH HENDERSON** Við þekkjum hann sem unglinginn í **Aðþrengdum eiginkonum**, en hann og Paris voru að hittast um tíma. Hvort sem hægt er að kalla hann kærasta eða ekki þá fannst Paris ekki leiðinlegt að láta mynda sig með honum.




**Captiva**

## Áberandi glæsilegur

Chevrolet **Captiva** er sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og útkoman er áberandi glæsilegur bíll. **Kraftmikil túrbó dísilvél** með 5 þrepa sjálfskiptingu. Þú getur valið **um 5 eða 7 manna bíl** og því fer vel um alla fjölskylduna. Chevrolet er á Tangarhöfðanum og við tökum vel á móti þér.

Bílabúð Benna | Tangarhöfða 8-12 | Sími 590 2000 | www.benni.is | Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00

**Umboðsmenn**: Bílahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala Austurlands, Egilsstöðum

CHEVROLET

HANDBOLTAKAPPINN ALEXANDER PETTERSSON TRYLLIR ÍSLENSKAR KONUR EN KIPPIR SÉR EKKI UPP VIÐ ÞAÐ

# EYÐIR TVEIMUR MÍNÚTUM FYRIR FRAMAN SPEGILINN Á MORGNANA

Handboltahetjan Alexander Pettersson hefur brætt hjörtu íslenskra kvenna undanfarið. Hann var valinn kynþokkafyllsti karlmaður landsins af hlustendum Létt Bylgjunnar fyrr á þessu ári en hugsar ekki mikið um það. Hann kom 18 ára gamall til Íslands og er nú níu árum síðar genginn til liðs við Flensburg, sem er eitt besta handboltalið Þýskalands. Hann á íslenska konu og einn þriggja ára dreng. Lífið brosir við Alex eins og hann er kallaður.

Lífið gæti einhvern veginn ekki verið betra. Ég á yndislega konu og frábæran son og er að fara að spila með einu besta liði Þýskalands," segir handboltakappinn Alexander Pettersson í samtali við Sirkus.

Alexander, sem verður 27 ára næstkomandi mánudag, er í sambúð með Eivoru Pálu Blöndal og eiga þau saman soninn Lúkas sem er þriggja ára. Litla fjölskyldan er nýflutt til Flensburg og Alexander hyggst nýta frítímann til að vera í fjarnámi við Íþróttaakademíuna í Reykjanesbæ.

Saga hans er ótrúleg. Hann er fæddur í Ríga í Lettlandi á því herrans ári 1980 og ólst upp með þremur systkinum, tveimur systrum og einum bróður, í miðstéttarfjölskyldu. Hann byrjaði ekki að æfa handbolta fyrr en hann var 13 ára og var ekki lengi að verða besti leikmaður Lettlands í sínum aldursflokki. Átján ára fékk hann tilboð um að koma til Íslands og spila handbolta og segir Alexander að það hafi bjargað honum frá rugli. „Ég var kominn í ansi slæman félagsskap í Ríga. Ég var byrjaður að drekka bjór og var í gengi sem var oft að slást niðri í bæ. Ég veit ekki hvar þetta hefði endað ef ég hefði ekki farið til Íslands," segir hann.

Og ekki er laust við að Ísland hafi komið honum á óvart. „Ég hélt að ég væri að fara að spila sem atvinnumaður í handbolta en það var nú ekki raunin," segir Alexander og hlær. Hann gekk til liðs við Gróttu/KR og byrjaði strax að vinna í Seglagerðinni Ægi hjá Björgvini Barðdal. „Það var mjög fínt en erfitt. Það var ekkert grín að vinna allan daginn og fara svo dauðþreyttur á æfingu. En það hjálpaði mér mikið við að komast inn í lífið á Íslandi og læra tungumálið. Ekki má heldur gleyma því að Björgvin og kona hans gengu mér nánast í foreldrastað," segir Alexander.

Fyrir sex árum breytist líf hans síðan þegar hann kynnist núverandi unnustu sinni Eivoru Pálu Blöndal. „Við vissum hvort af öðru en eftir að við hittumst á skemmtistað og skiptumst á númerum varð ekki aftur snúið. Við höfum verið saman síðan þá," segir Alexander.

Þau eiga einn dreng, Lúkas, sem er þriggja ára. „Lífið breytist þegar maður eignast barn. Það fer mikill tími í að sinna því en það er hreint og beint yndislegt að sjá hann vaxa úr grasi. Við erum miklir félagar. Hann kemur með mér á hverja æfingu og á pottþétt eftir að verða mjög góður í handbolta. „Ætli ég endi ekki ferilinn með honum í Val," segir Alexander og hlær en Eivor kona hans er uppalinn Valsari.

Alexander er í draumastarfinu sem handboltamaður. Hann er ástfanginn af konu sinni og á yndislegan lítinn dreng. Hann fékk íslenskan ríkisborgararétt fyrir þremur árum og segist afar stoltur af því. Enda leggur hann sig alltaf 100% fram þegar hann spilar fyrir Ísland. „Ég er þakklátur fyrir að hafa fengið tækifæri til að spila fyrir Ísland og reyni að gefa til baka fyrir það traust og þann stuðning sem ég hef fengið frá Íslendingum," segir Alexander.

Og það er ekki hægt að skjóta sér undan því að spyrja Alexander um þann mikla áhuga sem kvenmenn landsins hafa sýnt honum. Hann var kjörinn kynþokkafyllsti Íslendingurinn af hlustendum Létt Bylgjunnar og vilja margar konur meina að kynþokkinn beinlínis leki af honum. Honum er þó sama, segir þetta bara fyndið. „Ég hugsa ekki mikið út í þetta. Ég eyði kannski tveimur mínútum fyrir framan spegilinn á morgnana til að laga á mér hárið en meira er það nú ekki. Ég lít ekki á sjálfan mig sem kyntákn," segir Alexander. Aðspurður hvort þessi athygli fari í taugarnar á konunni segir hann: „Henni er alveg sama."

*oskar@frettabladid.is*



**FEÐGAR** Þeir eru miklir félagar feðgarnir Alexander og Lúkas. SIRKUSMYND/PJETUR






# Gríptu tækifærið



## Áhugaverð störf í hvetjandi umhverfi

Störfin í álverinu eru fjölbreytt og örugg. Vinnustaðurinn er hannaður með það í huga að öll störf henti jafnt konum sem körlum. Unnið er í teymum og mikið er lagt upp úr góðum starfsanda. Starfsumhverfið býður víðtæka þjálfun, meðal annars á ýmiss konar farartæki og tölvubúnað. Tækifæri til símenntunar og starfsþróunar eru óvíða fleiri.

## Góð laun og gott vinnufyrirkomulag

Byrjunarlaun framleiðslustarfsmanns eru frá 3.739.000 kr. á ári, miðað við 15 tólf tíma vaktir á mánuði og 15% árangursávinning, sem jafngildir 312.000 kr. á mánuði. Byrjunarlaun iðnaðarmanns með réttindi eru frá 5.401.253 kr. á ári, miðað við 15 tólf tíma vaktir á mánuði og 15% árangursávinning. Það jafngildir 433.000 kr. á mánuði fyrir 40 stunda vinnuviku að meðaltali. Vaktafyrirkomulagið veitir góða möguleika á aukavöktum og viðbótartekjum fyrir þá sem óska þess.

## Heilbrigði og velferð

Fjarðaál greiðir hverjum starfsmanni 12.000 kr. líkamsræktarstyrk árlega og leigir tvo tíma á viku fyrir starfsmenn í Fjarðabyggðarhöllinni. Iðjuþjálfi leiðbeinir um rétta líkamsbeitingu og nuddari heimsækir vinnustaðinn tvisvar sinnumí viku. Starfsmenn hafa greiðan aðgang að öflugri velferðarþjónustu sem nær meðal annars til læknisþjónustu og ráðgjafar á ýmsum sviðum.

## Fríar ferðir, fæði og klæði

Fjarðaál býður upp á rútuferðir frá Reyðarfirði, Eskifirði, Norðfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Egilsstöðum. Starfsmenn fá hollar og góðar máltíðir í glæsilegu mötuneyti. Fyrirtækið útvegar og þvær allan vinnufatnað starfsmönnum að kostnaðarlausu.

## Auðveldur flutningur inn á svæðið

Þurfi starfsmaður að flytja inn á svæðið úr meira en 100 km fjarlægð frá vinnustaðnum greiðir Fjarðaál kostnað við kaup og sölu fasteigna, svo sem sölulaun, lántökugjald og stimpilgjöld. Fyrirtækið sér um að pakka búslóð, flytja hana og koma fyrir á nýju heimili. Með fyrsta launaseðli fær starfsmaður 200.000 kr. greiðslu til að koma sér fyrir á svæðinu. Fyrirtækið aðstoðar einnig nýja íbúa á svæðinu við að leigja húsnæði. Starfsmenn fá jafnframt tiltekinn fjölda flugmiða með Flugfélagi Íslands á mjög hagstæðum kjörum.

## Gríptu þitt tækifæri

Hjá Fjarðaáli er nú búið að ráða ríflega 330 starfsmenn og við leitum enn að fólki sem vill starfa með okkur, að konum jafnt sem körlum. Konur er nú um þriðjungur starfsmanna hjá Fjarðaáli og hlutfall kvenna af starfsmannafjölda í álveri er hvergi í heiminum jafnhátt.

AUSTURLAND
TÆKIFÆRANNA

## Tækifæri til að nýta og njóta

Á Mið-Austurlandi er að myndast öflugur byggðaklasi ískjóli einstakrar náttúru, friðsæll og fjölskylduvænn staður. Sveitarfélög á Mið-Austurlandi hafa kostað kapps um að styrkja innviði samfélagsins og hundruð nýrra íbúðarhúsa eru að rísa. Á svæðinu er yfirbyggður knattspyrnuvöllur, glæsilegar útisundlaugar og frábært skíðasvæði. Samgöngur til og frá svæðinu eru góðar, á landi, í lofti og á sjó. Tækifæri til hvers konar útivistar eru fjölmörg og einnig bjóðast frábær tækifæri til afþreyingar, listirnar dafna og íþróttastarfsemi er öflug.

ÍSLENSKA SIA.IS ALC 38247 06.2007

capacent
RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á starfi hjá Alcoa Fjarðaáli ættir þú hiklaust að hafa samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur hjá Capacent (sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is eða í síma 540-7117) eða skrá umsókn þína á www.capacent.is.

www.alcoa.is

**Alcoa Fjarðaál**

ALCOA

# helgin

## Drauma sumarfríið



Ég myndi segja að það væri að ferðast innanlands í góðu veðri með góðum vinum. Á sumrin er svo gott að vera á Íslandi og maður á frekar að fara út á veturna.

**Friðrik Ómar söngvari.**



„Ég myndi vilja fara aftur til Suður-Afríku og Svasílands eins og ég gerði í fyrra. Það var algjör snilldarferð, við fórum átta saman og það er eiginlega skylda fyrir alla að fara þangað.“

**Jón Þór Þorleifsson, kvikmyndagerðarmaður hjá Filmus.**



„Það er óskaplega margt sem heillar en ég hugsa að mér þætti skemmtilegast að fara með vinum og fjölskyldu eitthvert þar sem sólin skín og hitinn er temmilegur. Flatmaga í sólinni og gera sem minnst. En ef ég myndi fara í fjörugt sumarfrí þá hugsa ég að ég myndi fara í ferðalag um Bandaríkin eða Suður-Ameríku með vinkonunum og gera einhverjar gloríur.“

**Ína Valgerður Pétursdóttir söngkona.**

sirkus

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar **Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm. **Ritstjórn** Óskar Hrafn Þorvaldsson oskar@frettabladid.is, Indíana Ása Hreinsdóttir, indiana@frettabladid.is **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is, **Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000 **Sölustjóri** Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is



**Sigríður Klingenberg spáir í Sirkus**
www.klingenberg.is

# Á Björk von á barni?



Björk er að koma úr ári þar sem hefur verið töluvert álag á henni og hún hefur þurft að hafa fyrir hlutunum,“ segir Sigríður Klingenberg spákona um Björk Guðmundsdóttur söngkonu. „Hún er að fara yfir á fimmuna í talnaspeki sem kemur henni á léttan og kátan kafla og tónleikaferðalag hennar á eftir að fara fram úr björtustu vonum. Þetta nýjasta „comeback“ hennar á eftir að slá rækilega í gegn og líka hjá nýjum aðdáendum svo annað eins hefur varla sést í tónlistargeiranum. Björk er að komast yfir á frjósemisárið 2008 svo það gæti verið að hún fái að sinna einhverju öðru upp úr því tímabili. Björk er 8 og þar af leiðandi þarf hún að hafa mikið að gera því annars leiðist henni. Að vera 8 er eins og í olsen olsen, hún hefur þann mátt að geta alltaf breytt. Þar sem Björk hefur í gegnum tíðina alltaf verið fjörleg við að breyta hlutunum verður aldrei hjá henni þessi stöðnun sem hefur hrjáð margan listamanninn.“

EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN MÆTTI Á FJÖLSKYLDUDAG EIMSKIPS Í HÚSDÝRAGARÐINUM

# EYDDI TVEIMUR TÚSSPENNUM VIÐ ÁRITANIR

Fjölskyldudagur Eimskips var haldinn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum síðastliðinn laugardag. Þar mættu starfsmenn fyrirtækisins með fjölskyldur sínar og áttu saman góða stund í rjómablíðu Laugardalsins. Alls mættu um 500 manns og er óhætt að segja Eiður Smári Guðjohnsen, leikmaður spænska stórliðsins Barcelona, hafi stolið senunni en hann var sérstakur gestur. Eiður Smári og Eimskip tengjast sterkum böndum en knattspyrnuhetjan lék aðalhlutverkið í alþjóðlegri auglýsingaherferð fyrirtækisins. Eiður Smári kom færandi hendi því hann kom með gjafir handa börnunum á svæðinu. Hann afhenti bakpoka, bolta og síðast en ekki síst þá dreifði hann tvenns konar plakötum af sjálfum sér í leik. Annars vegar mynd af því þegar hann skoraði fyrir Barcelona fram hjá Reina, markverði Liverpool, í leik liðanna í meistaradeildinni fyrr á þessu ári og hins vegar þegar hann skoraði sitt fyrsta mark fyrir Barcelona, gegn Celta Vigo á útivelli.

Eiður Smári settist síðan niður og áritaði allt sem hönd var festandi á í samtals tvo tíma. „Ég held að ég hafi eytt tveimur tússpennum og ég var orðinn ansi þreyttur í hendinni. Þetta var hins vegar alveg æðislega gaman,“ segir Eiður Smári í samtali við Sirkus.

Eftir áritunina fór Eiður Smári í vítaspyrnukeppni með krökkunum. Hann var í markinu og stóð sig að sögn sjónarvotta frekar illa.

*oskar@frettabladid.is*



**NETTUR** Eiður Smári sýndi krökkunum alls kyns listir með boltann.



**ERFITT EN GAMAN** Það er þreytandi að árita viðstöðulaust í tvo tíma en Eiður Smári virtist skemmta sér konunglega.



**BROSA** Eiður Smári mætti með yngsta son sinn Daníel Tristan á fjölskyldudag Eimskips og stillir sér hér upp með einni ungri knattspyrnukonu.



**OF SEINN** Eiður Smári þótti ekki sýna mikla takta á milli stanganna í vítaspyrnukeppninni.

SIRKUSMYND/PJETUR

# SPURNINGAKEPPNI Sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUSS HELDUR ÁFRAM. HÉR MÆTAST SÓLEY ELÍASDÓTTIR LEIKKONA OG LOGI BERGMANN EIÐSSON SJÓNVARPSMAÐUR.

1. Hvað heitir nýr leiðtogi Verkamannaflokksins í Bretlandi?
2. Hvert er millinafn Gunnars Birgissonar, bæjarstjóra í Kópavogi?
3. Í raðir hvaða liðs gekk framherjinn Thierry Henry um síðustu helgi?
4. Eftir hvern er bókin Sumarljós, og svo kemur nóttin?
5. Hvaða tveir landsþekktu söngvarar sungu saman í fyrsta sinn við upptökur á Íslandslögum 7?
6. Hver er sendiherra Íslands í Svíþjóð?
7. Hvað er Davíð Oddsson með í mánaðarlaun sem bankastjóri Seðlabankans eftir nýlega launahækkun?
8. Hvað heitir nýr forstjóri Baugs?
9. Hvað heitir höfuðborg Úrúgvæ?
10. Hvað heitir stjórnarformaður RÚV ohf.?



## Logi Bergmann Eiðsson

1. Brown, Gordon
2. Ingi
3. Barcelona
4. Jón Kalman Stefánsson
5. Björgvin Halldórsson og Ragnar Bjarnason
6. Guðmundur Árni Stefánsson
7. 1,7 milljónir
8. Gunnar Sigurðsson
9. Montevídeó
10. Kristín Edwald

**9 RÉTT SVÖR**



## Sóley Elíasdóttir

1. Gordon Brown
2. Gunnar „hustler“ Birgisson
3. Barcelona
4. Gyrði Elíasson
5. Bjöggi Halldórs og Helgi Björns
6. Svavar Gestsson
7. 1,7 milljónir
8. Gunnar Svavarsson
9. Veit ekki
10. Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson.

**3 RÉTT SVÖR**

**Svör**: **1.** Gordon Brown **2.** Ingi **3.** Barcelona **4.** Jón Kalman Stefánsson **5.** Björgvin Halldórsson og Ragnar Bjarnason **6.** Guðmundur Árni Stefánsson **7.** Rúmlega 1,7 milljónir króna (1.742.297) **8.** Gunnar Sigurðsson **9.** Montevídeó **10.** Ómar Benediktsson

Sóley skorar á leikkonuna Halldóru Geirharðsdóttur að mæta Loga í næstu viku.



NÝTT Á DVD
★★★
- Topp5.is
★★★
- MBL
hugh grant drew barrymore
music and lyrics
SAM MYNDIR


FÓLKIÐ
BAK VIÐ
TEXTANN
Blaða·maður KK • starfsmaður blaðs, sá sem hefur atvinnu af að skrifa í blöð – *Íslensk orðabók*
„Ég heiti Sigurjón M. Egilsson og er ritstjóri DV.
Mér er ekki sama hvernig fjölmiðlum er stjórnað eða hvernig fréttir þeirra eru unnar. Sjálfstæði, kjarkur og sanngirni skiptir öllu hjá fjölmiðli eins og DV. Fólk á skilið dagblað sem talar þeirra máli. Ég tala þínu máli.“
DV
Talar þínu máli
Fíton/SÍA



ótrúlega spennandi!" Markmið okkar með því að hittast um helgar er að kynna unglingana fyrir spennandi afþreyingu og vona að þau finni sér áhugamál. Mörg þeirra hafa aldrei upplifað sumt af því sem við kynnum þau fyrir og önnur hafa verið í annarlegu ástandi og þurfa því nýja upplifun. Það er því ótrúlega margt sem Eftirmeðferðin felur í sér og það er vikilega gaman að sjá unga fólkið okkar læra að skemmta sér á nýjan hátt og lifa heilbrigðu lífi.

Eftirspurn eftir ráðgjöf og fræðslu í Foreldrahúsinu eykst sífellt og starfsemin samkvæmt Díönu fyrir löngu búin að sprengja utan af sér og nú vantar bæði fleira starfsfólk og stærra húsnæði. „Ég sé Foreldrahúsið fyrir mér vinna mun öflugara starf í framtíðinni þar sem við verðum í stærra húsnæði og höldum mun þéttar utan um fjölskylduna en til þess þurfum við aukinn fjárhagslegan stuðning. Ég vil ítreka hversu mikilvægt það er að halda utan um alla fjölskylduna. Framtíðardraumurinn minn er sá að við verðum með sjálfstyrkingarhópa þar sem börn sem eiga ýmist foreldra eða systkini í neyslu geti komið og fengið stuðning. Þar yrði börnunum t.d. kennt að þekkja tilfinningar sínar, þau myndu sjá og finna að þau eru ekki ein og þau fá að vita að tilfinningar þeirra og hugsanir eru meðteknar og þykja eðlilegar. Við þennan stuðning yrði t.d. notuð listþerapía. Því miður eru þessi börn oft farin að tipla á tánum í kringum fjölskydlumeðlimi sína og kvíða fyrir því að koma heim. Hvernig verður að koma heim? Verður rifrildi?

> Hættum þessum feluleik. Þetta er engin skömm. Ef við erum tilbúin til að hjálpa hvort öðru þá er hálfur sigur unninn. Það er það viðhorf sem fólk mætir hér í Foreldrahúsi og er mjög sérstakt.

Það er nauðsynlegt að þau eigi eitthvað athvarf þar sem þau geta tjáð sig hvort sem er í orði eða í myndum. Sjálfsmyndin er oft brotin og börnin sýna jafnvel óæskilega hegðun og ljótt orðbragð. Oft vantar þessum börnum bara að vita hvað er rétt og hvað er rangt því oft fá þau misvísandi upplýsingar í umhverfi sínu eins og t.d. þegar ungt systkini sem er í neyslu kemur heim eftir óæskilega hegðun og foreldrar eru að setja mörk, þá segir unglingurinn gjarnan „hey það gera þetta allir". Þar með fær barnið upplýsingar um systkini sitt, sem oft er fyrirmyndin, og allir aðrir telji rétt að haga sér á ákveðinn hátt, sem foreldrar svo segja ekki góða hegðun. Og barnið spyr sig: .. bíddu hvað er rétt og hvað er rangt?"

### Nauðsynlegt að vera samkvæmur sjálfum sér og setja skýr mörk

Það hefur löngum verið til umræðu hvort íslenskir foreldrar séu nægilega strangir. „Mér finnst allt of oft að foreldrar þori ekki að setja börnunum sínum mörk og að þeir hugsi bara með sér að það fái hvort eð er allir að fara niður í bæ. Það fá allir að fara í útilegu fyrstu helgina í júlí. Börn fá ekki nægilegan aga og fá að ráða sér of mikið sjálf. Sum segja til dæmis við foreldra sína: „Hvað kemur það þér við hvað ég er að gera?" Og þau eru aðeins 14 ára! Ég heyrir þetta oft. Ég vil einfaldlega hvetja foreldra til að vera með skýr skilaboð og ákveðin mörk og þora að fylgja þeim eftir. Þeir geta sagt: „Mér er alveg sama þótt allir í bekknum fái að vera úti til tvö eftir miðnætti. Það er ekki svoleiðis hér." Stundum áttar unga fólkið sig á þeim létti sem því fylgir að fá skýr mörk og stundum sé ég það hér í viðtölum því þeir unglingar sem hafa gert samning við foreldra sína um skertan útivistartíma segja mér oft frá því hvað þeim þyki það gott að ÞURFA ekki að vera þarna úti. Félagaþrýstingurinn er oft það sterkur."

### „Þetta er engin skömm"

Díana telur mikla þörf á að fólk átti sig á því að það eiga allir við eitthvað vandmál að stríða og það sé engin skömm í því að leita sér hjálpar. „Fíklar eru fólk úr öllum þjóðfélagsstigum, börn og unglingar frá alls konar heimilum. Fíknin er ekki bundin við einhverja eina stétt eða tengd foreldrum sem beita ofbeldi. Þetta er öll flóran. Alls kyns fólk. Það er aldrei of oft ítrekað hvað það er mikilvægt að vera ekki með fordóma og mikilvægi þess að leita sér aðstoðar. Við sjáum alltaf flísina í augum annarra og oft er það tilraun til að upphefja okkur á kostnað annarra. Ég held að fordómar sé ekkert annað en það, skilningsleysi. Við Íslendingar erum oft þannig að við ætlum að gera allt sjálf. Við erum víkingar og ætlum að leysa málið á eigin vegum og síðan erum við að baksa við vandamálið ein úti í horni í stað þess að leita okkur hjálpar. Hættum þessum feluleik. Þetta er engin skömm. Ef við erum tilbúin að hjálpa hvert öðru og að þyggja hjálp annarra þá er hálfur sigur unninn. Við hér í Foreldrahúsi lítum á það sem mikinn styrk og hugrekki að leita sér hjálpar. Það er einmitt þetta viðhorf sem fólk mætir hér í Foreldrahúsi. Fólk sem kemur hingað í hús talar um það hvað hér sé heimilislegt, að það sé tekið á móti hverjum og einum eins og hann er klæddur og að hér ríki mikill kærleikur. Mín sýn er sú að það sé einmitt þessi kærleikur sem ætti að smitast út til allra. "

HS

## Þökkum stuðning




# Þökkum stuðning við forvarnastarf Vímulausrar æsku

*Óskum landsmönnum gleðilegs sumars - þökkum stuðninginn við forvarnastarfið*

**Reykjavík**
Rimaskóli
Rolf Johansen & Co ehf
S.B.S. innréttingar, trésmiðja
Saga Film hf
Salli ehf
Samhjálp
Seljakirkja
Setberg, bókaútgáfa
Sér ehf, Kringlunni 8-12
SFR stéttarfélag í almannaþjónustu
SÍBS
Sjálfstæðisflokkurinn
Sjómannadagsráð
Slippfélagið í Reykjavík hf
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs
Smur-, bón-og dekkjaþjónustan sf
SORPA
Sprinkler pípulagnir ehf
Starfsgreinasamband Íslands
Stálsmiðjan ehf
Steindór Jónsson ehf
Stepp ehf
Stöðin ehf
Suzuki bílar hf
Sökkull ehf
T. ark Teiknistofan ehf
T.G.M. ráðgjöf
Tandur hf
Tannlæknastofa Björns Þorvaldssonar
Tannlæknastofa Friðgerðar Samúelsdóttur
Tannlæknastofa Guðrúnar Ólafsdóttur
Tannsmíðaverkstæðið ehf
Trésmiðja GKS ehf
Tölvu- og tækniþjónustan ehf
Tölvubókhald
Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf
VA arkitektar ehf
Valhúsgögn ehf
Verðbréfaskráning Íslands hf
Verkfræðistofan Afl og Orka ehf
Verkfræðistofan VIK ehf
Verslunartækni ehf
Vélaver hf
Vélvík ehf
Vilberg kranaleiga ehf
Yogastöðin Heilsubót
Þ Þorgrímsson og Co ehf
Þ.G. verktakar ehf
Þórtak ehf
Þrif og sláttur ehf
Þúsund þjalir ehf, umboðsskrifstofa listamanna
Ögurvík hf
Öryggismiðstöð Íslands hf

**Seltjarnarnes**
Seltjarnarneskaupstaður
Vökvatækni ehf
Vogar
V.P.vélaverkstæði ehf

**Kópavogur**
ALARK arkitektar ehf
Bifreiðastillingin ehf
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf
Bílamarkaðurinn
Bókasafn Kópavogs
Byggðaþjónustan ehf
GK heildverslun ehf
Gæðaflutningar ehf
Hexa ehf
Ingimundur Einarsson ehf málari
Íslandsspil sf,
KB Ráðgjöf
Kjarnagluggar sf
Kópavogsblóm
Kópavogsbær
Kríunes ehf
Krossinn,kristilegt félag
Marás ehf
Rafgjafinn ehf
Rafvirkni ehf
Ræstingaþjónustan sf.
S.Guðjónsson ehf
Sendibílastöð Kópavogs ehf
Smáralind ehf
Smurstöðin Stórhjalla ehf
Snælandsskóli
Stáliðjan
Söluturninn Smári
Tónlistarskóli Kópavogs
Uppdæling ehf
Vegurinn
Veitingaþjónusta Lárusar Loftssonar
www.mannval.is

**Garðabær**
AH Pípulagnir ehf
Eik ehf
Engilbert ÓH Snorrason tannlæknastofa sf
Garðabær
Geislatækni ehf Laser-þjónustan
H.Filipsson sf
Haraldur Böðvarsson og co ehf
Héðinn Schindler lyftur hf
Kjarnavörur hf
Rafal ehf
Raftækniþjónusta Trausta eh
Vineyard kristið samfélag

**Hafnarfjörður**
Austurvöllur ehf
Betri stofan ehf,
Byggingafélagið Kambur ehf
Byggingafélagið Sandfell ehf
Dverghamrar ehf
Fínpússning ehf
Flensborgarskólinn
Hagtak hf
Hópbílar hf
Iðnskólinn í Hafnarfirði,
Iðnvélar, Hvaleyrarbraut 20
Ísrör ehf, Hringhellu 12
Klæðning ehf, Reykjavíkurvegi 68
PON-Pétur O Nikulásson ehf, Melabraut 23
S.G múrverk ehf, Hvassabergi 4
Samtak ehf, Skútahrauni 11
Sigrún Óla arkitekt FAÍ www.solark.is
Snittvélin ehf, Brekkutröð 3
Suðurverk hf, Drangahrauni 7
Tannlæknastofa Harðar V Sigmarssonar sf, Reykjavíkurvegi 60
www.gardyrkjan.is, Helluhrauni 4

**Bessastaðahreppur**
Café Bleu, Smáratún 4

**Reykjanesbær**
Alex, bíla- og gistihús við Leifsstöð
Art-húsið ehf, Hafnargötu 45
Eignarhaldsfélagið Áfangar eh,
Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Sunnubraut 36
Hitaveita Suðurnesja, Brekkustíg 36
Íslenska félagið ehf, Iðavellir 7a
Kaffitár, Stapabraut 7
Ljósmyndastofan Nýmynd, Hafnargötu 90
Rafpóll ehf, Smáratúni 38
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Samhæfni ehf, Hringbraut 96
Slakki ehf, Stekkjargötu 51
Sparisjóðurinn í KeflavíkTannlæknastofa
Einars Magnúss ehf, Skólavegi 10
Tréborg sf, Efstaleiti 28
Varmamót ehf, Framnesvegi 19
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Hafnargötu 80
Verslunarmannafélag Suðurnesja,
Vatnsnesvegi 14
Vísir, félag skipstjórnarmanna á Suðurnesjum, Hafnargötu 90

**Keflavíkurflugvöllur**
Suðurflug ehf, Keflavíkurflugvelli

**Grindavík**
Grímsnes ehf, Hafnargötu 31
Haustak ehf, Hafnargötu 12
Smiðshöggið ehf, Túngötu 16
TG raf ehf, Hafnargötu 20
Ungmennafélag Grindavíkur
Útgerðarfélagið Einhamar ehf, Verbraut 3a
Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

**Sandgerði**
Hvalsnessókn
Sandgerðisbær, Miðnestorgi 3
Sólplast ehf, Hlíðargötu 37

**Garður**
Sveitarfélagið Garður, Melbraut 3

**Mosfellsbær**
Eyjaberg ehf, Þverholti 13
Garðyrkjustöðin Gróandi, Grásteinum
Gylfi Guðjónsson, ökukennari, sími 6960042, Tröllateig 20
H. Blöndal ehf, Arnartanga 26
Kvenfélag Lágafellssóknar
Nýja bílasmiðjan hf, Flugumýri 20
Símsen á Íslandi ehf., þjálfarabrauð, Reykjabyggð 24
Varmárskóli

**Akranes**
Bifreiðastöð Þórðar Þ Þórðarsonar
Bílver, bílaverkstæði ehf, Innnesvegi 1
Byggðarsafn Akraness að Görðum
Fasteignasalan Hákot, Kirkjubraut 28
Grunnskólinn, Espigrund 1
GT Tækni ehf, Grundartanga
Íþróttabandalag Akraness, Jaðarbökkum
Markstofa ehf, Merkigerði 18
Runólfur Hallfreðsson ehf, Krókatúni 9
Sjónglerið ehf, Skólabraut 25
Smurstöð Akraness sf, Smiðjuvöllum 2
Uppheimar ehf, Vesturgötu 45
Verslunarþjónustan ehf, Faxabraut 7a
Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf,
Smiðjuvöllum 10
Vélaleigan Þróttur, Ægisbraut 4

**Borgarnes**
Borgarbyggð, Borgarbraut 14
Bókhalds- og tölvuþjónustan sf
Búvangur ehf, Brúarlandi
Efnalaugin Múlakot, Borgarbraut 49
Eyja- og Miklaholtshreppur, Hofstaðir
Landbúnaðarháskóli Íslands, Hvanneyri
Skorradalshreppur, Grund
Sæmundur Sigmundsson ehf
Upplýsinga og kynningarmiðstöð
Vesturlands ehf, Brúartorgi 1
Vatnsverk-Guðjón og Árni ehf

**Stykkishólmur**
Rauði kross Íslands Stykkishólmsdeild
Stykkishólmskirkja
Sæfell ehf, Hafnargötu 9
Þ.B.Borg - steypustöð ehf, Silfurgötu 36

**Grundarfjörður**
Grundarfjarðarbær, Grundargötu 30
Lengjan ehf, Hrannarstíg 14

**Hellissandur**
KG Fiskverkun ehf, Hafnargötu 6
Nónvarða ehf, Bárðarási 6
Þorgeir Árnason ehf, Háarifi 27

**Búðardalur**
Dalabyggð, Miðbraut 11
Reykhólahreppur
Reykhólahreppur, Reykhólum

**Ísafjörður**
Ferðaþjónustan í Heydal, Mjóafjörður
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum
Orkubú Vestfjarða hf, Stakkanesi 1
Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar
Tréver sf, Hafraholti 34

**Bolungarvík**
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf
Sparisjóður Bolungarvíkur, Aðalstræti 14
Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur

**Súðavík**
Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 3

**Patreksfjörður**
Hafnarsjóður Vesturbyggðar
Oddi hf, fiskverkun, Eyrargötu 1
Söluturninn Albína, Aðalstræti 89

**Tálknafjörður**
Eik hf, trésmiðja, Strandgötu 37

**Staður**
Bæjarhreppur, Bæ II

**Hólmavík**
Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Höfðagötu 3

**Hvammstangi**
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga,

**Blönduós**
Húnavatnshreppur, Húnavöllum
Vélsmiðja Alla ehf, Efstabraut 2

**Sauðárkrókur**
Bókhaldsþjónusta KOM ehf, Víðihlíð 10
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
Kvenfélagið Framför
Lögreglustjórinn á Sauðárkróki
Sveitarfélagið Skagafjörður, Faxatorgi 1
Verslun Haraldar Júlíussonar

**Varmahlíð**
Akrahreppur Skagafirði

**Siglufjörður**
Berg hf, byggingafélag, Norðurgötu 16
Egilssíld ehf, Gránugötu 27
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði

**Akureyri**
Akureyrarkirkja, Eyrarlandsvegi
Amaro heildverslun, Frostagötu 6c
Arnarfell ehf, Sjafnarnesi 2-4
Blikkrás ehf, Óseyri 16
Félag málmiðnaðarmanna Akureyri
Finnur ehf, Fornagil 15
G. V. Gröfur ehf, Óseyri 2
Gk endurskoðun ehf, Hafnarstræti 97
Gróðrarstöðin Réttarhóll, Svalbarðseyri
Heilsuhornið, Glerártorgi
Hlíð hf, Kotárgerði 30
Ísgát ehf, Lónsbakka
Íþróttamiðstöð Glerárskóla
Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b
Knattspyrnufélag Akureyrar, KA-heimilið
Líkamsræktin Bjarg ehf, Aðalstræti 16
Rafröst ehf, Gránufélagsgötu 49b
SJBald ehf, Grýtubakka 1
Sjómannablaðið Víkingur, Byggðarvegi
Vélsmiðjan Ásverk ehf, Grímseyjargötu
Ösp sf, trésmiðja, Furulundi 15f

**Grímsey**
Sæbjörg ehf, Efri Sandvík

**Ólafsfjörður**
Norlandia ehf, Múlavegur 3

**Húsavík**
Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf
Framhaldsskólinn á Húsavík
Kvenfélag Húsavíkur, Túngata 5
Skóbúð Húsavíkur, Garðarsbraut 13
Framhaldsskólinn á Laugum
Norðurpóll ehf, Laugabrekku Reykjadal

**Þórshöfn**
Þórshafnarprestakall

**Egilsstaðir**
Bílamálun Egilsstöðum ehf
Egilsstaðakirkja, Laugavöllum 19
Fljótsdalshérað, Lyngási 12
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf
Hraðbúð ESSO www.khb.is
Miðás hf (Brúnás innréttingar)
Verslunarmannafélag Austurlands

**Seyðisfjörður**
Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44

**Reyðarfjörður**
Heilbrigðisstofnun Austurlands

**Neskaupstaður**
Pálmi Þór Stefánsson, Hafnarbraut 1
Síldarvinnslan hf, útgerð
Sparisjóður Norðfjarðar, Egilsbraut 25

**Fáskrúðsfjörður**
Fáskrúðsfjarðarkirkja
Vöggur ehf, Grímseyri 11

**Breiðdalsvík**
Héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmis syðra, Ásvegi 31

**Höfn í Hornafirði**
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellsýslu
Skeggey ehf / Ósland, Miðósi 17
Skinney - Þinganes hf, Krossey
Sveitafélagið Hornafjörður, Hafnarbraut
Öræfum
Félagsbúið Hnappavöllum 4

**Selfoss**
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf
Bílasala Suðurlands ehf, Fossnesi 14
Björgunarfélag Árborgar, Austurvegi 54
Flóahreppur, Þingborg
Hótel Geysir og Söluskálinn ehf, Haukadal
Hrói Höttur, Austurvegi 22
Jáverk ehf, Gagnheiði 28
Jeppasmiðjan ehf, Ljónsstöðum
Pípulagnir Helga ehf, Baugstjörn 17
Plastiðjan ehf, Gagnheiði 17
Pylsuvagninn Selfossi, Besti bitinn í bænum
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða
Selfossveitur bs, Austurvegi 67
Sigurður Ágúst ehf, Tröllhólum 3
Sælkeravinnslan ehf, Gagnheiði 45
Tannlæknastofa Halls og Petru
Veitingastaðurinn Menam, Eyrarvegi 8
Verslunin Borg, Grímsnesi

**Hveragerði**
Hveragerðisbær, Sunnumörk 2
Hveragerðiskirkja, Bröttuhlíð 5
Litla kaffistofan, Svínahrauni
Sport-Tæki ehf, Austurmörk 4
Tölvutak ehf, Sunnumörk 2

**Þorlákshöfn**
Fagus ehf, Unubakka 18-20
Frostfiskur ehf, Hafnarskeiði 6
Þorláks- og Hjallakirkja, Reykjabraut 11

**Eyrarbakki**
Héraðssjóður Árnesprófastsdæmis, Túngötu 20

**Stokkseyri**
Kvenfélag Stokkseyrar

**Laugarvatn**
Menntaskólinn að Laugarvatni

**Flúðir**
Hrunaprestakall, Hruna

**Hella**
Sólfugl ehf, Heiðvangi 6

**Hvolsvöllur**
Upplýsingamiðstöðin Hvolsvelli, Hlíðarvegur 14

**Vík**
Mýrdalshreppur, Austurvegi 17
Mýrdælingur ehf, Suðurvíkurvegi 2

**Kirkjubæjarklaustur**
Tjaldstæðið Kirkjubæ 2, Vestur Skaftafellssýslu

**Vestmannaeyjar**
Frár ehf, Hásteinsvegi 49
Guðmunda ehf, Suðurgerði 4
Ós ehf, Illugagötu 44
Pétursey ehf, Flötum 31
Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf
Útgerðarfélagið Glófaxi ehf, Illugagötu 36
Vinnslustöðin hf, Hafnargötu 2

## Samþykkjum ekki áfengisneyslu unglinga - kaupum ekki áfengi fyrir yngri en 20 ára


ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Almenna verkfræðistofan

NICOLAI
BIFREIÐASTILLINGAR
Faxafeni 12 Sími 588-2455
Véla og hjólastillingar
Tímareimar - Viðgerðir

Húsanes

KPMG

ego

NETSAMSKIPTI EHF.
NETWORK COMMUNICATIONS
Sími: 421 6816




FRÉTTABLAÐIÐ

**www.sumarhusathjon-ustan.is**
Félög og einstaklingar! Hafið ekki áhyggjur af sumarhúsinu, við skulum sjá um það! T.d. sólpallar, málun, sláttur, þrif ofl. S. 893 2022.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Flöt þök nýlagnir, viðgerðir og viðhald. 40 ára reynsla Hamraborg ehf. í s. 896 4947.

## Tölvur

**Vandaðar tölvuviðgerðir**
Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 11 ára reynsla. Ríkharður - Miðnet ehf. S. 615 2000.

## Nudd

Massage. Tel. 862 0283.

## Spádómar










Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Bella.is s. 567 07 57.**
Símaspá, tarot, draumaráðningar, andleg leiðsögn. Fyrirbænir. Kl. 17 - 23 virka daga. Euro/Visa. Sjá Bella.is

**Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395**
Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa í beinu samb. Símaspá, draumaráðningar, fjarheilun. 199.9 mín. Visa/MC 170 mín. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

## Rafvirkjun




## Önnur þjónusta

**Fatabreytingar**
**Allar fatabreytingar, styttum buxur samdægus, skiptum um rennilása á buxum og jökkum, einnig leðurjökkum. Opin mánudag- föstudag frá kl 10- 17.30. laugardaga 10-14. Sími 552 5540. Skraddarinn á Horninu Lindargötu 38.**

# HEILSA

## Heilsuvörur




**Alveg nýtt á Íslandi - Lr kúrinn.**
**Viltu létta þig? Ég hef losnað við 13 kg á 8 vikum án svengdar og án sérstakrar hreyfingar. Til að fá fría prufu þá hringdu í Halldóru í síma 869 2024 eða sendu tölvupóst á halldoragv@internet.is**

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Kaupauki í júní. www.lifsstill.is Edda Borg s. 896 4662.

www.leit.is smellið á Ristilvandamál.

Léttist um 10 kg á 12 vk.Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s.8625920

LR Henning kúrinn! Ekkert mál! Rúmur mánaðarskammtur 19.980. Vala s: 847-4704

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

## Nudd

Nudd nudd nudd. S. 659 9420.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Ökukennsla. Get bætt við mig nemendum. Kenni á Subaru Legacy. Uppl. í s. 664 8203 Hörður Hinriksson.

# HEIMILIÐ

## Gefins

Yndisleg falleg 10 vikna svört loðin læða fæst gefins. Einnig gullfallegur loðinn 1 árs fress gråbröndóttur og geldur. Uppl. í s. 691 7306.

3 sæta drapplitaður tungusófi fæst gefins gegn því að verða sóttur Fríða 8226338

V/flutninga fæst 2ja ára þvottavél og þurrkari gefins. Virkar bæði mjög vel. sími 899-8739

## Dýrahald

**2 sama verði og 1**
**Eukanuba maintenance Large 2x15 kg, 6.650.-**

**Eukanuba Puppy Jr. Large 2x15kg, 7.650.-**

**Annað hunda og kattafóður frá Eukanuba og Iams með 30% afslætti í júní.**
**Dýraland, Mjódd. S. 587 0711**

**Dýraland, Kringlan. S. 588 0711**

**Dýraland, Spöng. S. 587 0744**



11 vikna silky terrier tík til sölu með ættbók frá Rex. Afhendist heilsufarssk. örmerkt og með fyrstu sprautu. Frábærir smáhundar sem fara ekki úr hárum og valda síður ofnæmi. Uppl. í s. 866 5299 og 869 9351.

2 chiuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 483 4694, 893 4694 & 868 6428.

Vegna aukinna umsvifa getum við bætt við okkur dyravörðum, barþjónum og öðru starfsfólki. Að hafa af lífinu er skilyrði, reynsla æskileg. Ekki yngri en 20 ára. Uppl. í dag á staðnum frá kl. 16-19. Gaukur á stöng, þar sem mömmur rokka.

3 gæfir kettlingar fást gefins. Kassavanir. Uppl 557 1595 og 616 7983

2 læður og 1 högni fást gefins vegna fluttninga. Gullfallegir fjörkálfar. Ekki fyrir slöngueigendur! S. 857 2406.

## Ýmislegt






**- Beachcomber -**

**Kanadískir heitir pottar**
**Sumartilboð á heitum pottum. Eigum örfáa Beachcomber heita potta á lager. Til afgreiðslu strax. Mest einangruðu pottar á markaðnum, lokað 24 tíma hreinsikerfi o.m.fl. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs.**

**11 ára reynsla á Íslandi.**
**Opið alla daga frá 9 til 21.00.**
**Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is**



Allt að 50% útsala, persnesk teppi, húsgögn, gjafavörur. www.zedrus.is, Hlíðasmára 11, Kópavogi. S. 534 2288.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta




**Sjóstangveiði - Andrea**
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 898 3300. Nánari upplýsingar.www.sjostong.is, hvalalif@hvalalif.is

## Gisting

Gisting á Menorca Mahon, Costa Brava - Playja de Aro og Valladolid. Barcelona laus í haust. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

**Orlofshús á Akureyri**
Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. Sólarhringurinn 17.500kr. & vikan á 90.000kr. leo79@internet.is - S. 897 5300, Leó. www.vadlaborgir.is

**Orlofsíbúð á Akureyri**
13.500,- kr. nóttin. Uppl. í s. 897 5300, netfang leo79@internet.is Leó.

## Fyrir veiðimenn

**Góðir maðkar**
til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

Yamaha tvígengis utanborðsmótor til sölu, 20hö lítið notaður (innan við 30 tímar) og einungis í vatni. Uppl. í síma 664 7001.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði




3-4 herb. íbúð við Fossvog í Kóp. leigist m. húsg. 120 þ/mán m. raf, hit og hússj. Langtímal. laus 12. Ág. S. 864 0102 & 869 8252 eftir kl. 17

Björt og rúmgóð fjögurra herbergja íbúð í Austurbænum til leigu. Aðeins reyklaust og reglusamt fólk kemur til greina, langtímaleiga. Upplýsingar í síma 6168863 eftir kl 13.

Kópavogur 200. falleg reyklaus 3ja herbergja íbúð, í einbýlishúsi er til leigu frá 1 ágúst. Langtíma leiga. Heimilistæki, Uppvöskunarvél ofl. Leiga 115 þús. Uppl. í s. 690 2531.

2ja herbergja íbúð á Seltjarn. Leiga 95þ. hiti-hússj.innif. Uppl. s. 8450411

## Húsnæði óskast

**2ja herb. íbúð óskast**
**Ung kona með barn óskar eftir að taka á leigu 2ja herb. íbúð. Æskileg staðsetning er í nágrenni Reykjavíkur þ.e. Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur eða Álftanes en þó kemur allt til greina. Er reglusöm, áreiðanleg og lofa skilvísum greiðslum. Upplýsingar gefur Ásdís í s. 698 9122.**

Fyrirtæki vantar tvær 3ja herb. íbúðir/hús eða stærri á höfuðborgarsv. til leigu strax fyrir erlenda starfsmenn. Snyrtimennsku og skilvísum greiðslum heitið. S. 820 7060 & 820 7062.

Rað-, par- eða einb.hús óskast til langtímaleigu (2-3 ár) í Grafarholti. Öruggar greiðslur, góð fyrirfram greiðsla möguleg. Vinsaml. sendið uppl. á hordur@mac.com.

3-4 Herb. Íbúð óskast á svæði 101 eða 105. Greiðslugeta 80-100 þús. Uppl. í s. 849 8053.

Læknahjón með tvö ung börn, óska eftir fallegu 4+ herbergja húsnæði til leigu í Rvk. Reglusöm, kurteis, kattþrifin og auðvitað reyklaus. Leiga til 2-3 ára er forsenda. Guðmundur 694 1625.

Ungt par utan af landi óskar eftir 1-2ja herbergja íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu frá miðjum ágúst. Erum reyklaus og reglusöm, áreiðanlegum greiðslum heitið. Dagur 898-2956.

Reglusamur maður óskar eftir litlu herbergi til leigu í Rvk. frá 1 júlí. Má vera aðstæðulaus. Greiðslugeta 16 þús. á mán. Uppl. í s. 692 4906.

Óska eftir 3-4 herb. íbúð í Hólahverfi eða 111 frá 1. júlí. Uppl í s. 697 0002

## Sumarbústaðir

Til leigu sumarhús á Stokkseyri. Pláss fyrir 6-8 mans, fullbúið m/rúmfötum, nuddpottur fyrir 8 mans. Leigist í viku eða helgar leigu. Nánari uppl. inn á gistingar.is

Var að losna vika í nýju sumarhúsi 29-6 júlí. Golf fylgir frítt á góðum golfvelli, hagstætt verð. S. 517 6200.

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum. Góð aðstaða, hagstæð kjör. S. 899 3760.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Veitingahúsið Nings**
**Óskar eftir í bílstjórum og fólki í sal, kvöld- og helgarvinnu. Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is**

**Bílstjórar óskast.**
**Pósthúsið óskar eftir duglegum bílstjórum í vinnu. Vinnutíminn er frá 8-16.**
**Allar nánari upplýsingar má finna á www.posthusid.is og í síma 585 8300.**

**Hársnyrtifólk ath.**
**Leitum eftir metnaðarfullu starfsfólki í leigustóla á nýja og stórglæsilega hárgreiðslustofi í Smáralind. Sanngjörn leiga fyrir rétta aðila. Gríðarlega spennandi verkefni framundan. Uppl. í s. 692 1213.**

**Devitos Pizza!**
**Óskar eftir starfsfólki í sumarvinnu bæði kvölds og morgna í afgreiðslustarf og pizzabakstur. Uppl. í s. 697 8434.**




**Cafe Oliver**
**Cafe Oliver óskar eftir matreiðslumönnum í framtíðarstörf. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Atla í síma 694 7116.**
**Chefs needed!**

**Bakarí í Garðabæ**
**Röskur og áreiðanlegur starfskraftur óskast í bakarí í Garðabæ. Vaktavinna virka daga frá 06.30-13.00 & 13.00-18.30 & aðrahvora helgi. Ekki yngri en 20 ára. Uppl. í s. 899 8212.**

**Ísbúð & Grill í Garðabæ**
**Röskur og áreiðanlegur starfskraftur óskast. Vaktavinna. Einnig vantar fólk á kvöldin og um helgar. Ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 899 8212.**

**Sumarafleysingar**
**Röskur og áreiðanlegur starfskraftur óskast í bakarí í Kópavogi. Vaktavinna virka daga frá 06.30-13.00 & 13.00-18.30 og aðrahvora helgi. Ekki yngri en 20 ára. Uppl. í s. 899 8212.**

**Vélamenn - bílstjórar**
**Óskum eftir að ráða vanan gröfumann á 18 tonna hjólavél og bílstjóra á 4ra öxlna bíl. Uppl. í s. 660 1150, Trausti & 660 1155, Guðmann. Fjölverk Verktakar ehf**

## SKÓVINNUSTOFA TIL SÖLU




4 ungnautahamborgarar og 4 hamborgarabrauð
Innflutt úrvals ungnautakjöt frá Nýja-Sjálandi
498 KR.
15% afsláttur
við kassann
GOUDA 11%
OSTA sneiðar
Sjáðu verðið!
1 lítri!
98 KR.
Trópí
10x120g hamborgarar
998 KR.
Frosnir og fínir í ferðina
4 XL Bónus hamborgarabrauð
79 KR.
Nautaats grillborgarar
120g x 10
Innflutt úrvals ungnautahakk
85% ungnautahakk/15% prótín og vatn
EPLA
Svali
APPELSÍNU
3 saman
69 KR.
Crisp fried onion
EURO SHOPPER
STEIKTUR LAUKUR
69 KR.
200g
www.bonus.is
BÓNUS


Komdu á bonus.is
Tilboð í TUGATALI!
Matarkarfa að upphæð 20.000kr. dregin út í póstlistanum í hverri viku til 1. sept.!
+ 33% pakki
59 KR.
Maryland
Homeblest + 50%
98 KR.
300g
HOMEBLEST
+50%
Pepsi Max 0,5L + samloka
198kr.
Doritos
129 KR.
200g
Góu brenna
398 KR.
Sjáðu verðið!
Neutral
2 kíló!
359 KR.
þvottaefni
Fínt í ferðina!
www.bonus.is
FRÁBÆRT Í FARTESKIÐ!
PRINCE POLO
35 stykki
895 KR.
Prince Polo kassi
MUNDU PÓSTLISTANN bonus.is
BÓNUS

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.323 **+0,53%**

**Fjöldi viðskipta:** 504
**Velta:** 13.021 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| CENTURY AL. | +2,60% | 365 | -3,03% |
| ALFESCA | +1,89% | ÖSSUR | -0,46% |
| ATORKA | +1,73% | STR. -BURÐARÁS | -0,46% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,52 -3,03% ... Actavis 89,60 -0,33% ... Alfesca 5,39 +1,89% ... Atlantic Petroleum 1.075 +1,42% ... Atorka 8,25 +1,73% ... Bakkavör 69,60 -0,29% ... Eimskipafélagið 40,30 +1,13% ... FL Group 29,55 +1,20% ... Glitnir 28,80 -0,35% ... Kaupþing 1.131 +1,44% ... Landsbankinn 38,20 +0,26% ... Marel 84,50 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 21,80 -0,46% ... Össur 107,50 -0,46%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Risasparisjóður í höfuðborginni

**Sameinaður sparisjóður Byrs og SPK er metinn á 45 milljarða króna. Sóknarsamruni, segja stjórnarformenn sparisjóðanna.**

Sameinaður sparisjóður Byrs og Sparisjóðs Kópavogs (SPK) er metinn á um 45 milljarða króna miðað við síðasta viðskiptagengi í Byr. Stjórnir sparisjóðanna hafa skrifað undir samrunaáætlun sem miðast við 1. janúar 2007.

Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður Byrs, segir að góðum áfanga sé náð. „Nú erum við búnir að dekka útibúanetið á höfuðborgarsvæðinu. Við erum ekki með neina starfsemi í Kópavogi þannig að þessi fyrirtæki smellpassa saman.“



**HÖFUÐSTÖÐVAR BYRS VIÐ BORGARTÚN** Stofnfjárhafar í Byr fá 87 prósent í sameinuðum sparisjóði.

**STÆRSTU SPARISJÓÐIRNIR Í HEILDAREIGNUM TALIÐ**

| Sparisjóður | Eignir í milljörðum |
|---|---|
| SPRON | 184,5 |
| Byr/SPK | 125,2 |
| Sparisjóðurinn í Keflavík | 48,0 |
| Sparisjóður Mýrasýslu | 33,7 |

* Miðað við 1. janúar 2007

Byr er annar stærsti sparisjóður landsins en SPK sá fimmti stærsti. Aðeins SPRON er stærri sparisjóður í eignum talið en heildareignir sjóðanna tveggja nema nú um 140 milljörðum króna. Reka þeir alls níu útibú á höfuðborgarsvæðinu og sjá stjórnendur fyrir sér þrjú kjarnaútibú: Í Borgartúni, við Strandgötu í Hafnarfirði og í Kópavogi. Umsvif sjóðanna liggja einnig víða á sviði fjárfestinga en þeir eru stórir í Icebank, SP Fjármögnun og fjárfestingarbönkunum MP og VBS.

„Stóra tækifærið liggur í því að sameiginlegur sparisjóður hefur miklu meiri sóknargetu en sjóðirnir höfðu áður út af stærð og styrkleika. Miðað við þann kostnað sem sjóðirnir hafa núna þá getur hann sótt miklu meiri tekjur,“ segir Birgir Ómar Haraldsson, stjórnarformaður SPK. Og bætir við: „Það verður sótt fram af ákveðni og fagmennsku.“

Stjórnendur sjóðanna ætla að taka sér góðan tíma til að fara vel yfir alla þætti starfseminnar, enda er það heilmikið verkefni að sameina sparisjóði. Þeir telja að til að byrja með verði starfsemi hins nýja sjóðs óbreytt.

Stofnfjáreigendur í Byr munu fá 87 prósent í sameinuðum sjóði á móti þrettán prósentum stofnfjáreigenda í SPK. Til þess að mæta skiptihlutföllum verður stofnfé Byrs aukið um tæpa 2,8 milljarða króna og fer sú aukning að öllum líkindum fram í haust.

Mikið ferli er fram undan en bæði FME og Samkeppnisstofnun þurfa að taka málið til meðferðar auk þess sem gera þarf áreiðanleikakönnun. Forsvarsmenn Byrs þekkja vel til þessara mála frá sameiningu SPH og SPV í fyrra. Ef allt gengur eftir reikna stjórnarformennirnir með að samruninn gangi í gegn í september. Reiknað er með að tillaga um samruna verði þá lögð fyrir stofnfjáreigendur í báðum sjóðum. Stofnfjáreigendur í Byr eru um sex hundruð en hundrað færri í SPK.

**eggert@frettabladid.is**

# Árdegi kaupir hlut Baugs í Merlin

Árdegi, félag í eigu Sverris Berg Steinarssonar, hefur keypt Baug Group út úr dönsku raftækjakeðjunni Merlin. Eftir kaupin verður Árdegi eigandi 65 prósenta hlutar í félaginu og Milestone 35 prósenta.

Árið 2005 keyptu Árdegi, Baugur Group og Milestone Merlin. Þá hafði keðjan verið rekin með tapi um nokkurra ára skeið. Hafist var handa við að snúa við rekstrinum. „Nú erum við farin að sjá til lands í viðsnúningnum og því tímabært að fara að huga að meiri samlegð milli verslananna, sérstaklega í innkaupum og markaðssetningu,“ segir Sverrir. Hann fór því þess á leit við stjórnendur Baugs að kaupa hlut félagsins í raftækjakeðjunni. Kaupverð er ekki gefið upp.

Árdegi og Milestone reka nú 48 verslanir í Danmörku og er hún önnur stærsta raftækjakeðjan þar. „Við eigum töluverð færi eftir í Danmörku. Við ætlum því að halda áfram að vaxa og verða stærstir,“ segir Sverrir. Þá segir hann töluverða möguleika í útrás keðjunnar til annarra Norðurlanda.

Auk Merlin á og rekur Árdegi tíu BT-verslanir, fimm Skífuverslanir, Sony Center, auk tískuverslananna Nova Nova og Next. Í heild starfa hjá samstæðunni um átta hundruð starfsmenn. **- hhs**

www.ellingsen.is




# Á fyrsta farrými í Hymer hjólhýsi



## Tæknilýsing

| | |
|---|---|
| Heildarlengd | 694 cm |
| Vagnlengd | 547 cm |
| Heildarbreidd | 230 cm |
| Heildarhæð | 262 cm |
| Lengd innanmál | 500cm |
| Breidd innanmál | 218cm |
| Hæð innanmál | 198 cm |
| Eigin þyngd | 1150 kg |
| Tilbúinn til brottfarar | 1240 kg |
| Hámarksburðargeta | 1350/1500(SA)/1600(SA) kg |
| Hámarksfarangur | 110/260/360 kg |
| Öxull | Einn |
| Dekkjastærð | 185 R14 C102 L |
| Gólfþykkt | 41 mm |
| Veggir og loft | 30 mm |
| Svefnpláss | 4 |
| Rúm að framan | 208x130/144 cm |
| Rúm að aftan | 200x145/110 cm |
| Salerni | 70x93 cm |
| Fataskápur | 63x126x62 cm |
| Kælir | 93 lítrar |
| Miðstöðvarkerfi | Truma S 3002 |
| Vatnshitunarkerfi | Truma-Therme |
| Vatnstankur | 45 lítrar |
| Affallstankur | 22 ltr |
| Ummál fortjalds | 942 cm |

## Útilegukortið




Takmarkalausir gistimöguleikar um allt land!

## Hymer Nova 465

## Verðdæmi

| | |
|---|---|
| Verð | 3.350.000 kr. |
| Útborgun | 500.000 kr. |

**Mánaðargreiðsla**

**40.664 kr.***

*miðast við 84 mánuði



Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is

Opið mán.-fös. 8-18, laugard. 10–16 og sunnud. 12–16

Ellingsen – *fullt hús ævintýra*

**KATHERINE JENKINS FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1980.**



*„Að lifa í draumi lýsir varla síðasta ári. […] Ég er mjög lánsöm kona og hlýt að eiga bestu aðdáendur í heimi. Ég vil nota tækifærið og þakka þeim öllum fyrir.“*

***Óperusöngkonan Katherine Jenkins þakkar aðdáendum sínum stuðninginn, þegar í ljós kemur að enginn annar klassískur tónlistarmaður hefur selt plötur sínar eins hratt í Bretlandi og hún.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 29. JÚNÍ 1964

## *Drög gerð að prufuþætti Star Trek*

Star Trek hefur notið ómældra vinsælda síðan fyrsti sjónvarpsþátturinn um áhöfn geimskipsins Enterprise var sýndur árið 1966. Hugmyndasmiður þáttanna, Gene Roddenberry (1921-1991), hafði þá unnið að þeim í nokkur ár ásamt starfsfólki NBC og gert gróft uppkast að handriti fyrri hluta prufuþátta á þessum degi árið 1964.

Fyrri prufuþátturinn, The Cage, segir frá því þegar kafteininum Pike og áhöfn hans um borð í Enterprise berst neyðarkall frá stjörnuklasanum Talos. Í ljós kemur að um átján ára neyðarkall er að ræða og ákveður áhöfnin að kanna málið til að vita hvort einhverjir hafi komist lífs af.

The Cage er að mörgu leyti ólík sjónvarpsseríunni eins og hún varð. Pike var til dæmis skipt út fyrir kaptein Kirk og ef Spock er undanskilinn kemur enginn úr áhöfn upprunalegu seríanna við sögu.



**THE CAGE,** Annar tveggja prufuþátta fyrir Star Trek-sjónvarpsþættina.

Auk þess er sá grundvallarmunur á Spock að hann lætur tilfinningar sínar í ljós, en eins og aðdáendur Star Trek vita stjórnast vúlkaninn af kaldri rökvísi og sýnir sjaldan svipbrigði.

Hvað sem öllum frávikum líður mörkuðu The Cage og framhaldsþátturinn Where No Man Has Gone Before tímamót, þar sem fyrsta sjónvarpsserían um ævintýri Enterprise var sýnd aðeins tveimur árum seinn.

Síðan þá hafa fjölmargar Star Trek-þáttaraðir og kvikmyndir verið framleiddar með hléum. Stefnt er að því að frumsýna nýja mynd 2008 og verða þá 44 ár liðin frá því að drög voru lögð að The Cage.

### MERKISATBURÐIR

**1864** Níutíu og fjórir menn létust í mesta lestarslysi Kanada, í, Quebec.

**1963** Fyrsta lag Bítlanna, From Me To You, komst inn á breska vinsældarlistann.

**1967** Keith Richards, meðlimur Rolling Stones, var dæmdur í árslangt fangelsi fyrir vörslu fíkniefna.

**1979** Kvikmyndin Moonraker, sem var hluti af Bond-myndasyrpunni, var frumsýnd í Bandaríkjunum.

**1989** Sápuóperuleikkonan Susan Luccie varð af verðlaunum fyrir bestu frammistöðu kvenna í aðalhlutverki í tíunda sinn.

**1995** Sampoong-stórverslunin í Seoul, Suður Kóreu, hrundi vegna hönnunargalla. 501 lét lífið og 937 slösuðust.



**BJARNI ÓMAR HARALDSSON** Framkvæmdastjóri Hamingjudaga á Hólmavík lofar fjölbreyttri dagskrá.

BJARNI ÓMAR HARALDSSON: SKIPULEGGUR HAMINGJUDAGA Á HÓLMAVÍK

# Viðbúið að vættir fari á kreik þegar íbúarnir bregða á leik

Bæjarhátíðin Hamingjudagar á Hólmavík fer fram í þriðja skipti, dagana 29. júní til 1. júlí 2007. Hátíðin er stærsti viðburður í menningarlífi á Ströndum og lofar framkvæmdastjóri hennar, Bjarni Ómar Haraldsson, bæði fjölbreyttri og metnaðarfullri dagskrá.

„Við stílum aðallega inn á fjölskylduna,“ segir Bjarni, sem hefur staðið í stórræðum við að koma hátíðinni á kopp. „Sem dæmi um það verða hér listsýningar, götuleikhús, kassabílarall, sigling um Steingrímsfjörð, hestar, sjóstangveiði, varðeldur, fjöldasöngur og tónlistarveisla, sem kallast Hólmvískir hamingjutónar, þar sem boðið verður upp á risatertuhlaðborð í fyrsta sinn. Þetta verða því krúsídúllur bæði fyrir eyru og maga og er þá fátt upp talið.“

Að sögn Bjarna hefur áherslan á fjölskylduna aukist frá því að hátíðin fór fyrst fram árið 2005, en þá var hún hugsuð fyrir heimamenn og brottflutta. Því verður lítið sem ekkert um uppákomur sem eru eingöngu ætlaðar fullorðnum. Enda ekki um útihátíðarstemningu að ræða, eins og Bjarni orðar það.

Undantekningin þar á er þegar Hundur í óskilum skemmtir um daginn og Heiða Ólafsdóttir og hljómsveitin PKK halda uppi fjörinu á stórdansleik um kvöldið og fram á rauða nótt. Auk þeirra sjá heimamenn um flest öll skemmtiatriðin, þó nokkrir góðir gestir komi við sögu til að auka á litrófið. Enda leikurinn meðal annars gerður til þess að kynna fyrir fólki starfssemina sem er í gangi á Hólmavík.

„Síðan verður hér smiðja, þar sem galdramenning Strandamanna er kynnt fyrir börnum,“ bætir Bjarni við. „Við eigum náttúrulega heilan helling af alls kyns sögum um galdramenn, álfa og tröll og aðrar furðuskepnur. Menn hafa verið duglegir við að halda þessum sögum á lofti og sumir leitt líkur að því að um venjulegt fólk hafi verið að ræða, sem hafi stundað galdra í sjálfsbjargarviðleitni og til að hugga sig í harðneskjunni sem ríkti í gamla daga.“

Bjarni bendir á að Hamingjudagarnir séu ef til vill ágætis mótspil gegn þeirri vesöld sem ríkti hér á öldum áður, þótt göldrunum sjálfum hafi nú ekki verið um að kenna. „En þótt tímarnir séu nú aðrir, er ekki þar með sagt að galdrarnir séu með öllu horfnir. Til marks um það segjast sumir aðkomumenn finna fyrir sterkum áhrifum þegar inn fyrir bæjarmörkin er komið. Því er aldrei að vita nema einhverjir vættir verði á kreiki á Hamingjudögum, galdramenn, huldufólk, álfar og tröll.“ **roald@frettabladid.is**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Konráð Guðmundsson**

Holtagerði 42, Kópavogi,

lést 19. júní sl. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki hjúkrunardeildar Elliheimilisins Grundar fyrir einstaka umönnun, og Magnúsi Tryggvasyni, Eiríki Magnússyni í ORA og öðrum vinum og vandamönnum fyrir veittan hlýhug.

**Laufey Sigríður Karlsdóttir**
**Auður Konráðsdóttir** **Sigurður Stefánsson**
**Heimir Konráðsson** **Eyrún Ingibjartsdóttir**
**Sigrún Halldóra Gunnarsdóttir**
**Áslaug Kolbrún Jónsdóttir** **Gunnar Harðarson**
**Kolbrún Karlsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Hjartkær sonur okkar, bróðir og mágur,*

**Gunnar Leó Leosson**

tónlistarmaður, Þjórsárgötu 3, Reykjavík,

lést 20. júní síðastliðinn. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir sendum við þeim sem stutt hafa okkur með hlýhug og ýmislegri aðstoð á þessum erfiðu tímamótum. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð. Þeim sem vildu minnast hins látna er bent á Stef, Laufásvegi 40 og Menningarsjóð VISA, Laugavegi 77.

**Leo(nardus) J. W. Ingason** **Guðrún Karlsdóttir**
**Karlotta María Leosdóttir** **Hugues Pons**

†



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Skúla Breiðfjörð Jónassonar**

fyrrverandi kaupfélagsstjóra, Mýrarvegi 117, Akureyri.

**Guðrún Guðríður Guðmundsdóttir**
**Elín Skúladóttir**
**Oddfríður Skúladóttir**
**Kristinn Skúlason** **Anna Pétursdóttir**
**Jóhann Skúlason** **Margrét Guðmundsdóttir**
**Skúli Jónas Skúlason** **Þórhildur Höskuldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



†

*Elskuleg eiginkona mín, dóttir, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Hansína Ásta Stefánsdóttir**

Grenigrund 10, Selfossi,

verður jarðsungin frá Selfosskirkju laugardaginn 30. júní kl.13.30.

**Gissur Jensen**
**Stefán Jónsson** **Unnur Sigursteinsdóttir**
**Stefán Róbert Gissurarson** **Sigrún Sigurðardóttir**
**Axel Þór Gissurarson** **Ásdís Björg Ingvarsdóttir**
**Diðrik Stefánsson, Ásta Lilja Stefánsdóttir og Gísli Þór Axelsson.**



## 40 ára afmæli

**Kristinn Már Arnórsson**

**Bjarmahlíð 2 er fertugur í dag. Hann tekur á móti gestum og ellistyrkjum á heimili sínu laugardaginn 30. júní kl. 19-21. Bíg-bandið Púkó og Gummi skemmta gestum. Allir vinir, velunnarar og styrkir velkomnir.**



†

*Elsku mamma, tengdamamma, amma og langamma,*

**Ragnhildur Stefánsdóttir**

Ljósheimum 8, Reykjavík,

lést á Grensásdeild Landspítalans, miðvikudaginn 27. júní. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Stefán Ómar Oddsson** **Ása Birna Áskelsdóttir**
**Ríkharður Oddsson** **María Viggósdóttir**
**María Berglind Oddsdóttir**
**börn og barnabörn.**




LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S·HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677


### AFMÆLISBÖRN



**Sigurjón Þórðarson** líffræðingur er 43 ára.



**Ágúst Guðmundsson** leikstjóri er 61 árs.



**Guðmundur Stephensen** borðtennismeistari er 25 ára.



**Hákon** Waage leikari er 61 árs.

# Útsala

## á húsgögnum

## Fyrstur kemur fyrstur fær
## Allt að 137.940 kr. afsláttur

| | Verð áður | Verð nú | Afsláttur |
|---|---|---|---|
| Leðursófasett 2323 | ~~229.900 kr.~~ | 91.960 kr. | 137.940 kr. |
| Leðursófi með tungu | ~~139.900 kr.~~ | 89.928 kr. | 49.972 kr. |
| Sófasett 1189 3+1+1 | ~~249.000 kr.~~ | 199.200 kr. | 49.800 kr. |
| Sófasett 3217 3+1+1 | ~~199.900 kr.~~ | 157.920 kr. | 41.980 kr. |
| Call Dany leðursófi | ~~219.000 kr.~~ | 194.100 kr. | 24.900 kr. |
| Theo skenkur | ~~184.900 kr.~~ | 147.920 kr. | 36.980 kr. |
| Theo skápur | ~~159.900 kr.~~ | 127.920 kr. | 31.980 kr. |
| Theo borð | ~~139.900 kr.~~ | 111.920 kr. | 27.980 kr. |
| Theo sjónvarpsskápur | ~~129.900 kr.~~ | 103.920 kr. | 25.980 kr. |
| Theo sófaborð | ~~99.900 kr.~~ | 79.920 kr. | 19.980 kr. |
| Orthopedico rúm 150x200 | ~~72.900 kr.~~ | 58.320 kr. | 14.580 kr. |
| Orthopedico rúm 180x200 | ~~87.900 kr.~~ | 70.320 kr. | 17.580 kr. |






**Húsgögn eru einungis fáanleg í Smáralind og á Akureyri.**

Gildir til 3. júlí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*





# STUÐ MILLI STRÍÐA Útþynning hugtaka

**ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON** ER ÞREYTTUR Á ATVINNUPÓLITÍKUSUM



Þegar ég var yngri fylgdist ég af miklum áhuga með íslenskum stjórnmálum. Meðan vinir mínir hengdu myndir af Michael Jordan upp á veggi hjá sér sat ég við sjónvarpstækið og horfði spenntur á útsendingar frá Alþingi. Þessi áhugi hefur hins vegar minnkað með hækkandi aldri og auknum þroska, sennilega öfugt við þróunina hjá flestum öðrum. Núna þykir mér lítið varið í að horfa á Alþingi og atvinnupólitíkusar höfða ekki til mín. Ástæðan er sú gríðarlega útþynning hugtaka sem atvinnupólitíkusarnir stunda. Ég man fyrir nokkrum árum þegar einn þingmaður ræddi um þau sjálfsögðu mannréttindi að fólk á landsbyggðinni fengi að horfa á enska boltann. Í mínum huga á það ekkert skylt við mannréttindi. Mannréttindi eru daglega brotin á milljónum úti um allan heim og fjöldi fólks lifir við þjáningar sem við hér á litla Íslandi getum ekki ímyndað okkur.

Hér hefur til dæmis aldrei verið borgarastríð. Þegar kosið var um skipulagsmál í Hafnarfirði fyrir skemmstu þótti hins vegar ekkert sjálfsagðara en að líkja ástandinu í bænum við borgarastríð. Ég hef aldrei verið staddur þar sem borgarastríð geisar en ég brá mér nokkrum sinnum í Hafnarfjörð meðan sú umræða var í gangi. Ef ástandið í borgarastríðum er eitthvað í líkingu við þá sólríku daga í Hafnarfirði, þá veit ég ekki hvað fólk í stríðshrjáðum löndum er alltaf að kvarta.

Nýjasta dæmið um útþynningu hugtaka kom um daginn þegar æfingasvæði fyrir hraðakstursfólk var líkt við æfingasvæði fyrir nauðgara. Vissulega er þarna um umdeilt mál að ræða og skiljanlegt að skiptar skoðanir séu á slíku svæði. Án þess að vita betur efa ég samt að sá sem þetta sagði hafi orðið fyrir nauðgun. Og sama má eflaust segja um spekingana í Hafnarfirði sem sáu borgarastríð út úr heilbrigðri umræðu um skipulagsmál. Þeir hafa sennilega ekki upplifað mikið annað en sólríka daga. Stundum er betra að hugsa áður en maður talar.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott





EXISTA

**Exista hf., kt. 610601-2350, hefur gefið út víxla á grundvelli tveggja lýsinga (EXIS 07 1029 heildarstærð kr. 5.000.000.000 og EXIS 08 0317 heildarstærð kr. 16.000.000.000) sem Kauphöll Íslands hefur samþykkt og gert aðgengilegar almenningi frá og með 29. júní 2007.**

Eftirfarandi víxlaflokkur hefur verið gefinn út:

- Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 5.000.000.000 var gefinn út þann 29. október sl. og er auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands hf. EXIS 07 1029, ISIN nr. IS0000014306. Víxlarnir verða skráðir í Kauphöll Íslands hf. þann 29. júní 2007. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 29. október 2007.
- Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 16.000.000.000 var gefinn út þann 16. mars sl. og er auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands hf. EXIS 08 0317, ISIN nr. IS0000014496. Víxlarnir verða skráðir í Kauphöll Íslands hf. þann 29. júní 2007. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 17. mars 2008.

Lýsingar er hægt að nálgast hjá útgefanda Exista hf., Ármúla 3, 108 Reykjavík og á vefsetri útgefanda Exista hf. www.exista.com. Umsjónaraðili skráningarinnar er Kaupþing banki hf.

Reykjavík, 29. júní, 2007.

KAUPÞING







Nettó er í sumarskapi þessa helgina
Fyrstur kemur fyrstur fær
40% verðlækkun
Golfkerrur
Draumur allra stráka
Verð með afslætti 5.990 kr/stk.
BMX hjól
Seldust upp í fyrra!
19.990 kr/stk.
Freestyle hjól Mongoose
25% verðlækkun
Barnahjól 2-5 ára 12" stelpu og stráka
25% verðlækkun
Barnahjól 4-8 ára 16" stelpu og stráka
29.990 kr/stk.
Grill 3 brennara - ósamansett
40% verðlækkun
Verð m/afslætti 9.990 kr/stk.
Grill með gaskút - ósamansett
4.990 kr/stk.
Körfuboltastandur fyrir börn
allt í matinn á einum stað
Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðið gildir aðeins þessa helgi og takmarkað magn í boði
www.netto.is
nettó
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn
H:N markaðssamskipti / SÍA
Hönnun: Víkurfréttir

Kringlukráin
Hljómsveit Geirmundar Valtýssonar í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS OG DÚNDURFRÉTTIR
THE WALL
STÓRTÓNLEIKAR Í LAUGARDALSHÖLL
Í KVÖLD, FÖSTUDAGSKVÖLD KL. 19.30
ÖRFÁ SÆTI LAUS
Roger Waters (Pink Floyd) ::: The Wall
Hljómsveitarstjóri ::: Bernharður Wilkinson
Útsetningar ::: Haraldur Vignir Sveinbjörnsson
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA SEM ALLRA FYRST Á WWW.SINFONIA.IS
MIÐAVERÐ ::: 5.000 / 4.500 KR.
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
SÍMI 545 2500 ::: WWW.SINFONIA.IS
Miða skal sækja í miðasölu SÍ í Háskólabíói á milli 9 og 17.
Eftir klukkan 18 verður hægt að sækja miða í Laugardalshöll.
prime UMBOÐSSKRIFSTOFA
RÁS 2
VÍKING LÉTTÖL
FL GROUP ER AÐALSTYRKTARAÐILI SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

# Sumartónleikar í Skálholti

**Á morgun hefjast Sumartónleikar í Skálholti og standa næstu fimm vikur. Eins og áður verður hátíðahald á Skálholtsstað um helgar og á fimmtudögum. Boðið er upp á fjölbreytta dagskrá, en meginþemað helgast af ártíð tveggja af merkari tónskáldum barokktímans, þeirra Buxtehude og Scarlatti .**



**TÓNLIST** Upphaf Sumartónleika í Skálholti er helgað minningu Manuelu Wiesler sem lést í vetur. Helga Ingólfsdóttir stofnandi hátíðarinnar minnist vinkonu sinnar og samstarfskonu í dag á minningartónleikum sem helgaðir eru Manuelu.

Báðir eru örlagavaldar í þróun barokksins en það tímabil er einn helsti hornsteinn hátíðahalda um hásumar í Skálholti. Buxtehude átti stóran þátt í að leggja grunn að fullkomnun barokksins. Scarlatti var af síðustu kynslóð barokkmeistaranna Ítalíu, þar sem vagga hennar var. Bachsveitin í Skálholti ásamt Kati Debretzeni fiðluleikara flytur verk hans og föður hans, Alessandros.

Ítalía og Norður-Þýskalandssvæðið á barokktímanum eru í fyrirrúmi í sumar. Fjöldi flytjenda kemur við sögu auk Bachsveitarinnar: Barokksveitin Nordic Affect, sönghópurinn Gríma, Marta Hrafnsdóttir alt, Guðrún Hrund Harðardóttir víóluleikari, Vibeke Astner, orgelleikari frá Danmörku, Margaret Irwin-Brandon, orgelleikari frá Bandaríkjunum, Sigurður Halldórsson sellóleikari og Jaap Schröder, fiðluleikari frá Hollandi.

Við upphaf hátíðarinnar mun Helga Ingólfsdóttir minnast samstarfs síns og Manuelu Wiesler flautuleikara sem lést í lok síðasta árs. Manuela átti gríðarstóran þátt í mótun Sumartónleika í Skálholtskirkju fyrstu árin. Verða tónleikar til heiðurs Manuelu þar sem Kolbeinn Bjarnason flautuleikari, Guðmundur Kristmundsson víóluleikari og Elísabet Waage hörpuleikari frumflytja verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson auk annars.

Skálholtskvartettinn með Jaap Schröder í fararbroddi leikur verk eftir Haydn og Schubert og er það nýtt að flytja tónlist nítjándu aldar með hljóðfærum þess tíma. Ný tónverk verða frumflutt. Staðartónskáld eru þeir Sveinn Lúðvík Björnsson og Daníel Bjarnason. Ný messa eftir Svein Lúðvík verður flutt af Hljómeyki og nýtt verk eftir Daníel flutt af kammersveitinni Ísafold, sem leikur að auki verk eftir Pärt, Sciarrino, Schnittke, Boulez, Stravinsky, Xenakis og fleiri.

Verk Huga Guðmundssonar, Apochrypha, fyrir mezzósópran, barokksveit og gagnvirk tölvuhljóð verður flutt í fyrsta sinn á Íslandi, en verkið verður frumflutt í Den Haag í Hollandi viku fyrr. Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir syngur með Nordic Affect sveitinni. Daníel Bjarnason stjórnar, en hann er einnig stjórnandi Ísafoldar.

Samstarfsverkefni Sumartónleika og austurrísku tónskáldafélaganna er samband landanna. Auk fyrirlestra verða og tónleikar með verkum eftir Werner Schulze, Helmut Neumann og Pál P. Pálsson í flutningi Graffe-strengjakvartettsins frá Tékklandi, Ingibjargar Guðjónsdóttur sópran, Einars Jóhannessonar klarinettuleikara og fleiri. Fyrirlestra halda Klaus Ager, forseti European Composer's Council og Helmut Neumann tónskáld, sem kynnir óperu sína byggða á Sögu Borgarættarinnar eftir Gunnar Gunnarsson.

Dagskráin í dag hefst kl. 14 með fyrirlestri Helgu. Skömmu fyrir þrjú hefst starfið í smiðjunni en stundvíslega kl. 15 eru tónleikarnir í minningu Manuelu. Skálholtskvartettinn leikur kl. 17 og verða þeir tónleikar endurteknir á sunnudag kl. 15. Guðsþjónusta verður í kirkjunni kl. 17.

Á liðnu hausti var stofnað Hollvinafélag Sumartónleikanna. Á stofnfundi voru sr. Guðmundur Óli Ólafsson, Helga Ingólfsdóttir og Þorkell Helgason kjörnir heiðursfélagar. Fram til ársins 2004 höfðu Sumartónleikarnir ekki haft formfast skipulag. Helga Ingólfsdóttir semballeikari var listrænn stjórnandi frá upphafi og félag um tónlistarstarf í Skálholti, Collegium Musicum, einn af aðal bakhjörlum hátíðarinnar um nokkurt skeið. Árið 1990 var fulltrúaráð Sumartónleika stofnað. Voru í því fulltrúar þeirra aðila er stóðu að Sumartónleikum í Skálholtskirkju.Um mitt árið 2004 var formleg skipulagsskrá Sumartónleikanna samþykkt af dómsmálaráðuneytinu og þriggja manna stjórn skipuð. Nú skipa stjórn Sumartónleika þau Helga Ingólfsdóttir formaður sem er skipuð af vígslubiskupnum í Skálholti, Mist Þorkelsdóttir skipuð af Listaháskóla Íslands og Drífa Hjartardóttir skipuð af menntamálaráðherra.

Sigurður Halldórsson sellóleikari er listrænn stjórnandi, en honum til halds og trausts er Halla Steinunn Stefánsdóttir framkvæmdastjóri og annast skipulag allt. Tónlistarhátíðin þiggur fjárframlög frá ríki og kirkju sem nema um tveimur þriðju af rekstrarkostnaði. Afgangurinn kemur frá einkafyrirtækjum, ýmsum stofnunum og sjóðum auk frjálsra framlaga frá tónleikagestum.

Að vanda heldur hátíðin úti vefsíðu og þar má finna ýmislegt efni um hátíðahaldið: www.sumartonleikar.is

**pbb@frettabladid.is**

www.volkswagen.is



Aukabúnaður á mynd: álfelgur

**Volkswagen Jetta er grænn bíll**
HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og bíllinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu. Vertu á grænum bíl, vertu á Volkswagen.

**Ríkulega búin Jetta Comfortline**
· 6 þrepa sjálfskipting · Skriðstillir · Armpúði milli framsæta
· Aksturstölva · Langtíma-olíubúnaður · Samlitur · Spólvörn ASR
· Krómpakki · Loftfrískunarbúnaður · Þokuljós · og margt fleira.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

26 27 28 **29** 30 1 2

### Föstudagur

### TÓNLEIKAR

☐ 11.00 Samíski **Kynslóðakórinn** frá **Kåfjord** í Tromsfylki í Norður-Noregi heldur tónleika í **Skálholti**. Félagar í kórnum eru á aldrinum 20-60 ára en þau flytja bæði lög og sálma á norsku og samísku eftir m.a. **Edvard Grieg** og **Niels Aslak Valkepää**, en hann fékk bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 1981. Þau munu einnig **joika** fyrir áhorfendur, sem er sérstakur samískur söngmáti.

☐ 12.00 Tékkneski strengjakvartettinn **PiKap** leikur á tónleikum **Listasumars á Akureyri** í **Ketilhúsinu** ásamt **Eydísi Franzdótur**. Á efnisskrá eru strengjakvartett no. 5 eftir Martinú og strengjakvartett í E-dúr, op. 80 eftir Dvorák.

☐ 12.15 Dúóið **para-Dís** tónleika í bókasal **Þjóðmenningarhússins**. Á efnisskránni er létt og sumarleg frönsk tónlist við allra hæfi. Dúóið skipa **Hafdís Vigfúsdóttir** flautuleikari og **Kristján Karl Bragason** píanóleikari. Þau starfa saman hjá Hinu húsinu í sumar sem skapandi hópur og kalla þau verkefni sitt **Tónaregn í Reykjavík**. Aðgangur er ókeypis.

### SÝNINGAR

☐ 11.00 **Rannveig Ásbjörnsdóttir (Ransý)** sýnir á **Geysir bistro & bar** Aðalstræti 2. Listakonan sýnir vatnslitamyndir en yfirskrift sýningarinnar er **Landslag og blóm**. Staðurinn er opinn alla daga frá 11-22. Listakonan hefur gert jólakort fyrir **Svölurnar** sem gerð eru til styrktar líknarmála.

☐ 12.00 **Björn Ásbjörnsson** sýnir í **Listasal Mosfellsbæjar**, Þverholti 2. Verkið **Bönd** tengist hugleiðingum um hjónaband, ættarband og tímann. Grunnur verksins er í norrænni goðafræði og gerir Björn tilraun til að gera tímans bönd sýnileg. **Listasalur Mosfellsbæjar** er opinn virka daga kl. 12-19 og laugardaga 12-15.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

## NÝJAR BÆKUR

Kómedíuleikhúsið gefur út hljóðbókina Þjóðsögur úr Vesturbyggð. Á fyrri diskinum eru álfa- og huldufólkssögur og draugasögur en á þeim síðari galdrasögur, skrímslasögur og tröllasögur en allar eiga þær það sameiginlegt að tengjast Vestfjörðum. Því má hlýða á söguna um Látra-Bjarna, skrímslið á Múlahlein og Flagðkonuna í Selárdal. Lesari er Elfar Logi Hannesson, leikari og leikstjóri, en um hljóðritun og fjölföldun sá Jóhannes Jónsson. Tónlistarstef eru eftir Þórarin Hannesson.




## Sýningar á söguloft

**MR. SKALLAGRÍMSSON**

| | |
|---|---|
| **Júní:** | 29. kl.20 Uppselt |
| **Júlí:** | 1. kl.15, 1. júlí kl.20 Uppselt |
| | 5. kl.20 uppselt, 13. kl.20 uppselt, |
| | 14. kl.15 laus sæti |
| | 14. kl. 20 uppselt |
| **Ágúst:** | 11. kl.20, laus sæti |
| | 12. kl.20, laus sæti |
| | 18. kl.20, laus sæti |
| | 19. kl.20, laus sæti |
| | 25. kl. 20 laus sæti |
| | 26. kl. 20 |
| | 30. kl.20, laus sæti |
| | 31. kl.20 laus sæti |

**Leikhústilboð í mat:**
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS











INTERPOL


BATTLES

> Í SPILARANUM

**Interpol** - Our Love To Admire
**Jón Ólafsson** - Hagamelur
**Ulrich Schnauss** - Goodbye
**Battles** - Mirrored
**Jan Mayen** - So Much Better Than Your Normal Life

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Krossferð Jakobínarínu

Fyrsta breiðskífa hafnfirsku hljómsveitarinnar Jakobínarína hefur fengið nafnið The First Crusade, eða Fyrsta krossferðin. Kemur hún út hérlendis og í Bretlandi 24. september næstkomandi.


**JAKOBÍNARÍNA** Hafnfirska hljómsveitin gefur út sína fyrstu plötu í september.

„Nonni [Jón Sæmundur] var með pælingar um að við værum í krossferð því við erum Íslendingar sem erum alltaf úti,“ segir söngvarinn Gunnar Ragnarsson um nafnið. „Vinir okkar spurðu síðan hvort við vildum ekki láta hana bara heita The First Crusade og okkur leist vel á það.“

Jón Sæmundur leikstýrði einmitt myndbandi hljómsveitarinnar við lagið Jesus og hefur jafnframt aðstoðað þá félaga í fatavali.

Jakobínarína er á leiðinni í tónleikaferð um Bretland eftir viku. Spila þeir félagar á tíu tónleikum á aðeins tveimur vikum og með þeim í för verður hljómsveitin Cajun Dance Party. „Þetta eru krakkar á okkar aldri sem voru að semja við stórt plötufyrirtæki. Þeir hafa vakið mikla athygli þarna úti,“ segir Gunnar.

Jakobínarína er um þessar mundir að semja lög fyrir B-hliðar á væntanlegum smáskífum sínum. Kemur sú næsta, This is an Advertisment, út 23. júlí næstkomandi. **-fb**



> **Plata vikunnar**

Rufus Wainwright - Release the Stars

★★★★

Hæfileikar Wainright sem lagahöfundur eru einstakir. Laglínur hans er gæddar einstökum ljóma og hin sveimandi rödd túlkar viðkvæma texta hans á sannfærandi hátt.

\- SHA



## TÓNNINN GEFINN
**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

## *Allir á G!*

Eftir tónleika The Rapture síðastliðið þriðjudagskvöld er útlit fyrir heldur dræmt tónleikasumar. Ekkert hefur heyrst um Innipúkann og ef af honum verður er nokkuð ljóst að stóru erlendu nöfnin sem prýtt hafa hátíðina síðustu tvö ár munu ekki láta sjá sig. Á Borgarfirði eystra náðu menn heldur ekki að landa samningum í tíma og því verður ekkert haldið í líkingu við Belle & Sebastian tónleikana í fyrra. Þeir fyrir austan eru þó stórhuga og hyggjast koma sterkir inn á næsta ári.

Hvað er þá til ráða fyrir tónleika- og stuðþyrsta Íslendinga? Útlitið verður að teljast nokkuð slæmt þegar það „forvitnilegasta“ í stöðunni er þjóðhátíð í Eyjum. Listahátíð ungra Austfirðinga, LungA, er samt vafalaust það mest spennandi hérlendis í sumar. Hátíðin fer fram í hinum frábæra bæ Seyðisfirði og þar kemur fram lungi íslenskrar grasrótar. Þessa sömu helgi fer hins vegar fram hátíð sem ég hygg að margir líti hýru auga til. Hátíðin sameinar margt sem ætti að vera flestum Íslendingum vel að skapi; stuð, fjör, góða tónlist, útiveru og almennt kæruleysi. Hátíðin sem um ræðir er G! hátíðin í Færeyjum. Hátíðin er haldin í Götu, heimabæ Eivarar Pálsdóttur, en hátíðin hefur vaxið mjög undanfarin ár. Alls sækja hátíðina um sex þúsund manns en umhverfi hennar á engan sinn líka.

Hátíðin hefur það að markmiði að fá til sín rjómann af skandinavískri tónlist og auk þess stóra alþjóðlega listamenn. Frá Skandinavíu má helst nefna frá Íslandi Últra mega teknóbandið Stefán, Dr. Spock og Pétur Ben, Serena Maneesh frá Noregi, Nephew frá Danmörku og Guillemots frá Bretlandi en sú sveit átti án efa eina af bestu plötum síðasta árs.


DR. SPOCK MÆTA TIL FÆREYJA.

Ekki má heldur gleyma öllum færeysku listamönnunum en þar mæli ég sérstaklega með Boys in a Band sem er gríðarlega hress og efnileg sveit en hún mun troða upp á Airwaves í október.

Þó að nöfnin séu reyndar ekki svo stór eða mikilfengleg þá er það án efa staðurinn sjálfur og stemningin sem er það mest heillandi við hátíðina. Að fara þangað er heldur ekki eins dýrt og margir myndu ætla. Nú er verið að bjóða pakka á hátíðina fyrir rétt rúmar 30 þúsund krónur með öllu og þeir sem farið hafa á íslenskar útihátíðir vita að slík fjárhæð er nú lítið meira en góð skiptimynt.

# Dizzee heldur sínu striki

**Dizzee Rascal vakti athygli árið 2003 þegar hann fékk Mercury-verðlaunin fyrir fyrstu plötuna sína yngstur vinningshafa í sögu verðlaunanna. Hann sendi nýlega frá sér sína þriðju plötu Maths + English. Trausti Júlíusson hlustaði á gripinn og tók stöðuna á bresku rappi.**

Breskt rapp hefur aldrei almennilega slitið barnsskónum. Sveitir eins og London Posse og Demon Boyz ruddu brautina á níunda áratugnum, en náðu ekki miklum vinsældum. Breska hip-hopið stóð lengi í skugganum af því ameríska og það var ekki fyrr en menn fóru að gera hlutina öðruvísi sem breskir rapparar fengu einhvern hljómgrunn að ráði. Samt hafa bylgjurnar risið og hnigið mjög hratt undanfarin ár. Árið 2000 sló garage-rapp sveitin So Solid Crew í gegn svo um munaði og í kjölfarið fylgdu hjarðir minni spámanna. Tveimur árum seinna var senan dauð. Svo var grime-bylgjan á allra vörum, en í dag fer ekki mikið fyrir henni.

### Nokkrir yfirburðamenn

Þó að breska rappið hafi aldrei náð að verða að sterkri fjöldahreyfingu þá hafa breskir rapparar sent frá sér nokkrar af bestu hip-hop plötum síðustu ára. Það eru nokkrir yfirburðamenn sem standa af sér alla tískustrauma og fjölmiðlafár sem eiga heiðurinn af þeim. Þarna eru menn eins og Roots Manuva, félagarnir í New Flesh, Ty, The Streets, Wiley og Dizzee Rascal. Eins og áður segir er þriðja plata Dizzee Rascal, Maths + English, nýkomin út, en áður hafði hann sent frá sér tvær frábærar plötur, Boy In Da Corner sem kom út 2003 og Showtime sem kom árið á eftir. Þær eiga það sameiginlegt að vera í senn tilraunakenndar og fönkí. Meistaraverk báðar tvær.

### Minni úr bandarísku rappi

Eins og The Streets og reyndar Lady Sovereign líka þá vakti Dizzee nokkra athygli í Bandaríkjunum með Showtime. Maður heyrir á nýju plötunni að hann hefur verið með hugann við bandarískt hip-hop þegar hann gerði hana. Hann segist hafa verið að hugsa um að taka plötuna upp í Atlanta eða Houston, enda dái hann suðurríkjarappið, en svo hafi hann ákveðið að loka sig frekar inni heima í London, laga sé tebolla og vinna plötuna eins og fyrri plöturnar. „Ég ákvað að leika mér með minni úr bandarísku rappi,“ segir Dizzee, „en hjá mér eru þau samt séð með augum Breta til að ná þessari fjarlægð sem er nauðsynleg til að þetta verði áhugavert.“

Það er fullt af minnum úr bandarísku rappi á Maths + English. Lagið Pussyole er t.d. ekta „old-skool“ slagari með James Brown sampli og í Sirens ómar sírenuvæl. Samt er tónlistin hrárri, einfaldari og ferskari en þessi dæmigerða ofpródúseraða bandaríska rappplata. Það eru nokkrir gestir á plötunni, m.a. Alex Turner úr Arctic Monkeys og Lily Allen. Maths + English er flottasta hip-hop platan sem ég hef heyrt á árinu. Það slæðast að vísu inn á hana eitt eða tvö slöpp lög (sérstaklega hið vonlausa Suk My Dick), en í heildina er þetta samt frábær plata.


**DIZZEE RASCAL** Nýja platan hans Maths + English er ein af bestu hip-hop plötum ársins 2007 til þessa.



Ferskt úrvals hrefnukjöt í næsta kjötborði



# 36 á annarri 32 á hinni



## Gómsætt í veisluna

- Skerðu ferskt kjötið í sneiðar, alls ekki meira en 0,5 til 1 cm á þykkt.
- Aldrei meiri steiking en „Medium Rare“ eða „Rare“, 36 sek. á annarri hliðinni og 32 á hinni!
- Ekki krydda of mikið.
- Pönnusteiking á sjóðheitri pönnu eða á grillið: dýfa kjötinu í grill- eða steikarolíu og strjúka svo af mest af olíunni.
- Hrefnukjötið eru líka frábært hrátt sem forréttur, með japanskri Kikkoman sojaolíu.

**Farðu nýjar leiðir og prófaðu ferskt úrvals hrefnkjöt á grillið eða á pönnuna - snöggsteiktar að hætti meistarakokka.**

Nýtt og sérvalið, safaríkt og lungamjúkt á tungu; þú finnur vart betra hráefni og máltíðin verður upplifun. Meistarakokkarnir mæla með úrvalshrefnukjöti í veisluna – og svo er það þægilegt í matreiðslu.

Þú getur fengið girnilegar uppskriftir og upplýsingar á www.hrefna.is

Þú færð úrvals hrefnukjöt í eftirtöldum verslunum:

*Hrefnuveiðimenn*
www.hrefna.is

# Metsölulisti Eymundsson

kiljur

**1.** Viltu vinna milljarð?

Vikas Swarup



Heillandi en jafnframt ógnvekjandi ævintýraferð. Sextán vikur á toppi vinsældarlistans.

**2.** Ókei bæ!

Hugleikur Dagsson



Nú geta aðdáendur Hugleiks Dagssonar glaðst því að Ókei bæ!, sjötta bók hans, er komin í verslanir!

**3.** Flugdreka-hlauparinn

Khaled Hosseini



Margföld metsölubók. Heillandi saga um mannlíf, menningu og sögusvið sem flest okkar þekkja ekki nema af afspurn.

**4.** Konungsbók

Arnaldur Indriðason



Mögnuð og spennandi saga um hverju má fórna - og hverju verður að fórna - fyrir dýrustu gersemar kynslóðanna.

**5.** 5. Riddarinn

James Patterson



Ný spennusaga úr smiðju James Patterson, vinsælasta spennuhöfundar heims um þessar mundir.

**6.** Tvíburarnir

Tessa de Loo



Kraftmikil og tilfinningaþrungin saga um eineggja tvíbura sem aðskildar eru sex ára gamlar og hittast aftur fyrir tilviljun undir lok ævi sinnar.

**7.** Síðasti Musterisriddarinn

Raymond Khoury



Gleymið öllum ofmetnu metsölubókunum – *þetta er hin eina sanna.*

**8.** Sér grefur gröf

Yrsa Sigurðardóttir



Óhugnanlegt morð er framið á nýju heilsuhóteli á Snæfellsnesi. Bærinn þar sem hótelið stendur reynist þekktur fyrir reimleika...

**9.** Saffraneldhúsið

Yasmin Crowther



Ljúf og grípandi saga um samband móður og dóttur, svik og refsingu, ást og fjölskyldubönd og klofna sjálfsmynd.

**10.** Sá yðar sem syndlaus er

Ævar Örn Jósepsson



Besta glæpasaga síðasta árs að mati gagnrýnenda.




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872


fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

# Aguilera vill leika



Söngkonan Christina Aguilera hefur mikinn áhuga á að spreyta sig í leiklist á komandi árum og segist hún þegar hafa þurft að hafna nokkrum tilboðum um stór hlutverk í þáttum og kvikmyndum. Aguilera kom fram í litlu hlutverki í sjónvarpsþáttunum CSI: New York fyrir skemmstu auk þess sem hún talaði inn á teiknimyndina Shark's Tale á sínum tíma.

Aguilera, sem komin er rúma þrjá mánuði á leið með sitt fyrsta barn, kveðst hafa mjög gaman af leiklistinni og hyggst hún breyta um lífsstíl eftir að frumburðurinn er fæddur.

„Leiklist er annað form af sköpun en tónlist og eitthvað sem ég hef mikinn áhuga á að prófa. Ég vil fá að spreyta mig í kvikmyndahlutverki en þegar að því kemur vil ég að hlutverkið henti mér. Það er því mikilvægt að ég velji rétta hlutverkið," segir Aguilera.

**CHRISTINA AGUILERA** Segir leiklist vera spennandi form af sköpun.

# Kryddpíurnar snúa aftur

**Kryddpíurnar hafa snúið aftur úr áralangri pásu og ætla í tónleikaferð um heiminn í desember og janúar. Allir upprunalegir meðlimir verða með í þetta sinn, þar á meðal Geri Halliwell sem hætti í maí 1998.**

Tónleikaferðin hefst í Los Angeles og verða tónleikarnir ellefu talsins. „Við vildum minnast góðra tíma, skemmta okkur saman og hitta aðdáendurna aftur. Þetta var rétti tímapunkturinn," sagði Halliwell. Aðeins einir tónleikar eru fyrirhugaðir í London og kom það mörgum aðdáendum sveitarinnar á óvart.

Kryddpíurnar hafa selt yfir 55 milljónir platna úti um allan heim og hafa meira að segja leikið í sinni eigin kvikmynd, Spice World. Árið 2001 lagði sveitin upp laupana og í kjölfarið hófu þær Emma, Mel B, Mel C og Victoria Beckham sólóferil hver í sínu horni. Gengu þær tilraunir upp og ofan og vonast þær stöllur til að endurvekja vinsældir sínar með tónleikaferðinni.



**Í DAG** Emma Bunton, Mel Brown, Mel Chisholm, Victoria Adams og Geri Halliwell á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# París las Biblíuna og hugleiddi

Paris Hilton var læst í 10 fermetra stórum fangaklefa í 23 klukkustundir á dag í þær rúmu þrjár vikur sem hún mátti dúsa í fangelsi í Los Angeles. Stærstan hluta þess tíma eyddi hún í að lesa Biblíuna, stunda hugleiðslu og ákveða hvernig hún gæti notað reynsluna innan múranna til að koma lífi sínu á réttan kjöl. Þetta sagði Paris í viðtali við spjallþáttastjórnandann Larry King í gær, en um var að ræða fyrsta viðtalið sem hótelerfinginn veitti eftir að hafa verið sleppt úr haldi fyrr í vikunni.

„Ég átti ekki skilið að fara í fangelsi en ég hef lært mína lexíu. Framvegis mun ég framfylgja lögunum og haga mér vel. Ég hef þroskast. Ég er 26 ára gömul, orðin fullorðin og ég vill vera ábyrgðarfull," sagði Paris.

Hún segir það hafa verið „skelfilegt" að þurfa að dúsa í fangelsi í 23 daga, sérstaklega í ljósi þess að hún þjáist af innilokunarkennd og kvíðaköstum. „Upphafið var erfiðast en síðan ákvað ég að reyna að líta á björtu hliðarnar á málunum. Og þá gekk þetta strax betur." Og um mánudaginn þegar Paris var sleppt sagði hún: „Þetta var besti dagur lífs míns."



**PARIS HILTON** Veifar hér til aðdáenda sinna fyrir utan myndver CNN-sjónvarpsstöðvarinnar. NORDICPHOTOS/GETTY




ÚTSALAN BYRJAR Í DAG
OPIÐ TIL KL. 20

BIRNA
Skólavörðustígur 2.
Sími: 445-2020
www.birna.net



NÚ Á 2 STÖÐUM
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA & NJARÐARBRAUT
GARÐVÖRUR
7995
HÁÞRÝSTIDÆLA 60 BAR
8995
HÁÞRÝSTIDÆLA 100 BAR
BLACK& DECKER
2995
SLÁTTUORF 250W
BLACK& DECKER
8995
SLÁTTUORF 400W
19.990
SLÁTTUORF, BENSÍN
9990
LAUFSUGA
1995
ÚÐABRÚSI 5L
4990
HJÓLBÖRUR - VANDAÐAR
1999
STUNGUSKÓFLA
995
GARÐHRÍFA
1999
GAFFALL
695
STRÁKÚSTUR
12.990
KEÐJUSÖG, RAFMAGNS
TILBOÐ!
FLO
12.900
SLÁTTURVÉL, RAFMAGNS
199
GARÐHANSKAR
FRÁ: 99
VINNUHANSKAR
5995
HEKKKLIPPUR, RAFMAGNS
199
GARÐKLÓRA
199
GARÐSKÓFLA
19.990
KEÐJUSÖG, BENSÍN
690
GREINAKLIPPUR - 2 STK.
390
GREINAKLIPPUR
490
GRASKLIPPUR
1523
FJÖLTENGI, VATNSÞÉTT M/ 4 TENGLUM
SNÚRUKEFLI, RAKAÞOLIN ÝMSAR GERÐIR
790
SLÖNGUTENGJASETT - 4 HLUTIR
159
SLÖNGUTENGI
999
GARÐÚÐARI
9995
SLÖNGUKEFLI
1390
GARÐSLANGA MEÐ STÚT OG TENGJUM
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.
SÍMI 585 2888
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ
RAFVÖRU MARKAÐURINN
Lágvöruverslun með rafmagnsvörur
OPIÐ ALLA DAGA
laugard. 10:00-17:00
sunnud. 12:00-16:00

www.SAMbio.is 575 8900 midi.is










SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BLIND DATING | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | 10 | OCEAN´S 13 VIP | kl. 5:30 | |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | L | PIRATES 3 | kl. 5:30 - 9 | 10 |
| SHREK 3 VIP | kl. 8 - 10:10 | | ZODIAC | kl. 9 | 16 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 4 - 6 | L | ROBINSON... M/- ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| OCEAN´S 13 | kl. 6 - 8 - 10:30 | 7 | | | |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL DIGITAL | kl. 4:15 - 6:15 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL DIGITAL | kl. 8:15 - 10:20 | L |
| CODE NAME CLEANER | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | 10 |
| OCEAN´S 13 DIGITAL | kl. 8 - 10:30 | 7 |
| PIRATES 3 DIGITAL | kl. 5 | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 6 - 8 - 10:10 | L |
| BLIND DATING | kl. 8 - 10:10 | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| DIE HARD 4 | kl. 8 - 10:30 | 14 |
| SHREK HINN ÞRIÐJI | kl. 6 - 8 | L |
| FANTASTIC FOUR | kl. 6 | L |
| HOSTEL 2 | kl. 10 | 16 |

VIP SALURINN ER BARA LÚXUS
ER STAÐSETTUR Í SAMBÍÓUNUM ÁLFABAKKA

Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus






LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DIE HARD 4.0 | kl. 4.30, 7.30 og 10-POWER | 14 |
| SHREK 3 enskt tal | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| SHREK 3 íslenskt tal | kl. 3.50, 5.40 og 8 | L |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 10 | L |

www.laugarasbio.is

NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| DIE HARD 4.0 | kl. 5 - 8 - 10.45 | 14 |
| DIE HARD 4.0 LÚXUS | kl. 5 - 8 - 10.45 | |
| SHREK THE THIRD | kl. 3 - 5 - 7 - 9.10 - 11.10 | |
| SHREK HINN ÞRIÐJI (ÍSL TAL) | kl. 3 - 5 - 7 | |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 9 | 18 |
| THE LAST MIMZY | kl. 3 | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.40 - 8.20 - 11 | 14 |
| PREMONITION | kl. 5.45 - 8 -10.15 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8.20 -10.30 | |
| THE HOAX | kl. 5.30 - 8 | 12 |
| 28 WEEKS LATER | kl. 10.30 | 16 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.15 - 8 - 10.45 | 14 |
| PREMONITION | kl. 5.45 - 8 -10.15 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8 - 10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 8 - 10 | 18 |
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 5.30 | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| PREMONITION | kl. 8 - 10 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 | |

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS

# Bardagamenn safna undirskriftum

Meðlimir bardagaklúbbsins Mjölnis standa nú fyrir undirskriftasöfnun á netinu til að sýnt verði frá keppnum í blönduðu bardagaíþróttinni MMA, eða Mixed Martial Arts. Að sögn Ólafs Vals Ólafssonar, meðlims Mjölnis, er áskoruninni beint að sjónvarpsstöðinni Sýn en um 200 manns hafa skrifað undir á þeirri viku sem söfnunin hefur staðið yfir.

„Þetta eru helst meðlimir Mjölnis og aðstandendur þeirra sem hafa skrifað undir en við finnum fyrir miklu meiri áhuga fyrir MMA í samfélaginu. Við stefnum að því að ná 1.000 undirskriftum sem vonandi verður nóg til að sannfæra Sýnarmenn,“ segir Ólafur Valur. „Sýn hefur staðið sig mjög vel í boxinu en það er einfaldlega svo lítið að gerast þar núna. Það er enginn Tyson, De la Hoya er búinn á því og Prinsinn er ekki til.

Nú er tíminn til að kynna landsmenn fyrir einhverju nýju,“ segir Ólafur Valur og bendir máli sínu til stuðnings á að keppni í MMA er mun vinsælla sjónvarpsefni en hnefaleikar í Bandaríkjunum. „Það er mikið um að fólk sé að sækja þetta efni á netinu og horfa á í tölvunni og við erum sannfærðir um að það er markaður fyrir þetta hér.“

Allar upplýsingar um MMA má finna á Mjölnir.is - vig



**ÓLAFUR VALUR ÓLAFSSON** Vill sjá MMA á Sýn.

# Kom Ladda í opna skjöldu

**Björgvin Halldórsson afhenti vini sínum til margra ára, Ladda, tvær gullplötur á lokasýningu hans, Laddi 6-tugur, í Borgarleikhúsinu í gærkvöldi.**

Björgvin kom Ladda í opna skjöldu með uppátækinu í lok sýningarinnar, sem hefur aftur göngu sína í haust. „Við erum gamlir og góðir vinir og höfum unnið mikið saman. Sena bað mig um að vera þeirra fulltrúi og afhenda plöturnar fyrir þessi afrek. Bæði fyrir plötuna Hver er sinnar kæfu smiður, sem er búin að fá frábærar móttökur, og eina stóra gullplötu þar sem flest allar plöturnar sem hann hefur gert eru á,“ segir Björgvin, sem er um þessar mundir að ljúka upptökum fyrir plötuna Íslandslög 7.

Laddi hafði fyrir mörgum árum fengið gullplötur fyrir eldri plötur sínar en þær voru aftur á móti hluti af búslóð hans sem brann á Laugaveginum á sínum tíma. Því var ákveðið að nota tækifærið í gærkvöldi og afhenda honum gullplöturnar aftur.




**BJÖRGVIN HALLDÓRSSON** Björgvin kom Ladda í opna skjöldu í Borgarleikhúsinu í gærkvöldi.



**LADDI** Grínmeistarinn Laddi hefur farið á kostum í afmælissýningunni Laddi 6-tugur.

„Laddi er bara gullmoli. Það er gaman að svona sýning nær svo mikilli hylli þegar leikhúsin eru svolítið önnum kafin við það að bjóða upp á einhverja hámenningu. Ég tel þetta vera hámenningu hjá Ladda og líka alþýðumenningu. Þegar hann kemur með sýninguna sína slær hann allri klassíkinni við,“ segir hann.

Sýning Ladda í gærkvöldi var sú 45. í röðinni og alls hafa um 25 þúsund manns komið að sjá þennan mikla grínmeistara. „Það er verið að klappa honum ærlega á bakið,“ segir Björgvin. „Við gerðum fjórar plötur saman með HLH-flokknum og ég „pródúseraði“ þrjár sólóplötur hans. Við höfum unnið saman á tíu plötum og erum búnir þekkjast frá því í æsku í Hafnarfirðinum. Allir flottustu gæjarnir eru úr Hafnarfirði.“

freyr@frettabladid.is




Leggðu launin þín inn á unglingareikning Kaupþings og fáðu **BÍÓKORT.** Nafnið þitt fer líka í pott og þú gætir unnið einhvern af þessum glæsilegu vinningum:

1. TIVOLI iYiYi
2. Sony Ericsson W810i
3. 25.000 kr. gjafabréf í Kringluna

KAUPÞING

# Eve-TV í loftið

Tölvuleikjaframleiðandinn CCP hefur sett á laggirnar sjónvarpsstöðina Eve-TV sem er ætlað að fylgja eftir vinsældum tölvuleiksins Eve Online.

„Við byrjuðum með þetta í fyrrasumar. Þá vorum við með tilraunaútsendingar frá íþróttaviðburðum í tölvuleiknum Eve og síðan endurtókum við þetta fyrir jól á síðasta ári,“ segir Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP. „Þarna verða vikulega sendar út fréttir úr leiknum og við vonumst til að geta aukið tíðnina eftir því sem leikurinn vex. Það verða fréttamenn af holdi og blóði sem flytja fréttirnar og þarna verða viðtöl við spilara.“

Að sögn Hilmars verður rukkað fyrir hverja mínútu sem notendur horfa á Eve-TV. „Þetta verður tekið upp í stúdíói í London og margir vinna við útsendingarnar og við að matreiða fréttir. Við viljum gera þetta vel og til þess að það gangi upp verðum við að rukka fyrir það,“ segir hann. - fb



**EVE ONLINE** Sjónvarpsstöðin Eve-TV hefur verið sett á laggirnar.

# Gefa út skástu lögin sín

Hvanndalsbræður frá Akureyri hafa gefið út plötuna Skást of, sem hefur að geyma skástu lög sveitarinnar hingað til. Á meðal laga á plötunni eru Svarfdælskir bændur, Upp í sveit, Kisuklessa, Tíu litlir negrastrákar og Maístjarnan. Lögin, sem eru sextán talsins, eru tekin af plötum þeirra Ríða feitum hesti, Út úr kú og Hrútleiðinlegir.

„Við vorum búnir að gefa út þrjár plötur sjálfir og þær voru bara gefnar út í takmörkuðu upplagi. Þær seldust mjög hratt og voru uppseldar á hálfum mánuði. Það var mikil eftirspurn eftir þeim áfram en við nenntum ekki að standa í frekari útgáfu þannig að ég setti mig í samband við Senu og þeir höfðu áhuga á að gefa þessa plötu út,“ segir Sumarliði Hvanndal. Hvanndalsbræður eru á leið í sjö daga tónleikaferð um Norðurland sem hefst í Dalvík í kvöld. Um miðjan júlí halda þeir síðan tónleika í Reykjavík. „Ég held að Reykvíkingar fatti okkur ekki því við erum hálfgerðir sveitagaurar. Þetta verður síðasti sjénsinn fyrir þá að fatta okkur. Ef þeir gera það ekki þá komum við ekkert aftur.“ -fb



**HVANNDALSBRÆÐUR** Grallararnir í Hvannadalsbræðrum hafa gefið út plötuna Skást of.



**B.SIG.** Hljómsveitin B.Sig. spilar á Gauki á Stöng í kvöld.

# B.Sig. með tónleika

Hljómsveitin B.Sig. heldur tónleika á Gauki á Stöng í kvöld. B.Sig., sem er hugarfóstur handboltakappans Bjarka Sigurðssonar, gaf nýlega út sína fyrstu plötu, Good Morning Mr. Evening, sem hefur fengið góðar viðtökur.

Auk B.Sig kemur fram á Gauknum söngkonan Elín Eyþórsdóttir og flytur hugljúfa tóna sína. Húsið opnar klukkan 22.00 og kostar 1.000 krónur inn.










## > Bröndby býður 110 milljónir í Stefán

Danska úrvalsdeildarfélagið Bröndby hefur tvöfaldað tilboð sitt í landsliðsmanninn Stefán Gíslason hjá Lyn. Tilboðið hljóðar upp á um 110 milljónir íslenskra króna en telja má líklegt að Lyn samþykki tilboðið þar sem Stefán verður samningslaus í haust. Þann 1. júlí má hann ræða við önnur lið en Bröndby hefur fylgst lengi með Stefáni sem hefur sagst ætla að skoða tilboð frá félaginu, berist það til hans. Kristján Örn Sigurðsson var einnig orðaður við Bröndby á dögunum en hann vissi ekkert um málið þegar Fréttablaðið falaðist eftir viðbrögðum hans.



# sport

sport@frettabladid.is

**VALDIMAR ÞÓRSSON**: MARKAHÆSTI LEIKMAÐUR SÍÐASTA ÍSLANDSMÓTS ER FARINN ÚR HK Í FRAM

## *Verða vonandi skemmtilegri tímar en síðast*

Valdimar Fannar Þórsson skrifaði í gær undir tveggja ára samning við handknattleiksdeild Fram. Valdimar varð markakóngur á síðasta Íslandsmóti þegar hann skoraði 162 mörk í 21 leik fyrir HK. „Það er mjög erfitt að fara frá HK, mér leið virkilega vel hjá félaginu,“ sagði Valdimar við Fréttablaðið á blaðamannafundi í gær.

Valdimar lá undir feldi eftir tímabilið og vonaðist eftir því að komast út í atvinnumennsku. Ekkert varð úr því og hann ákvað að söðla um og ganga í raðir Framara. „Að fara út var í stanslausri vinnslu og er reyndar enn. Þetta gerist bara svo rosalega hægt. Ég er þó ekkert að hugsa um það núna, ég er bara ánægður með að vera kominn aftur til Fram, vonandi verða þetta skemmtilegri tímar en síðast,“ sagði Valdimar sem er með ákvæði í samningi sínum sem segir að erlent félag geti keypt hann á tiltekna upphæð.

Valdimar spilaði með Fram á árunum 2002 til 2004 og spilaði áhugi félagsins á sér mikið inn í ákvörðun hans. „Ég var kominn með menn á bakið með að ákveða hvað ég ætlaði að gera og ég var búinn að fá nóg. Fram kom þarna inn í og sýndu mér svart á hvítu að þeir vildu semja við mig strax. Framarar voru líka komnir undir pressu, þeir ætluðu að fá sér útlending og tíminn var orðinn knappur. Ég stökk því á þetta og sé ekki eftir neinu. Ég hlakka bara til að taka titilinn hér á næsta ári,“ sagði Valdimar.



Framarar útiloka ekki að bæta við sig fleiri leikmönnum en áður var félagið búið að semja við Björn Guðmundsson og Jón Þorbjörn Jóhannsson. Björn var einn markahæsti leikmaður deildarinnar á tímabilinu 2005-2006 þegar hann lék með Víking/Fjölni áður en hann fór til Fylkis. Þar gat Björn ekkert spilað vegna erfiðra meiðsla.

Jón Þorbjörn lék síðast undir stjórn Arons Kristjánssonar hjá Skjern í Danmörku en hann hefur búið þar í landi í sex ár. Framarar hafa einnig fengið til sín nýjan þjálfara, Ference Buday, sem kemur til landsins 15. júlí. Honum til aðstoðar verður Magnús Jónsson auk þess sem Guðmundur Guðmundsson mun koma að handknattleiksdeild félagsins.

**KR 2-1 Fram**

KR-völlur, áhorf.: 1.978 — Eyjólfur Kristinsson (7)

*0-1 Hjálmar Þórarinsson (24.)*
*1-1 Jóhann Þórhallsson (79.)*
*2-1 Guðmundur Pétursson (90.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 15–12 (9–6) |
| Varin skot | Stefán 5 – Hannes 7 |
| Horn | 8–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14–15 |
| Rangstöður | 0–1 |

| **KR** 4–4–2 | | **FRAM** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Stefán Logi Magnús. | 7 | Hannes Halldórsson | 6 |
| Eggert Einarsson | 5 | Andri Karvelsson | 6 |
| Gunnlaugur Jónsson | 7 | (73., Patrick Redo | -) |
| Pétur Marteinsson | 3 | Reynir Leósson | 7 |
| Guðm. Gunnarsson | 6 | Kristján Hauksson | 7 |
| Sigmundur Kristjáns. | 4 | Óðinn Árnason | 7 |
| (76., Jóhann Þórhal. | -) | Ingvar Ólason | 4 |
| Rúnar Kristinsson | 6 | Alexander Steen | 7 |
| Kristinn Magnússon | 6 | Daði Guðmundsson | 2 |
| Skúli Jón Friðgeirs. | 2 | (77., Jón Fjóluson | -) |
| (83., Ingimund. Ós. | -) | Jónas Grani | 6 |
| Grétar Hjartarson | 6 | Hjálmar Þórarins. | 7 |
| (71., Björg. Takefusa | -) | Ívar Björnsson | 5 |
| ***Guðm. Pétursson** | **8** | **Maður leiksins* | |

**LANDSBANKADEILDIN**

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. FH** | **8** | **6** | **1** | **1** | **16-8** | **19** |
| 2. KEFLAVÍK | 8 | 5 | 2 | 1 | 15-9 | 17 |
| **3. VALUR** | **8** | **4** | **3** | **1** | **15-9** | **15** |
| 4. ÍA | 8 | 3 | 2 | 3 | 14-13 | 11 |
| **5. FYLKIR** | **8** | **3** | **2** | **3** | **7-8** | **11** |
| 6. BREIÐABLIK | 8 | 2 | 4 | 2 | 11-7 | 10 |
| **7. HK** | **8** | **3** | **1** | **4** | **5-12** | **10** |
| 8. VÍKINGUR | 8 | 2 | 2 | 4 | 7-11 | 8 |
| **9. FRAM** | **8** | **1** | **2** | **5** | **9-14** | **5** |
| 10. KR | 8 | 1 | 1 | 6 | 7-15 | 4 |

# Loksins gekk lukkan í lið með KR

**Það hafði allt gengið á afturfótunum hjá KR í fyrstu sjö leikjum sumarsins en gæfan var hliðholl Vesturbæingum í gær þegar KR spilaði einn sinn slakasta leik í sumar en vann samt sinn fyrsta leik gegn Fram, 2-1. Róttækar breytingar Teits Þórðarsonar, þjálfara KR, reyndust réttar þegar upp var staðið.**

**FÓTBOLTI** Það eru mörkin sem telja í fótbolta og því hafa KR-ingar fengið að kynnast í sumar. Þeir hafa oft leikið ágætan fótbolta og fengið fjölda færa sem þeir klúðruðu á ótrúlegan hátt. Á móti hafa komið mörk sem urðu KR að falli. KR skapaði lítið sem ekkert í leiknum gegn Fram í gær en hlutirnir féllu í fyrsta skipti með liðinu og það vann loksins leik og það frekar óverðskuldað en að slíku er ekki spurt í fótbolta.

Teitur Þórðarson gerði athyglisverðar breytingar á KR-liðinu og kom þar mest á óvart að hann skyldi taka Kristján Finnbogason úr markinu og í hans stað kom Stefán Logi Magnússon. Ungur Breiðhyltingur, Guðmundur Pétursson að nafni, var síðan kominn í framlínuna.

Fyrri hálfleikur í gær var í einu orði sagt hrútleiðinlegur og einn sá slakasti í sumar ef ekki sá slakasti. Knattspyrnan var ekki boðleg hjá hvorugu liðinu. Hjálmar Þórarinsson kom Fram yfir með frábæru skoti í teignum eftir að KR hafði mistekist að hreinsa en þess utan gerðist nánast ekki neitt.

Síðari hálfleikur byrjaði ekki með miklum látum og í raun hafði ekkert gerst þegar Pétur Marteinsson togaði Kristján Hauksson niður í teignum og Eyjólfur dæmdi víti. Stefán Logi gerði sér lítið fyrir og varði spyrnu Hjálmars glæsilega og hélt KR því inn í leiknum. Þetta reyndist vendipunktur leiksins. KR lifnaði mikið við eftir vítið og leikmönnum liðsins óx ásmegin eftir því sem leið á hálfleikinn. Þeim gekk samt bölvanlega að skapa sér færi sem fyrr í leiknum.



**BJARGVÆTTUR KR** Hinn ungi Guðmundur Pétursson (24) var óvæntur bjargvættur KR í gær en hann átti stórleik og skoraði sigurmarkið. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Fáséð lukka kom í Vesturbæinn rúmum tíu mínútum fyrir leikslok þegar Jóhann Þórhallsson kastaði sér á Hannes markvörð sem virtist hafa boltann en gerði það ekki því hann lak á einhvern furðulegan hátt í netið. Guðmundur Pétursson bjargaði síðan KR-ingum með góðum skalla eftir hornspyrnu á lokamínútu leiksins.

Sigurinn var ekki fallegur og leikurinn var klárlega með þeim lélegri hjá KR í sumar. Liðið skapaði sér lítið sem ekki neitt, sóknarleikurinn var í molum og varnarleikurinn vafasamur sem fyrr. Leikmenn sýndu aftur á móti þrautseigju og karakter sem skilaði þeim loksins einhverju.

Fyrsti sigurinn hlýtur að létta svakalegri pressu og andlegu álagi af leikmönnum sem voru eflaust búnir að gleyma sigurtilfinningunni. Hefði KR tapað væri staða liðsins skelfileg en sigurinn breytir öllu landslagi í Vesturbænum.

Framarar voru betra liðið í gær, vörnin var fín, sóknin ágæt og liðið átti hættulegar skyndisóknir. Lukkan var aftur á móti á bandi KR í gær og breytingar Teits, sem ekki voru allir sáttir við, skiluðu KR miklu en skoraði Guðmundur sigurmarkið og Stefán varði vítið frábærlega.

Teiti Þórðarsyni var vitanlega gríðarlega létt í leikslok. „Tilfinningin er frábær. Þetta er mikill léttir enda búið að vera ansi þungt og óskiljanlegt ástand í raun og veru.“

Hann viðurkenndi að það var farið að fara um hann í upphafi seinni hálfleiks. „Við urðum þó að halda rónni og vinna vel fyrir liðið. Það gekk eftir. En við áttum erfitt uppdráttar í leiknum og í enn eina skiptið vorum við ekki að nýta færin okkar. En nú náðum við að klára þetta, loksins.“

Teitur sagði að hann hafi aldrei óttast að hann væri kominn í öngstræti með liðið. „Aldrei. Við erum búnir að vinna vel saman, leikmenn og stjórnin, og aldrei verið neitt vesen á því samstarfi. Ég vona að þessi sigur veiti okkur aukið sjálfstraust til að halda þessu áfram.”

Maður leiksins og markahetjan Guðmundur Pétursson var ánægður með að hafa fengið tækifærið í byrjunarliðinu. „Ég hef verið að vinna að því að komast í þetta lið í átta mánuði. Þegar tækifærið kom loksins varð ég að standa mig og ég reyndi mitt allra besta. Við allir vorum staðráðnir í að vera jákvæðir allan tímann og þetta verður varla betra en í dag.“ **- hbg / - esá**






Engir eftirlitsmenn í Landsbankadeild kvenna:

## „Það stendur til að gera eitthvað í þessu“

**FÓTBOLTI** KSÍ sendir ekki eftirlitsmenn á leiki í Landsbankadeild kvenna. Hlutverk eftirlitsdómara er að fylgjast með framkvæmd leiksins og gefa skýrslu um frammistöðu dómarans. Þar með er ekkert eftirlit eftir dómurum á meðal bestu kvennaliða landsins en aftur á móti fara menn á leiki í Landsbankdeild karla, sem og í 1. og 2. deild karla.

„Við höfum fengið óskir um að skipa eftirlitsmenn á kvennaleiki. Það stendur til að gera eitthvað í málinu á þessu tímabili,“ sagði Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, þegar Fréttablaðið leitaði svara.

„Þetta eftirlit snýst ekki um kynferði. Eftirlitsmenn fylgjast með hvað er að gerast, hvernig framkoma áhorfenda auk dómaranna en þetta helst í hendur með stærri leikjum á Íslandi þar sem er mikið um áhorfendur,“ sagði Geir. Hann sagði jafnframt að enginn eftirlitsmaður hefði verið skipaður á kvennaleik á þessu ári, að sinni vitneskju, en ekki hefði borið á mikilli óánægju vegna þessa.



**EKKERT EFTIRLIT** „Þetta er furðulegasti leikur sem ég hef spilað, dómarinn eyðilagði leikinn fyrir okkur,“ sagði Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, fyrirliði Breiðabliks, um dómarann Leikni Ágústsson. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

„Það hefur verið umræða um að vinna í þessa átt en það er engin mótstaða við KSÍ vegna málsins. En við höfum fengið óskir um að vinna í þessu. Kannski þurfum við bara að fjölga eftirlitsmönnum,“ sagði Geir. **- hþh**



**STÓRLEIKUR** HK á harma að hefna gegn Blikum eftir sigur þeirra grænklæddu í deildinni í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

16 liða úrslit VISA-bikarsins:

## Grannaslagir í bikarkeppninni

**FÓTBOLTI** Í gær var dregið í 16-liða úrslit VISA-bikars karla í knattspyrnu. Tvær viðureignir standa upp úr, leikir KR og Vals og Breiðabliks og HK. Leikirnir fara fram 10. og 11. júlí. **- hþh**

**16-LIÐA ÚRSLITIN:**

| | |
|---|---|
| **FJARÐABYGGÐ - FJÖLNIR** | **(10. JÚLÍ)** |
| HAUKAR - FRAM | (10. JÚLÍ) |
| **ÍBV - FH** | **(10. JÚLÍ)** |
| KR - VALUR | (10. JÚLÍ) |
| **BREIÐABLIK - HK** | **(11. JÚLÍ)** |
| ÍA - VÍKINGUR R. | (11. JÚLÍ) |
| **ÞÓR AKUREYRI - FYLKIR** | **(11. JÚLÍ)** |
| ÞRÓTTUR - KEFLAVÍK | (11. JÚLÍ) |




**1.575** kr/kg. áður 2.100 kr/kg.
Borgarnes lambagrillkótilettur




**Kjötselslínan frá Borgarneskjötvörum á ótrúlegu verði!**




**299** kr/stk. áður 599 kr/stk.
Chicago Town American Super Supreme - 23 cm




**1.252** kr/kg. áður 1.669 kr/kg.
Goða grísahnakki Piri Piri




**310** kr/kg. áður 517 kr/kg.
New Yorker hamborgarar




**788** kr/kg. áður 1.125 kr/kg.
Matfugl Sole míó kjúklingalæri



**249** kr/stk.
Bratz freyðibað - 473 ml.




**199** kr/pk.
Blautklútar, Kalli Kanína, Tommi & Jenni og Tweety




**299** kr/pk.
Disney eldhúsrúllur 3 stk.

H:N markaðssamskipti / SÍA   Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 28. júní til 1. júlí eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

**JOHN CUSACK**
John hefur aldrei leyft fjölmiðlum að komast nærri einkalífinu og segir að frægð sé það versta sem komið geti fyrir leikara. Það er þó vitað að hann kemur úr hæfileikaríkri fjölskyldu en faðir hans ásamt fjórum systkinum eru öll leikarar. John leikur ásamt systur sinni, Joan, í myndinni Grosse Point Blank á Stöð 2 kl. 21.20.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** FREYR GÍGJA GUNNARSSON **ÞAKKAR GUÐI FYRIR MURPHY**

## *Hið ófullkomna og mannlega*

Sjónvarpið fer nú hamförum yfir sumartímann og heldur hörðustu andstæðingum sínum límdum við skjáinn. Varla verður séð að einhverjir geti skákað spennuþáttum hins gamla ríkisapparats þegar þeir veðjuðu á Bretland í staðinn fyrir Bandaríkin. Þau voru ólík örlögin sem Spooks og 24 buðu uppá því á meðan heimilisfólkið nagaði neglurnar yfir lokabaráttu bresku sérsveitarinnar fjaraði allt út í óþarfa tilfinningadrama með Jack Bauer sem náði sér engan veginn á strik í síðustu seríu. Reyndar er nokkuð kyndugt að bera þessa tvo þætti saman því báðir bjóða þeir uppá margskipta skjái þannig að áhorfandinn geti fylgst með atburðarásinni frá mörgum sjónarhornum.

En sá sem stelur senunni er hinn ofursvali og eitilharði Murphy í Lögmáli Murphys. Þar leikur gæðaleikarinn James Nesbitt sér að því að skapa harðhausinn sem getur ekki hugsað sér að miskunnarlausir glæpamenn gangi óáreittir um Bretlandseyjar. Ólíkt öðrum þáttum um þennan skarpgreinda lögreglumann fáum við að fylgjast með Murphy í einu dulargervi í stað margra og hyggst hann nú klófesta stórglæpamanninn David Calard. Slíkt gæti reynst honum dýrkeypt því hann hefur nú þegar misst nána samstarfskonu.

RÚV á heiður skilinn fyrir að sýna þessa þætti því þeir sýna, svo ekki sé um villst, hversu næfurþunn og formúlukennd bandaríska framleiðslan er. Eflaust á líka breska efnið mun meiri samleið með okkur Íslendingum þar sem lítið er um strekktar og sílikonfylltar lögreglukonur, meikaða meinafræðinga nú eða Horatio Cane á norðlægum slóðum.



## EKKI MISSA AF



▶ **20.05** Búálfar SJÓNVARPIÐ



▶ **19.40** The Simpsons STÖÐ 2



▶ **22.00** Date Movie STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.00** Standoff SIRKUS



▶ **22.00** Kidnapped SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 14-2** Í þættinum er fjallað um fótboltasumarið frá ýmsum hliðum. e.
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Músahús Mikka** (13:28)
**18.30 Ungar ofurhetjur** (7:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.05 Búálfar** (The Borrowers) Bresk ævintýramynd frá 1997 um smáfólk sem býr undir gólffjölum í húsi einu. Þegar eigandinn deyr og illgjarn braskari hyggst rífa húsið taka krílin til sinna ráða. Leikstjóri er Peter Hewitt og meðal leikenda eru John Goodman, Jim Broadbent, Celia Imrie og Hugh Laurie.
**21.35 Taggart - Í mynd** (Taggart - In Camera) Skosk sakamálamynd þar sem rannsóknarlögreglumenn í Glasgow fást við snúið sakamál. Robbie Ross finnur lík ungs manns í húsi hjá vinkonu sinni og fortíð hans þvælist fyrir honum við rannsókn málsins. Leikstjóri er Patrick Harkins og aðalhlutverk leika, Alex Norton, Blythe Duff, Colin McCredie og John Michie. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**22.45 Star Trek: Uppreisn** (Star Trek: Insurrection) Bandarísk ævintýramynd frá 1998. Kafteinn Picard og áhöfnin á Enterprise búast til varnar þegar plánetu þeirra og Geimsambandinu sjálfu er ógnað. Leikstjóri er Jonathan Frakes og meðal leikenda eru Patrick Stewart, Jonathan Frakes, Brent Spiner, LeVar Burton og F. Murray Abraham.
**00.5 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Dickie Roberts. Former Child Star**
**08.00 Taxi**
**10.00 Dear Frankie**
**12.00 Bee Season**
**14.00 Taxi**
**16.00 Dear Frankie**
**18.00 Bee Season**
**20.00 Dickie Roberts. Former Child Star**
▶**22.00 Date Movie**
**00.00 The Final Cut**
**02.00 Superfire**
**04.00 Date Movie**

## STÖÐ 2

**07.00 Villingarnir**
**07.20 Myrkfælnu draugarnir**
**07.30 Barney**
**07.55 Myrkfælnu draugarnir**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi 2005**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Forboðin fegurð** (80.114)
**10.15 Grey´s Anatomy** (3.25)
**11.00 Fresh Prince of Bel Air** (1.24)
**11.25 Sjálfstætt fólk**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Forboðin fegurð** (25.114)
**13.55 Forboðin fegurð** (26.114)
**14.45 Lífsaugað** (e)
**15.20 Joey** (21.22)
**15.50 Kringlukast**
**16.13 Batman**
**16.38 Titeuf**
**17.03 Justice League Unlimited**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veð**
▶**19.40 The Simpsons** (19.22)
**20.05 The Simpsons** (22.22) (e)
**20.30 So You Think You Can Dance** (4.23)
**21.20 Grosse Point Blank** Martin Blank er fyrsta flokks leigumorðingi en hann er orðinn dauðleiður á starfinu og jafnvel farinn að finna til með fórnarlömbum sínum. Aðalhlutverk. John Cusack, Minnie Driver, Alan Arkin, Dan Aykroyd. Stranglega bönnuð börnum.
**23.05 Little Black Book** Rómantísk gamanmynd með Brittany Murphy í aðalhlutverki ungrar, forvitinnar konu.
**00.50 Smiling Fish & Goat on Fire** Rómantísk gamanmynd. Aðalhlutverk. Amy Hathaway, Steven Martini. Bönnuð börnum.
**02.20 The Vector File**
**03.50 The Simpsons** (19.22)
**04.15 The Simpsons** (22.22) (e)
**04.40 Oprah**
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The War at Home** (9.22) Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu. Þar er alltaf líf og fjör enda sjá foreldrarnir ekki hlutina með sömu augum og unglingarnir gera.
**20.10 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur.
**20.40 Party at the Palms** (1.12) (e)
**21.10 Night Stalker** (8.10) Carl Kolchak er virtur rannsóknarblaðamaður. Hann ræður sig til vinnu á dagblaði í Los Angeles og fær það verkefni að skrifa um röð undarlegra morðmála. Þegar Kolchak fer ofan í saumana á málunum koma í ljós tengingar á milli morðanna og það sem meira er, þau gætu öll tengst morðinu á eiginkonu hans sem var myrt fyrir einu og hálfu ári síðan. Bönnuð börnum.
▶**22.00 Standoff** (16.18) Nýir spennuþættir með Ron Livingston og Rosemarie DeWitt í aðalhlutverkum. Þættirnir fjalla um samningamenn í gíslatökudeild FBI sem þykja þeir bestu í greininni. Matt og Emily eru þjálfuð í að tala sig út úr erfiðum aðstæðum og vita alltaf hvað fólk hugsar. Þau eiga einnig í ástarsambandi sem þau vilja fyrir alla muni halda leyndu. Líf þeirra tekur miklum breytingum þegar Matt missir leyndarmálið út úr sér. 2006.
**22.45 Bones** (9.21) Spennandi, bandarísk þáttaröð um réttarmannfræðing sem leysir gömul sakamál með því að rannsaka bein löngu látinna fórnarlamba. Bönnuð börnum.
**23.30 American Inventor** (15.15) (e)
**00.15 The War at Home** (9.22) (e)
**00.40 Entertainment Tonight** (e)
**01.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.35 Everybody Loves Raymond** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.15 Vörutorg**
**17.15 Queer Eye** (e)
**18.15 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 All of Us** (8.22) Fjölmiðlamaðurinn Robert James er nýskilinn við eiginkonu sína og barnsmóður, Neesee, en hann er staðráðinn í að afsanna þjóðsöguna um að skilnaður útiloki að hægt sé að láta sér lynda við þá fyrrverandi.
**20.00 One Tree Hill** Bandarísk unglingasería þar sem húmor, dramatík og bullandi rómantík fara saman. Það er komið að útskriftinni í Tree Hill High. Haley býr sig undir útskriftarræðuna og mömmuhlutverkið á meðan Nathan býr sig undir líf án körfubolta. Það er líka komið að uppgjöri milli Lucas og Dan.
**21.00 The Bachelor. Rome** (5.8) Bandarísk raunveruleikasería þar sem myndarlegur piparsveinn leitar að draumadísinni. Þetta er níunda þáttaröðin og piparsveinninn að þessu sinni er ítalskur prins. Hann heitir Lorenzo Borghese og er mikill sjarmör. Ítalski prinsinn heimsækir fjölskyldur stúlknanna fjögurra sem eftir eru. Það er ýmislegt sem á eftir að koma honum á óvart en hans bíður síðan stór ákvörðun. Það eru aðeins þrjár rósir og hann þarf að senda eina heim.
▶**22.00 Kidnapped** (11.13) Hörkuspennandi þáttaröð. Syni milljónamærings er rænt og hann ræður sérfræðing til að endurheimta strákinn. Sá starfar utan ramma laganna og kemst fljótt á sporið. Fjölskylduvinur er bendlaður við ránið á Leo. Ósætti kemur upp meðal þeirra sem skipulögðu ránið og hópurinn sundrast.
**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.15 Law & Order. SVU** (e)
**00.05 Bruce Springsteen tónleikar**
**00.50 The Dead Zone** (e)
**01.40 Hack** (e)
**02.30 Tvöfaldur Jay Leno** (e)
**04.10 Vörutorg**
**05.10 Óstöðvandi tónlist**


NÝ SÍMANÚMER HJÁ 365 MIÐLUM

Nýtt aðalnúmer
512 5000

Þjónustuver
512 5100



365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið sem starfar á íslenskum markaði.

## Í KVÖLD

### SO YOU THINK YOU CAN DANCE
### Stöð 2 kl. 20.30

Leitin að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna heldur áfram í kvöld. Prufunum er lokið og keppendur eru komnir til Las Vegas þar sem þeir munu upplifa erfiðustu viku lífs síns. Í Las Vegas kemur í ljós hverjir eru nógu sterkir til að þola miskunnarlaust æfingaprógramm So You Think You Can Dance.




### ▶ Við mælum með The Bachelor: Rome Skjár einn kl. 21.00

Í kvöld heimsækir piparsveinninn, sem að þessu sinni er ítalskur prins, fjölskyldur stúlknanna fjögurra sem eftir eru. Það er ýmislegt sem á eftir að koma honum á óvart en hans bíður síðan stór ákvörðun. Það eru aðeins þrjár rósir og hann þarf að senda eina stúlku heim.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Minningar um merkisfólk
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Rokkað í Vittula
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Flakk
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Tímakornið
**19.40** Pollapönk
**20.10** Valsakóngurinn
**21.00** Kampavín og kaloríur
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Brot af eilífðinni
**23.00** Kvöldgestir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07:00 Copa America 2007** (Argentína - Bandaríkin)
**17:45 Copa America 2007** (Paragvæ - Colombía)
**19:25 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**19:50 Gillette World Sport 2007**
**20:20 Copa America 2007** (Argentína - Bandaríkin)
**22:00 Heimsmótaröðin í Póker 2006**
**22:50 Heimsmótaröðin í Póker 2006** Póker æði hefur gengið yfir heiminn að undanförnu hvort sem er í Bandaríkjunum eða í Evrópu. Miklir snillingar setjast að borðum þegar þeir bestu koma saman, þar sem keppt er um háar fjárhæðir.
**23:40 World Supercross GP 2006-2007** (SBC Park) Súperkross er æsispennandi keppni á mótorkrosshjólum sem fram fer á brautum með stórum stökkpöllum. Mjög reynir á kappana við þessar aðstæður en ýmsar tækninýjungar hafa verið nýttar varðandi búnað vélhjólanna sem til að mynda gefa þeim aukið svif í stökkum.
**00:35 Copa America 2007** (Paragvæ - Colombía)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir**
**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.00** Elmers verden **6.15** Brum **6.30** Cirkus Dannebrog **7.00** 3.z - Gensyn med vennerne **8.00** Mig og min alder **8.30** Kærlighed **9.00** Sølyst: Livets gang i kolonihaven **9.30** Smag på Danmark - med Meyer **10.00** Nationen **10.20** Vagn på vejen **10.50** Vildmark **11.20** Schackenborg - Godset i Grænselandet **11.50** Ud i det blå **12.20** Sommertid **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.05** Med rygsæk **13.30** Boogie Listen **14.30** Svampebob Firkant **14.55** Duksedrengen **15.15** Duksedrengen **15.30** Fredagsbio **15.40** Pinky Dinky Doo **16.00** Når elefanten bliver alkoholtestet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Under åben himmel **19.00** TV Avisen **19.30** Sommervejret på DR1 **19.45** Robin Hood - den fredløse **22.00** Absolon **23.35** Boogie Listen **5.30** Gurli Gris **5.35** Noddy **5.50** Trolderi

## NRK 1

**6.00** Ernst **6.09** Ugler i mosen **6.40** Noahs dyrebare øy **7.10** Gjengen på taket **7.20** De tre vennene og Jerry **7.30** Trollz **8.00** Den dårligste heksa i klassen **8.25** Jungelens puls **8.30** Norge rundt **8.55** Sport i dag: Verdensserien i sandvolleyball **12.00** Sport i dag **15.50** Oddasat - Nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Konstanse **16.05** Pippi Langstrømpe **16.30** Sauen Shaun **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Der ingen skulle tru at nokon kunne bu **18.00** Galapagos **18.50** 20 spørsmål **19.15** Inspektør Lynley **20.45** Sport i kveld **21.00** Kveldsnytt **21.15** Sport i kveld **22.15** Frank Zappa - grenseløs artist **23.05** Sorte orm **5.30** Sommermorgen **5.51** Peppa Gris **6.00** Mikkes klubbhus

## SVT 1

**7.15** Hej hej sommar **7.16** Fåret Shaun **7.25** Hej hej sommar **7.40** Äventyr i Anderna **10.00** Rapport **10.05** Vid Ladogas stränder **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Varför, Ouafa? **15.30** Sommartorpet **16.00** Bella och Theo **16.30** Hej hej sommar **16.31** Fåret Shaun **16.40** Hej hej sommar **16.55** Äventyr i Anderna **17.30** Rapport **18.00** Tre kärlekar **18.55** Cykelaction **19.00** Long Kiss Goodnight **21.00** Rapport **21.10** Entourage **21.40** Mot strömmen **23.20** Sändningar från SVT24


# Ævintýralega gott á grillið!

## Fjölbreytt úrval af gæða kjöti og fisk á grillið.

Láttu matreiðslumenn okkar aðstoða þig við valið.



Mikið úrval að girnilegum fiskréttum hönnuðum af fremstu matreiðslumeisturum landsins.




Ljúffengar lambalundir á grillið.



Gómsæt sjóbleikja á grillið



T-bone steik að hætti Gallerí Kjöts

Prófaðu vinsælu sjávarréttagrillpinnana.



Fiskisaga

GALLERÍ KJÖT

*Ævintýralegar sælkerabúðir*

**Sælkerabúðir Gallerí kjöts og Fiskisögu:** Dalvegur 4, Tjarnarvellir 15, Búðakór 1
**Sælkerabúðir Fiskisögu:** Hamraborg 14a, Skipholt 70, Höfðabakki 1, Nesvegur 100
Sundlaugarvegur 12, Háaleitisbraut 58-60, Ægisbraut 29, Akranesi

## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Mér finnst meiri músík í þessu en tölvupoppi.“*

Daníel Ágúst Haraldsson tónlistarmaður tjáir sig um Bítlana í Pressunni árið 1991.

„Ég var ungur og óharðnaður á þessum tíma og átti eftir að kynnast töfraheimi tölvutónlistarinnar. Tölvupoppið er ótrúlega fjölbreytt og er ennþá að koma mér á óvart,“ segir Daníel Ágúst nú. „Bítlarnir eru samt alltaf sígildir.“

# Sanngjörn viðskipti á Laugaveginum

Fyrsta Fair Trade-búðin á Íslandi var opnuð í gær við Laugaveg 20 b. Það eru mæðgurnar Ásdís Ósk Einarsdóttir og Arndís Harpa Einarsdóttir sem reka búðina en Ásdís kynntist Fair Trade fyrst á Nýja-Sjálandi. „Ég bjó á Nýja-Sjálandi í þrjú ár og dag einn rakst ég á Fair Trade-búð og leist svona rosalega vel á. Fair Trade er þýtt sem sanngjörn viðskipti af Hjálparstarfi kirkjunnar,“ segir Ásdís sem hefur kynnt sér málefnið vel.

„Fair Trade eru alþjóðleg samtök sem eru með það markmið að auka jafnræði á vinnumarkaðnum. Það sem þarf til þess að fyrirtæki fái vottunarstimpil frá Fair Trade er til dæmis að á vinnustaðnum ríki jafnrétti, þar séu öruggar vinnuaðstæður og ekki meira en átta tíma vinnudagur. Tilgangurinn er að framleiðendur fái sanngjarnt verð fyrir vöruna en fyrirtæki frá þróunarlöndum þurfa oft að borga fjórfalt hærri tolla og neyðast til að selja vöruna undir kostnaðarverði. Þeir eru þá í rauninni að vinna frítt,“ segir Ásdís og bætir því við að það sé samfélagsleg ábyrgð okkar sem neytendur að versla við réttu fyrirtækin.

Í búð þeirra mæðgna verður ýmislegt á boðstólum og er lögð áhersla á gott verð. „Við verðum með matvöru, te og kaffi, krydd og alls konar sælgæti. Auk þess bjóðum við upp á leikföng, búsáhöld, bolla og skálar, ritföng, skartgripi og bara ýmsa spennandi smáhluti sem allir eru á sérlega góðu verði.“ - bor



**OPNA FAIR TRADE-BÚÐ** Mæðgurnar Arndís Harpa Einarsdóttir og Ásdís Ósk Einarsdóttir hafa opnað fyrstu Fair Trade-búðina á Íslandi þar sem seldir verða ýmsir smáhlutir á góðu verði. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**LÁRÉTT 2.** félagi **6.** mjöður **8.** skil **9.** lærdómur **11.** 950 **12.** vínblanda **14.** tildur **16.** drykkur **17.** svíf **18.** struns **20.** kringum **21.** samstæða.
**LÓÐRÉTT 1.** yfirbyggður vegur **3.** í röð **4.** ágiskun **5.** angan **7.** avókadó **10.** sægur **13.** klettasprunga **15.** afkvæmi **16.** ósigur **19.** íþróttafélag.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. máti, 6. öl, 8. bil, 9. nám, 11. lim, 12. grogg, 14. prjál, 16. te, 17. áta, 18. ark, 20. um, 21. para.
**LÓÐRÉTT:** 1. göng, 3. áb, 4. tilgátu, 5. ilm, 7. lárpera, 10. mor, 13. gjá, 15. lamb, 16. tap, 19. kr.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Á Suðurlandi
2. Andy Gray
3. Bernd Ogrodnik

SINDRI SINDRASON: REYNIR FYRIR SÉR Á NÝJUM VETTVANGI

# Auðkýfingur kaupir hlut í galleríi í miðborginni

„Þetta er nú engin stóreflisfjárfesting. Það er mikill listaáhugi í fjölskyldunni og þess vegna tókum við þátt í þessu,“ segir auðkýfingurinn Sindri Sindrason, hluthafi og stjórnarmaður í Actavis, sem ásamt fjölskyldu sinni hefur keypt stóran hlut í Gallerí Turpentine við Ingólfsstræti. Kaupverðið er ekki gefið upp en samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hleypur það á tugum milljóna króna.

Sveinn Þórólfsson, aðaleigandi gallerísins, vildi lítið tjá sig um málið við Fréttablaðið en ljóst er að með tilkomu Sindra og fjölskyldu í eigendahópinn verður til fjármagn sem ætti að geta aukið enn frekar á ört vaxandi hróður gallerísins. Og sjálfur útilokar Sindri ekki að Turpentine muni stækka við sig á næstunni. „Eru menn ekki alls staðar að reyna að stækka og gera betur?“

Að sögn eiginkonu Sindra, Kristbjargar Sigurðardóttur, hefur það lengi blundað í fjölskyldunni að koma að slíkri starfsemi. „Við höfum verið viðskiptavinir hjá Turpentine og höfum heillast af þeirri starfsemi sem þarna hefur verið í gangi. Þetta er glæsilegt gallerí og býður upp á mikla möguleika,“ segir Kristbjörg.

Ingunn Dögg, dóttir þeirra hjóna, er menntuð í forvörslu frá Flórens á Ítalíu og mun koma mikið að starfi Turpentine í nánustu framtíð og svo er sonurinn Sindri Sindrason, aðstoðarmaður Jóns Ásgeirs Jóhannessonar hjá Baugi, auk þess mikill listunnandi.

Í dag er Gallerí Turpentine starfrækt í 300 fermetra húsnæði við Ingólfsstræti en það var stofnað í upphafi ársins 2005 af fyrrnefndum Sveini og Guðrúnu Gunnarsdóttur. Þau munu áfram eiga hlut í galleríinu þrátt fyrir að hafa selt hluta þess til Sindra og fjölskyldu. Margir af athyglisverðustu listamönnum þjóðarinnar sýna verk sín í Turpentine, þar á meðal Jón Sæmundur Auðarson, Steingrímur Eyfjörð, Guðrún Vera Hjartardóttir og Hallgrímur Helgason. vignir@frettabladid.is




**GALLERÍ TURPENTINE** Er í 300 fermetra húsnæði við Ingólfsstræti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**FEÐGAR OG NAFNAR** Sindri Sindrason eldri og yngri ætla að reyna fyrir sér í listaheiminum á næstunni en öll stórfjölskyldan hefur mikinn áhuga á listum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Ný útgáfa kvikmyndarinnar Hvíta víkingsins verður frumsýnd hér á landi í haust. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá ákvað leikstjórinn **Hrafn Gunnlaugsson** að láta gamlan draum rætast og ganga frá sinni útgáfu af myndinni, þeirri útgáfu sem hann vildi alltaf sjá af myndinni. Stórleikkonan **Marie Bonnevie**, sem lék í Hvíta víkingnum, hefur boðað sig hingað til lands á frumsýninguna. Bonnevie mun hafa sagt að annað kæmi ekki til greina, enda hefur hún alltaf verið ósátt við hvernig endanleg útgáfa myndarinnar var, og er Hrafni afar þakklát fyrir að hnýta þennan lausa enda á ferlinum.

Stórleikarinn **Pálmi Gestsson** liggur nú á spítala og jafnar sig eftir óhapp í hestaferð í byrjun vikunnar. Eins og kom fram á þessari síðu í gær lenti Pálmi á óþekkri meri í hestaferðinni. Merin tók á rás áður en hann gat komist í bæði ístöðin og fyrir vikið hentist hann fram og tilbaka í hnakknum með þeim afleiðingum að lífbeinið gliðnaði um 2-3 sentímetra. **Sigurlaug Halldórsdóttir**, kona Pálma, þykir einstakur húmoristi og var fljót að finna spaugilega hlið á þessu annars leiðinlega atviki. Sagði Sigurlaug að hingað til hefði hún talið að einungis konur fengju grindargliðnun. Pálmi hefði hins vegar sannað að svo væri ekki, hann hefði gliðnað svo mikið að hann gæti fætt 18 marka barn.



-hdm

FL GROUP

**FL Group hf., kt. 601273-0129, hefur gefið út lýsingar vegna skráningar á tveimur víxilflokkum samtals að fjárhæð ISK 10.000.000.000 sem Kauphöll Íslands hefur samþykkt og gert aðgengilegar almenningi frá og með 29. júní 2007.**

Eftirfarandi víxlaflokkar hafa verið gefnir út:

- Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 5.000.000.000 var gefinn út þann 13. nóvember sl. og er auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands FL 07 1112 og ISIN nr. IS0000013654. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 12. nóvember 2007. Víxlarnir verða skráðir í Kauphöll Íslands þann 29. júní 2007
- Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 5.000.000.000 var gefinn út þann 16. maí sl. og er auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands FL 08 0516 og ISIN nr. IS0000014835. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 16. maí 2008. Víxlarnir verða skráðir í Kauphöll Íslands þann 29. júní 2007

Skráningarlýsingu er hægt að nálgast hjá útgefanda FL Group hf., Suðurlandsbraut 12, 108 Reykjavík og á vefsetri útgefanda www.flgroup.is. Umsjónaraðili skráningarinnar er Kaupþing banki hf.

Reykjavík, 29. júní, 2007.

KAUPÞING

# Kúrekar hertaka netið

„Það er mjög gaman að þessu enda er verið að hlusta á þetta alls staðar í heiminum; Kína, Belgíu, Danmörku og svona mætti lengi telja,“ segir Hallbjörn Hjartarson en framtak hans og félaga hjá Útvarpi Kántríbæ um að setja dagskrána á netið hefur mælst ótrúlega vel fyrir. Talið er að yfir fimm hundruð manns hlusti reglulega á útsendingarnar og samkvæmt vefsíðunni kantry.is eru á milli 900 og 1.000 flettingar á síðunni.

Útvarpi Kántríbæ var lokað í enda febrúar á þessu ári vegna fjárhagsvandræða en ekki var þá loku fyrir það skotið að það yrði opnað aftur. Og Hallbjörn var ekki lengi aftur upp á afturfæturna því í maí tilkynnti hann að útvarpið væri aftur opið og þá á netinu.

Hallbjörn var hins vegar ekki par sáttur með þá þjónustu Símans því síðan væri oft og iðulega að frjósa og það ylli nokkrum vandkvæðum við útsendingar. „Ég hellti mér nú yfir þá bara áðan og þeir lofuðu að koma og gera við þetta. Þetta gengur náttúrlega ekki enda er ég búinn að borga fullt verð fyrir þetta,“ segir Hallbjörn sem var að vonum sáttur með vinsældirnar.

Hallbjörn segir að hann fái nú ekki mikið af tölvupósti í gegnum netið en þó. Hann kjósi hins vegar ekki að svara erlendum pósti. „Hins vegar er gaman að við kúrekarnir skulum vera að hertaka netið,“ bætti hann við og kynnti inn næsta lag. - fgg



**HALLBJÖRN** Vinsældir kántríútvarpsins eru ótvíræðar og kúreki norðursins var að vonum sáttur.

TÖLVUVERSLUN

*með þjónustuna í lagi*

# *HÁGÆÐA* ***PATRIOT*** *MINNI*

## - á kynningarverði



**1GB 667MHz**

PATRIOT MINNI MEÐ KÆLIPLÖTU

**AÐEINS kr. 2.990**



**1GB SD KORT**

PATRIOT MICRO 60X 1GB SD

**AÐEINS kr. 3.490**



**2GB SD KORT**

PATRIOT MICRO 60X 2GB SD

**AÐEINS kr. 5.990**



**1GB COMPACT FLASH**

PATRIOT COMPACT FLASH 1GB

**AÐEINS kr. 2.990**



**2GB COMPACT FLASH**

PATRIOT COMPACT FLASH 2GB

**AÐEINS kr. 3.990**



**1GB SD KORT**

PATRIOT HI-SPEED 40X 1GB SD

**AÐEINS kr. 2.990**



**1GB SD KORT**

PATRIOT HI-SPEED 40X 2GB SD

**AÐEINS kr. 3.990**

## HÁGÆÐA ASUS SKJÁKORT



**Asus 7600GS 256MB**

- GeForce 7600GTS - Viftulaust
- 256MB DDR2, PCI Express X16
- VGA - DVI - HDTV Output

**AÐEINS kr. 10.990**



**ASUS EN8600GTS 256MB**

- GeForce 8600GTS - 256MB DDR3
- PCI Express X16 - VGA - DVI - TV Output
- HDCP - DirectX 10 stuðningur

**AÐEINS kr. 22.990**



**ASUS 8800GTS 320MB**

- GeForce 8800GTS -320MB DDR3
- PCI Express X16 - VGA - DVI - TV Output
- HDCP - DirectX 10 stuðningur

**AÐEINS kr. 31.990**

## MINNISLYKLAR



**1GB USB MINNISLYKILL**

**AÐEINS kr. 1.990**

**2GB USB MINNISLYKILL**

**AÐEINS kr. 2.990**

**4GB USB MINNISLYKILL**

**AÐEINS kr. 4.990**

**8GB USB MINNISLYKILL**

**AÐEINS kr. 9.990**

SJÁIÐ FRÁBÆRT ÚRVAL TÖLVUBÚNAÐAR Í VERSLUN OKKAR

# TAKKAR

**TÖLVUVERSLUN** - SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 534 1000 - TAKKAR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000






BAKÞANKAR
BERGSTEINS SIGURÐSSONAR

# Olía á eldinn

Þýðandi sem ég þekki sagði mér á dögunum frá bandarískum reyfara sem hann las og gerðist í olíuhreinsunarstöð. Hann taldi ólíklegt að hægt væri að snara henni yfir á íslensku; alltof mörg orð sem lutu að þessum iðnaði væri ekki að finna í okkar tungumáli. Það myndi þó lagast ef reist yrði olíuhreinsunarstöð vestur á fjörðum og eftir aðeins örfá ár væri hægt að gefa reyfarann út í íslenskri þýðingu. Þetta er enn sem komið er skásta röksemdin ég hef heyrt fyrir olíuhreinsunarstöð á Vestfjörðum.

**HAFT** er fyrir satt að olíuhreinsunarstöð myndi skaffa fimm hundruð manns atvinnu. Sú tala hljómar skiljanlega vel þegar hvert áfallið á fætur öðru dynur yfir Vestfirði. Slíkar fréttir eru reyndar ekki nýlunda en þó hefur atvinnuleysi á Íslandi ávallt mælst minnst fyrir vestan. Vestfirðingar eru með öðrum orðum manna duglegastir við að finna sér vinnu. Fólksfækkunin þar skýrist ekki af atvinnuleysi. Ungt fólk fer að heiman, menntar sig og sækist eftir atvinnutækifærum sem það finnur ekki í heimahögunum. Olíuhreinsunarstöð breytir því ekki. Hún skapar ekki afleidd störf, heldur afleit.

**TILGANGUR** olíuhreinsunarstöðvarinnar er í grunninn að fjölga fólki á Vestfjörðum, ekki störfum. Sem segir að ef búa á til fimm hundruð störf þarf að flytja litlu færra fólk þangað til að sinna þeim. Í ljósi þess að atvinnuleysi á Íslandi er minna en hollt þykir gefur auga leið að vinnuaflið kæmi frá útlöndum. Gott og vel. Ef við ætlum á annað borð að flytja 500 til landsins á einu bretti til að manna heila atvinnugrein, virðist olíuhreinsunarstöð ekkert sérstaklega nærtæk starfsemi. Sagt hefur verið: „Einhvers staðar þarf að hreinsa olíu.“ Vissulega. En einhvers staðar þarf líka að búa til tannkrem, regnhlífar eða skóreimar. Vissuð þið að á sjöttu hverri sekúndu slitnar skóreim einhvers staðar í heiminum? (Ég veit reyndar ekkert um það, en það hljómar sennilega).

**LÁTUM** vera að þessi hroðalegu mannvirki sem olíuhreinsunarstöðvar eru láta kerskála líta út eins og Guggenheim-safnið í samanburði. Það koma hins vegar á mig vöflur þegar menn nota það hróðugir sem röksemd *með* starfseminni að Vestfirðingar gætu þá státað af öflugasta slökkviliði landsins. Svona ef ske kynni að faktorían spryngi í loft upp, eins og í Noregi fyrir skemmstu, nú eða ef draga þyrfti einn olíukláfinn af strandstað.

**EÐLILEGA** er farið að fjúka í Vestfirðinga eftir að hafa verið látnir sitja á hakanum áratugum saman. Vestfirðir eru ekki einu sinni partur af hringveginum í kringum landið! Enda kannski óábyrgt að vísa ferðamönnum á landshluta þar sem stjórnvöld hafa trassað að uppfylla lágmarksöryggi á vegum. Knýjandi aðstæður gera olíuhreinsunarstöð samt sem áður ekki að fýsilegum kosti. Vond hugmynd verður ekki betri við að breytast í örþrifaráð.

